



HVAÐ KENNIR BIBLÍAN?

HVAÐ KENNIR BIBLÍAN?

EIGANDI BÓKARINNAR

Rétthafar mynda: ■ Bls. 7: Með góðfúslegu leyfi American Bible Society. ■ Bls. 19: Jörðin: Geimvísindastofnun Bandaríkjanna. ■ Bls. 24-5: Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin. Ljósmynd: Edouard Boubat. ■ Bls. 88-9: Sprenging: Gerð eftir ljósmynd frá Bandaríska flughernum. Barn: Gerð eftir ljósmynd frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, W. Cutting.

© 2005

Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania
What Does the Bible Really Teach?

© 2005

Wachturm Bibel- und Traktat-Gesellschaft
der Zeugen Jehovas, e. V., Selters/Taunus
Hvað kennir Biblían?

Útgefandi: Vottar Jehóva

Prentað í desember 2013

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri
biblíufraeðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 1981 nema annað sé tekið fram.
Leturbreytingar eru okkar.


What Does the Bible Really Teach?
Icelandic (bh-IC)

Made in Germany
Prentað í Þýskalandi
Druck und Verlag: Wachturm-Gesellschaft, Selters/Taunus

EFNISYFIRLIT

KAFLI	BLAÐSÍÐA
Ætlaðist Guð til að lífið yrði svona?	3
1. Hver er sannleikurinn um Guð?	8
2. Biblían – bók frá Guði	18
3. Hvað ætlast Guð fyrir með jörðina?	27
4. Hver er Jesús Kristus?	37
5. Lausnargjaldið – mesta gjöf Guðs	47
6. Hvar eru hinir dónu?	57
7. Láttnir ástvinir verða reistir upp	66
8. Hvað er Guðsríki?	76
9. Lifum við á „síðustu dögum“?	86
10. Hvaða áhrif hafa andaverur á okkur?	96
11. Af hverju leyfir Guð þjáningar?	106
12. Líferni sem gleður Guð	115
13. Virðing fyrir lífinu	125
14. Hamingjuríkt fjölskyldulíf	134
15. Tilbeiðsla sem Guð hefur velþóknun á	144
16. Taktu skýra afstöðu með sannri tilbeiðslu	154
17. Styrktu tengslin við Guð með bæninni	164
18. Skírni og samband þitt við Guð	174
19. Varðveittu þig í kærleika Guðs	184
Viðauki	194

Ætlaðist Guð til að lífið yrði svona?



ÞÚ LÍTUR í dagblað, kveikir á sjónvarpinu eða hlustar á útvarpið. Alls staðar eru fréttir af hryðjuverkum, stríðsátökum og glæpum. Þú leiðir hugann að þínum eigin erfiðleikum. Kannski átt þú við veikindi að stríða eða hefur misst ástvin. Þér líður ef til vill eins og Job sem sagðist vera „þjak- aður af eynd“. — Jobsbók 10:15.

Þú gætir spurt þig:

- Ætlaði Guð mér og öðrum mönnum þetta hlutskipti?
- Hvar get ég fengið hjálp til að glíma við vandamál mín?
- Er nokkur von um frið á jörð?

Bíblían svarar þessum spurningum skýrt og skilmerkilega.



**BIBLÍAN KENNIR AÐ GUÐ ÆTLI
AÐ GERA ALLAR ÞESSAR
BREYTINGAR HÉR Á JÖRÐ.**

*„Hann mun þerra hvert tár af
augum þeirra. Og dauðinn mun ekki
framar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl
er framar til.“ — Opinberunarbókin 21:4.*

*„Þá mun hinn halti
léttu sér sem hjörtur.“
— Jesaja 35:6.*

*„Þá munu augu
hinna blindu
upp lúkast.“
— Jesaja 35:5.*



*„Allir þeir, sem í gröfunum
eru, munu . . . ganga fram.“
— Jóhannes 5:28, 29.*

*„Enginn borgarbúi
mun segja:
,Ég er sjúkur.’“
— Jesaja 33:24.*

*„Gnóttir korns
munu vera í landinu.“
— Sálmur 72:16.*

NÝTTU ÞÉR TIL GÓÐS ÞAÐ SEM BIBLÍAN KENNIR

Það sem brugðið er upp á opnunni hér á undan eru engir draumórar. Kynntu þér það áður en þú vísar því á bug. Guð hefur lofað að koma því til leiðar. Og því er lýst í Biblíunni hvernig hann ætlar að fara að því.

En Biblían lætur ekki þar við sitja heldur getur hún einnig hjálpað þér að njóta gæfu og gleði við núverandi aðstæður. Leiddu hugann eitt andartak að þeim áhyggjum og erfiðleikum sem þú átt við að glíma. Kannski gengur þér illa að láta enda ná saman, átt við vanheilsu að stríða, hefur misst ástvin eða átt í erfiðleikum í fjölskyldulífinu. Biblían getur hjálpað þér að takast á við vandamál líðandi stundar, og hún getur létt undir með þér af því að hún svarar áleitnum spurningum eins og þessum:




- *Hvers vegna þjáumst við?*
- *Hvernig getum við tekist á við áhyggjur lífsins?*
- *Hvernig getum við gert fjölskyldulífið hamingjusamara?*
- *Hvað verður um okkur þegar við deyjum?*
- *Eigum við nokkurn tíma eftir að sjá látna ástvini á ný?*
- *Hvernig getum við treyst að Guð uppfylli loforð sín um framtíðina?*

Það eitt að þú skulir vera að lesa þessa bók er merki þess að þig langi til að kynna þér hvað Biblían kennir. Þessi bók getur hjálpað þér til þess. Eins og þú sérð eru efnisgreinarnar númeraðar. Neðst á síðunni er að finna spurningar með samsvarandi númerum. Milljónir manna hafa stuðst við spurningar og svör til að kynna sér Biblíuna með aðstoð votta Jehóva. Við vonum að þú gerir það líka. Það er bæði auðgandi og spennandi að kanna efni Biblíunnar. Það er bæn okkar að Guð blessi viðleitni þína til þess.

KYNNTU ÞÉR BIBLÍUNA

BIBLÍAN er samsett úr 66 bókum og bréfum. Þeim er skipt í kafla og vers til að auðveldara sé að vísa í ákveðna staði. Þegar vísað er í ritningarstaði í þessari bók táknar fyrsta talan á eftir heiti biblíubókarinnar kaflann í bókinni og næsta tala versid. Tilvísunin „2. Tímóteusarbréf 3:16“ merkir síðara bréfið til Tímóteusar, 3. kafla, 16. vers, svo dæmi sé tekið.

Þú kynnist Biblíunni fljótt ef þú flettir upp á ritningarstöðunum sem vísað er í hér í bókinni. Og væri ekki þjóðráð að lesa daglega í Biblíunni? Ef þú lest þrjá til fimm kafla á dag kemst þú yfir alla Biblíuna á einu ári.



Hver er sannleikurinn um Guð?

Er Guði annt um okkur mennina?

Hvernig er Guð? Heitir hann eitthvað?

Er hægt að eiga náið samband við Guð?

HEFURÐU tekið eftir hvernig börn spyrja spurninga? Oft byrjar spurningaflóðið um leið og þau læra að tala. Þau horfa á þig stórum augum og spyrja: Af hverju er himinninn blár? Ur hverju eru stjörnurnar búnar til? Hver kenndi fuglum að syngja? Þú svarar eins vel og þú getur en það er ekki alltaf auðvelt. Þó að þú svarir þrýðilega máttu alltaf búast við að barnið spyrji áfram: Af hverju?

² Það eru ekki bara börnin sem spyrja spurninga. Við höldum áfram að spyrja þegar við vöxum úr grasi, til að rata rétta leið, þekkja inn á hættur sem við þurfum að forðast og svara forvitninni. Margir virðast hins vegar hætta að spyrja með tímanum, einkum þeirra spurninga sem skipta mestu máli. Þeir hætta að minnsta kosti að leita svara.

³ Líttu á spurninguna á bókarkápunni, spurningarnar

- 1, 2. Af hverju er oft gott að spyrja spurninga?
3. Af hverju hætta margir að leita svara við þeim spurningum sem mestu máli skipta?



í formálanum eða spurningarnar í byrjun þessa kafla. Þetta eru meðal þýðingarmestu spurninga sem hægt er að spyrja. Margir hafa samt gefist upp á að leita svara við þeim. Af hverju? Svarar Biblían þeim? Sumum finnst erfitt að skilja svör hennar. Aðrir hika við að spyrja af ótta við að verða sér til skammar. Og sumir hugsa sem svo að það sé verkefni guðfræðinga og trúarbragðakennara að svara svona spurningum. Hvað finnst þér?

⁴ Að öllum líkindum hefurðu áhuga á að fá svör við stóru spurningunum í lífinu. Sennilega veltirðu stundum fyrir þér hver sé tilgangur lífsins, hvort þetta líf sé allt og sumt og hvernig Guð sé í raun og veru. Það er skynsamlegt að spyrja slíkra spurninga og mikilvægt að hætta ekki fyrr en maður fær góð og áreiðanleg svör. Jesús Kristur, sem var sjálfur frægur kennari, sagði: „Biðjið, og yður mun gefast, leitið, og þér munuð finna, knýið á, og fyrir yður mun upp lokið verða.“ — Matteus 7:7.

⁵ Þú uppskerð árangur erfiðis þíns ef þú heldur áfram að leita svara við mikilvægu spurningunum og gefst ekki upp. (Orðskviðirnir 2:1-5) Þótt sumir haldi öðru fram þá er hægt að fá svör og þú getur fundið þau — í Biblíunni. Svörin eru ekki ofvaxin skilningi þínum heldur geta þau glatt þig og gefið þér von. Og þau geta veitt þér lífsfyllingu hér og nú. Við skulum byrja á því að leita svars við spurningu sem hefur vafist fyrir mörgum.

ER GUÐ AFSKIPTALOUS OG HARÐBRJÓSTA?

⁶ Margir halda að svo hljóti að vera. Þeir hugsa sem svo að heimurinn hlyti að vera allt öðruvísi ef Guð léti sér annt um mennina. Styrjaldir, hatur og eynd blasa við

4, 5. Nefndu dæmi um einhverjar af mikilvægustu spurningum lífsins. Hvers vegna ættum við að leita svara við þeim?

6. Hvers vegna halda margir að Guði standi á sama um þjáningar mannanna?

okkur hvert sem litið er. Við veikjumst, þjáumst og missum ástvini í dauðann. Margir spyrja hvort Guð myndi ekki koma í veg fyrir svona lagað ef hann léti sér annt um okkur.

⁷ Ekki bætir það úr skák að kennarar í ýmsum trúflokku koma þeirri hugmynd stundum inn hjá fólki að Guð sé harðbrjósta. Hvernig gera þeir það? Þeir segja að það sé vilji Guðs þegar harmleik ber að garði. Í raun réttir eru þeir að kenna Guði um bágindi manna. Er þetta sannleikurinn um Guð? Kennir Biblían þetta virkilega? Í Jakobsbréfinu 1:13 er svarað: „Enginn má segja, er hann verður fyrir freistingu [eða prófraunum og erfiðleikum]: ‚Guð freistar mín.‘ Guð getur eigi orðið fyrir freistingu af hinu illa, enda freistar hann sjálfur einskis manns.“ Illskan, sem við sjáum í kringum okkur í heiminum, er *aldrei* Guði að kenna. (Jobsbók 34:10-12) Hann leyfir að vísu að margt gerist sem er miður gott en það er mikill munur á því að *leyfa* eitthvað og *valda* því.

⁸ Hugsum okkur vitran og ástríkan föður. Hann á fullvaxta son sem býr enn í föðurhúsum. Sonurinn gerist þrjúskur og þver og ákveður að flytja að heiman. Faðirinn reynir ekki að hindra hann. Sonurinn leggst í ólifnað og kemur sér í mikla erfiðleika. Eru vandræði sonarins *föðurnum* að kenna? Auðvitað ekki. (Lúkas 15:11-13) Guð hefur ekki heldur stöðvað mennina þegar þeir hafa valið að fara út á ranga braut, en erfiðleikar þeirra eru ekki *honum* að kenna. Það er alls ekki sanngjarnt að saka Guð um öll bágindi manna.

7. (a) Hvernig hafa kennarar ýmissa trúflokka talið mörgum trú um að Guð sé harðbrjósta? (b) Hvað kennir Biblían um prófraunir sem við lendum í?

8, 9. (a) Geturðu lýst með dæmi hvaða munur er á því að leyfa eitthvað illt og valda því? (b) Af hverju er ekki sanngjarnt að ásaka Guð fyrir að leyfa mannkyninu að halda áfram á rangri braut?

⁹ Guð hefur góðar og gildar ástæður fyrir því að leyfa mönnunum að halda áfram á rangri braut. Skapari okkar er vitur og völdugur og honum ber engin skylda til að gera okkur grein fyrir því hverjar ástæðurnar eru. En hann gerir það vegna þess að hann elskar mennina. Við fjöllum meira um þessar ástæður í 11. kaflanum. Þú mátt hins vegar treysta því að Guð á ekki sök á þeim erfiðleikum sem við eigum við að etja heldur veitir okkur einu áreiðanlegu vonina um að þeir taki enda. — Jesaja 33:2.

¹⁰ Guð er líka heilagur. (Jesaja 6:3) Það merkir að hann er hreinn. Hann er algerlega laus við alla illsku þannig að við getum treyst honum fullkomlega. Það er meira en sagt verður um mennina sem eiga það til að verða spilltir. Heiðarlegustu leiðtogar ráða oft ekki við að bæta það tjón sem vondir menn valda. En Guð er almáttugur. Hann getur gert að engu þær afleiðingar sem illskan hefur haft fyrir mannkynið og hann mun gera það. Þegar Guð tekur í taumana gerir hann það þannig að illskan tekur enda fyrir fullt og allt! — Sálmur 37:9-11.

HVAÐ FINNST GUÐI UM RANGLÆTIÐ SEM VIÐ MEGUM ÞOLA?

¹¹ En hvað finnst Guði um það sem er að gerast núna í heiminum og í lífi þínu? Biblían kennir að Guð hafi „mætur á réttlæti“ þannig að hann hefur sterka tilfinningu fyrir því hvað sé rétt og rangt. (Sálmur 37:28) Hann hatar hvers kyns ranglæti. Í Biblíunni segir að honum hafi ‚sárnað í hjarta sínu‘ þegar heimurinn fylltist mannvönsku endur fyrir löngu. (1. Mósebók 6:5, 6) Guð hefur

10. Hvers vegna megum við treysta að Guð geri að engu allar afleiðingar illskunnar?

11. (a) Hvernig lítur Guð á ranglæti? (b) Hvað finnst Guði um það að þú þjáist?

ekki breyst. (Malakí 3:6) Það tekur hann enn þá sárt að horfa upp á þjáningarnar sem eiga sér stað um allan heim. Hann vill ekki að fólk þjáist. Biblían segir að hann ‚beri umhyggju fyrir okkur‘. — 1. Pétursbréf 5:7.

¹² Hvernig getum við verið viss um að Guði þyki sárt að horfa upp á þjáningar? Lítum á aðra sönnun fyrir því. Biblían kennir að maðurinn sé skapaður eftir mynd Guðs. (1. Mósebók 1:26) Við höfum sem sagt góða eiginleika af því að Guð hefur góða eiginleika. Finnst þér sárt að horfa upp á fólk þjást án þess að hafa nokkuð til saka unnið? Úr því að slíkt ranglæti fær á þig máttu vera viss um að það fær enn meira á Guð.

***Ertu ekki vanur
að segja hvað þú
heitir þegar þú vilt
gefa öðrum tækifæri
til að kynnast þér?
Guð opinberar okkur
nafn sitt í Biblíunni.***

¹³ Eitt það besta í fari manna er hæfileikinn að elska. Hann endurspeglar líka eiginleika Guðs. Biblían kennir að ‚Guð sé kærleikur‘. (1. Jóhannesarbréf 4:8) Við elskum vegna þess að Guð elskar. Myndi kærleikurinn fá þig til að binda enda á ranglætið í heiminum ef þú hefðir vald og mátt til þess? Auðvitað! Þú mátt vera jafnviss um að Guð bindur enda á þjáningar og ranglæti. Loforðin, sem eru nefnd í formála bókarinnar, eru engin óskhyggja eða draumórar. Það er algerlega öruggt að loforð Guðs rætist. En til að trúá á þau þarftu að vita meira um þann sem gaf þau.

12, 13. (a) Af hverju höfum við góða eiginleika eins og kærleika og hvaða áhrif hefur það á okkur? (b) Hvers vegna getum við treyst að Guð bindi enda á vandamálin í heiminum?





*Biblían kennir að Jehóva sé
kærleiksrikur skapari alheimsins.*

GUÐ VILL AÐ ÞÚ VITIR HVER HANN ER

¹⁴ Hvað gerum við yfirleitt ef við viljum gefa annarri manneskju færi á að kynnst okkur? Erum við ekki vön að segja hvað við heitum? Heitir Guð eitthvað? Margir trúflokkar kenna að hann heiti „Guð“ eða „Drottinn“ en það eru ekki eiginnöfn heldur titlar, rétt eins og „konungur“ og „forseti“. Biblían kennir að Guð eigi sér marga titla, þeirra á meðal „Guð“ og „Drottin“. En hún kennir líka að Guð eigi sér nafn og nafnið er Jehóva. Í 2. Mósebók 6:3 (neðanmáls) segir: „Ég birtist Abraham, Ísak og Jakob sem

14. Hvað heitir Guð og hvers vegna ættum við að nota nafn hans?

Almáttugur Guð, en undir nafninu Jahve [eða Jehóva] hefi ég eigi opinberast þeim.“ Ef nafn Guðs stendur ekki í biblíunni þinni gætirðu kynnt þér ástæðuna fyrir því, en hún er skýrð í viðaukanum á bls. 195-97. Nafnið stendur mörg þúsund sinnum í fornum biblíuhandritum, þannig að Guð vill greinilega að þú þekkir það og notir. Það má orða það þannig að hann noti Biblíuna til að kynna sig fyrir þér.

¹⁵ Guð gaf sjálfum sér mjög merkingarríkt nafn. Nafnið Jehóva merkir að hann geti uppfyllt öll loforð sem hann gefur og gert hvaðeina sem hann ætlar sér.* Þetta nafn á sér engan sinn líka. Enginn ber það nema hann, enda er hann einstakur á margan hátt. Lítum á dæmi.

* Nánari upplýsingar um merkingu og framburð nafns Guðs er að finna í viðaukanum á bls. 195-97.

15. Hvað merkir nafnið Jehóva?

*Föðurástin
endurspeglar
þá sterku ást
sem faðirinn
á himnum ber
til okkar.*



¹⁶ Í Sálmi 83:19 er sagt að Jehóva sé „*Hinn hæsti yfir allri jörðunni*“. Hann einn er kallaður „almáttugur“, „alvaldur“ og „hinn Almáttki“. Í Opínberunarbókinni 15:3 segir: „Mikil og dásamleg eru verkin þín, Drottinn Guð, þú alvaldi, réttlátir og sannir eru vegir þínir, þú konungur aldanna.“ Ávarpið „þú alvaldi“ gefur til kynna að Jehóva sé völdugasta og máttugasta vera sem til er. Hann fer með æðsta vald í alheimi. Og titillinn „konungur aldanna“ minnir á annað sem gerir Jehóva einstakan. Hann einn hefur alltaf verið til. Sálmur 90:2 segir: „Frá eilífð til eilífðar ert þú, ó Guð.“ Þessi tilhugsun vekur óneitanlega með okkur lotningu.

¹⁷ Jehóva er sömuleiðis einstakur vegna þess að hann einn er skaparinn. Opínberunarbókin 4:11 segir: „Verður ert þú, Drottinn vor og Guð, að fá dýrðina og heiðurinn og máttinn, því að þú hefur skapað alla hluti, og fyrir þinn vilja urðu þeir til og voru skapaðir.“ Allt sem þú getur ímyndað þér — allt frá ósýnilegum andaverum á himnum til stjarna á næturhimni, ávaxta sem vaxa á trjánum og fiska sem synda í höfum og ám — allt er þetta til vegna þess að Jehóva er skaparinn!

GETURÐU ÁTT NÁIÐ SAMBAND VIÐ JEHÓVA?

¹⁸ Sumir verða eilítið órólegir þegar þeir lesa um mikilfenglega eiginleika Jehóva. Þeir óttast að hann sé svo hátt yfir þá hafinn að þeir geti hvorki átt náíð samband við hann né skipt hann nokkru máli. En er það svo? Biblían kennir raunar hið gagnstæða. Hún segir að Jehóva sé ‚eigi langt frá neinum af oss‘. (Postulasagan 17:27) Hún hvetur okkur jafnvel til að ‚nálægja okkur Guði‘ og segir að þá ‚muni hann nálgast okkur‘. — Jakobsbréfið 4:8.

16, 17. Hvað lærum við af því að Jehóva skuli kallaður (a) ‚hinn alvaldi‘? (b) ‚konungur aldanna‘? (c) ‚skapari‘?

18. (a) Hvers vegna óttast sumir að þeir geti aldrei eignast náíð samband við Guð? (b) Hvað kennir Biblían?

¹⁹ Hvernig geturðu nálægt þig Guði? Fyrsta skrefið er að halda áfram að kynnast honum eins og þú ert að gera núna. Jesús sagði: „Það er hið eilífa líf að þekkja þig, hinn eina sanna Guð, og þann sem þú sendir, Jesú Krist.“ (Jóhannes 17:3) Biblían kennir að við getum hlotið eilíft líf ef við kynnumst Jehóva og Jesú. „Guð er kærleikur,“ eins og áður hefur komið fram en hann hefur marga fleiri aðlaðandi eiginleika. (1. Jóhannesarbréf 4:16) Biblían segir til dæmis að Jehóva sé „miskunnsamur og líknsamur Guð, þolinmóður, gæskuríkur og harla trúfastur“. (2. Mósebók 34:6) Hann er „góður og fús til að fyrirgefa“. (Sálmur 86:5) Hann er langlyndur og þolinmóður við okkur. (2. Pétursbréf 3:9) Þegar þú lest í Biblíunni kemstu að raun um hvernig Jehóva hefur sýnt alla þessa aðlaðandi eiginleika og marga fleiri.

²⁰ Þú sérð auðvitað ekki Guð því að hann er ósýnilegur andi. (Jóhannes 1:18; 4:24; 1. Tímóteusarbréf 1:17) Þú getur hins vegar kynnst honum sem persónu með því að lesa um hann í Biblíunni. Þú getur „skoðað yndisleik“ Jehóva eins og sálmaritarinn orðaði það. (Sálmur 27:4; Rómverjabréfið 1:20) Því meira sem þú lærir um Jehóva, þeim mun raunverulegri verður hann þér, og þú ferð að elska hann og finna að hann er nærri þér.

²¹ Þú áttar þig smám saman á því hvers vegna Biblían hvetur okkur til að hugsa um Jehóva sem föður. (Matteus 6:9) Bæði er það vegna þess að hann er höfundur lífsins og eins vill hann að líf okkar verði farsælt, rétt eins og allir ástríkir feður vilja börnum sínum allt hið besta. (Sálmur 36:10) Biblían kennir einnig að menn geti orðið

19. (a) Hvað er það fyrsta sem við getum gert til að nálægja okkur Guði og hvaða blessun fylgir því? (b) Hvaða eiginleiki Guðs höfðar sterkast til þín?

20-22. (a) Purfum við að sjá Guð til að eiga náði samband við hann? Skýrðu svarið. (b) Hvað gæti velviljað fólk hvatt þig til að gera? Hvað ættirðu samt að gera?

vinir Jehóva. (Jakobsbréfið 2:23) Hugsaðu þér — þú getur átt skapara alheimsins fyrir vin!

²² Hugsanlegt er að einhverjir, sem vilja þér vel, reyni að fá þig til að hætta að kynna þér Biblíuna. Þeir óttast kannski að þú skiptir um trú. En láttu engan hindra þig í að mynda verðmætustu vináttubönd sem þú getur eignast.

²³ Ýmislegt á auðvitað eftir að vefjast fyrir þér í byrjun. Það getur kostað svolitla auðmýkt að biðja um hjálp en þú skalt ekki skammast þín fyrir að gera það. Jesús sagði að það væri gott að vera auðmjúkur eins og lítið barn. (Matteus 18:2-4) Og börnin eru óþreytandi að spyrja spurninga eins og við vitum. Guð vill að þú fái svör. Biblían hrósar mönnum sem lögðu sig sérstaklega fram við að kynnast Guði en þeir rannsökuðu Ritninguna vandlega til að fullvissa sig um að það væri verið að kenna þeim sannleikann. — Postulasagan 17:11.

²⁴ Besta leiðin til að kynnast Jehóva er að kynna sér Biblíuna. Hún er ólík öllum öðrum bókum. Hvernig? Við lítum nánar á það í næsta kafla.

23, 24. (a) Af hverju ættirðu að halda áfram að spyrja spurninga um það sem þú ert að kynna þér? (b) Um hvað er fjallað í næsta kafla?

BIBLÍAN KENNIR

- Guði er annnt um þig. — 1. Pétursbréf 5:7.
- Guð heitir Jehóva. — 2. Mósebók 6:3, neðanmáls.
- Jehóva býður þér að nálægjast sig. — Jakobsbréfið 4:8.
- Jehóva er kærleiksríkur, góður og miskunn-samur. — 2. Mósebók 34:6; 1. Jóhannesarbréf 4:8, 16.

Biblían

— bók frá Guði

**Að hvaða leyti er Biblían ólík öllum
öðrum bókum?**

**Hvernig getur Biblían hjálpað þér að glíma
við vandamál þín?**

**Hvers vegna geturðu treyst
spádómum Biblíunnar?**

ÞÚ HEFUR eflaust einhvern tíma fengið góða gjöf frá kærnum vini. Hvernig var þér innanbrjósts? Sennilega varstu bæði glaður og spenntur. Gjöf segir nefnilega að gefandinn meti vináttu þína mikils. Eflaust þakkaðir þú vini þínum fyrir gjöfina og hugulsemina sem bjó að baki.

² Biblían er gjöf frá Guði sem við ættum að vera honum innilega þakklát fyrir. Í þessari einstæðu bók er ýmislegt opinberað sem við gætum aldrei vitað annars. Hún segir til dæmis frá sköpun himingeimsins, jarðarinnar, fyrsta mannsins og fyrstu konunnar. Hún hefur að geyma áreiðanlegar lífsreglur sem hjálpa okkur að glíma við erfiðleika og áhyggjur lífsins. Hún lýsir hvernig Guð kemur til leiðar því sem hann ætlar sér og hvernig hann bætir ástandið á jörðinni. Biblían er einstök gjöf!

³ Biblían er líka gjöf sem gleður því að hún segir margt um gjafarann, Jehóva Guð. Það eitt að hann skuli hafa

1, 2. Að hvaða leyti er Biblían afar áhugaverð gjöf frá Guði?

3. Hvað segir það um Jehóva að hann skuli hafa gefið okkur Biblíuna og hvers vegna er það gleðilegt?



*„Nýheimsþýðing“ Biblíunnar er fánleg
á mörgum tungumálum.*

gefið slíka bók sannar að hann vill að við þekkjum sig vel. Biblían getur styrkt tengsl þín við Jehóva.

⁴ Ef þú átt Biblíuna þá ertu ekki einn um það. Hún hefur verið þýdd, í heild eða að hluta, á rösklega 2300 tungumál þannig að meira en 90 af hundraði jarðarbúa hafa aðgang að henni. Að meðaltali er dreift meira en milljón eintaka af Biblíunni *á viku!* Hún hefur komið út í milljörðum eintaka í heild eða að hluta. Engin önnur bók er eins útbreidd.

⁵ Auk þess er Biblían „innblásin af Guði“. (2. Tímóteusarbréf 3:16) Hvað þýðir það? Biblían svarar: „Menn [töluðu] orð frá Guði, knúðir af heilögum anda.“ (2. Pétursbréf 1:21) Skýrum þetta með dæmi: Forstjóri biður ritara sinn að skrifa bréf. Í bréfinu koma fram hugmyndir og fyrirmæli forstjórans þannig að bréfið er frá *honum* en ekki ritaranum. Biblían inniheldur sömuleiðis boðskap frá Guði en ekki frá mönnum sem skrifuðu

4. Hvað finnst þér athyglisvert við útbreiðslu Biblíunnar?

5. Í hvaða skilningi er Biblían „innblásin af Guði“?

hana. Öll Biblían er því ‚orð Guðs‘. — 1. Þessaloníkubríf 2:13.

NÁKVÆM OG SJÁLFRI SÉR SAMKVÆM

⁶ Það tók meira en 1600 ár að skrifa Biblíuna. Ritararnir voru því uppi á ólíkum tímum og voru af ólíkum uppruna. Þeirra á meðal voru bændur, fiskimenn og fjárhirðar. Sumir voru spámenn, dómarar og konungar. Guðspjallaritarinn Lúkas var læknir. En þrátt fyrir ólíkan uppruna ritaranna er Biblían sjálfri sér samkvæm frá upphafi til enda.*

⁷ Í fyrstu bók Biblíunnar er lýst hvernig erfiðleikar mannkynsins hófust. Síðasta bókin segir frá því að öll jörðin eigi eftir að verða fögur paradís. Biblían spannar mörg þúsund ára sögu og allt efni hennar tengist fyrirætlun Guðs og framvindu hennar með einhverjum hætti. Innra samræmi Biblíunnar er eftirtektarvert en þó eðlilegt í ljósi þess að hún er bók Guðs.

⁸ Biblían er vísindalega nákvæm. Hún inniheldur jafnvel upplýsingar sem voru langt á undan hennar samtíð. Tökum dæmi. Í 3. Mósebók voru Ísraelsmönnum sett lög um sóttkví og hreinlæti. Aðrar þjóðir vissu ekkert um slík mál. Biblían talaði um að jörðin væri kringlótt eða hnöttótt meðan hugmyndir manna um lögun hennar voru allt aðrar. (Jesaja 40:22) Biblían segir

* Sumir segja að það séu mótsagnir og misræmi í Biblíunni en engin haldgóð rök eru fyrir því. Nánari upplýsingar má finna í 7. kafla bókarinnar *The Bible – God's Word or Man's?* gefin út af Vottum Jehóva.

6, 7. Hvers vegna er innra samræmi Biblíunnar sérstaklega athyglisvert?

8. Nefndu dæmi um vísindalega nákvæmni Biblíunnar.

réttilega að jörðin ‚svífi í tómunum geimnum‘. (Jobsbók 26:7) Biblían er auðvitað ekki vísindarit en hún er nákvæm þegar hún drepur á vísindaleg mál. En það er að sjálfsgöðu það sem maður býst við af bók sem er frá Guði.

⁹ Biblían er einnig sögulega nákvæm og áreiðanleg. Í frásögnum hennar eru menn ekki aðeins nafngreindir heldur eru ættir þeirra einnig raktar.* Veraldlegir sögu-ritarar þögðu oft yfir því ef þjóð þeirra beið ósigur en biblíuritararnir eru heiðarlegir og segja jafnvel frá mistökum sjálfra sín og þjóðar sinnar. Biblíuritarinn Móse viðurkennir til dæmis í 4. Mósebók að sér hafi orðið alvarlega á og hafi hlotið harðar ákúrir fyrir. (4. Mósebók 20:2-12) Slíkur heiðarleiki er sjaldgæfur í öðrum sagnaheimildum en hann einkennir Biblíuna vegna þess að hún er innblásin af Guði.

RAUNSAE OG GAGNLEG BÓK


¹⁰ Þar sem Biblían er innblásin af Guði er hún ‚nytsöm til fræðslu, umvöndunar og leiðréttingar‘. (2. Tímóteusarbréf 3:16) Hún er raunsæ og gagnleg. Hún ber vott um næman skilning á mannlegu eðli. Það er ekkert undarlegt því að höfundur hennar, Jehóva Guð, er skapari mannsins. Hann skilur hugsunarhátt okkar og tilfinningalíf betur en við sjálf. Hann veit hvað þarf til að gera okkur hamingjusöm og hann veit líka hvers konar lífsstefnu við ættum að forðast.

* Sjá til dæmis ítarlega ættarskrá Jesú í Lúkasi 3:23-38.

9. (a) Hvernig ber Biblían vitni um að hún sé sögulega nákvæm og áreiðanleg? (b) Hvað segir heiðarleiki biblíuritaranna um Biblíuna sjálfa?

10. Hvers vegna kemur ekki á óvart að Biblían skuli vera raunsæ og gagnleg?

**Biblúritarinn
Jesaja spáði falli
Babýlonar.**



¹¹ Lítum á eina af ræðum Jesú sem kölluð er fjallræðan, en hana er að finna í Matteusi 5. til 7. kafla. Jesús kemur inn á margt í ræðunni, meðal annars hvernig finna megi sanna hamingju, setja niður deilur, biðjast fyrir og sjá efnislega hluti í réttu ljósi. Kennsla hans er

11, 12. (a) Um hvað ræddi Jesús í fjallræðunni? (b) Um hvaða önnur hagnýt mál er fjallað í Biblíunni og hvers vegna eru ráðleggingar hennar alltaf í gildi?

hrein snilld og á ekki síður erindi til okkar sem nú lifum en til þeirra sem hlustuðu á hann á sínum tíma.

¹² Biblían ræðir um fjölskyldulíf, vinnuhætti og samskipti við annað fólk. Meginreglur hennar eiga við alla menn og ráð hennar eru alltaf til góðs. Jehóva lýsir visku Biblíunnar í hnotskurn með orðum spámannsins Jesaja: „Ég, Drottinn Guð þinn, er sá sem kenni þér að gjöra það sem þér er gagnlegt.“ — Jesaja 48:17.

SPÁDÓMSBÓK

¹³ Í Biblíunni er fjöldi spádóma og margir þeirra hafa nú þegar ræst. Lítum á dæmi. Jehóva lét Jesaja spámann segja fyrir að borgin Babýlon yrði lögð í eyði, en Jesaja var uppi á áttundu öld f.Kr. (Jesaja 13:19; 14:22, 23) Í spádóminum kom nákvæmlega fram *hvernig* borgin yrði sigruð. Innrásarliðið myndi þurrka upp ána, sem rann gegnum borgina, og ganga inn í hana án nokkurra átaka. Jesaja nafngreindi jafnvel konunginn sem myndi sigra Babýlon. Hann átti að heita Kýrus. — Jesaja 44:27–45:2.

¹⁴ Um 200 árum síðar, nóttina 5.-6. október árið 539 f.Kr., hafði her nokkur slegið upp búðum nálægt Babýlon. Fyrir hernum fór persneskur konungur sem hét Kýrus. Nú var komið að uppfyllingu hins merkilega spádóms. En réðst her Kýrusar inn í Babýlon án bardaga eins og spáð var?

¹⁵ Babýloníumenn héldu hátíð þessa nótt og töldu sig örugga innan þykkra múra borgarinnar. Meðan á því stóð greip Kýrus til þess snilldarbragðs að veita ánni, sem rann gegnum borgina, úr farvegi hennar. Áður en langt um leið hafði lækkað svo í ánni að menn hans

13. Hverju lét Jehóva Jesaja spá um Babýlon?

14, 15. Lýstu hvernig spádómur Jesaja um Babýlon rættist.

gátu vaðið hana og komist alveg að borgarmúrunum. En hvernig gátu þeir komist inn fyrir múrana? Einhverra orsaka vegna höfðu Babýloníumenn sýnt það kæruleysi að skilja borgarhliðin eftir opin!

¹⁶ Spáð var um Babýlon: „Hún skal aldrei frammar af mönnum byggð vera, kynslóð eftir kynslóð skal þar enginn búa. Enginn Arabi skal slá þar tjöldum sínum og engir hjarðmenn bæla þar fénað sinn.“ (Jesaja 13:20) Hér er gengið lengra en að spá falli borgarinnar því að samkvæmt spádóminum átti Babýlon að leggjast í eyði til frambúðar. Þessi spádómsorð rættust í einu og öllu. Rústir Babýlonar eru um 80 kílómetra suður af Bagdad í Írak og eru sönnun þess að orð Jehóva fyrir munn Jesaja spámanns rættust: „Ég vil sópa henni burt með sópi eyðingarinnar.“ — Jesaja 14:22, 23.*

* Nánari upplýsingar um spádóma Biblíunnar má finna á bls. 27-29 í bæklingnum *Bók fyrir alla menn*, gefinn út af Vottum Jehóva.

16. (a) Hverju spáði Jesaja um afdrif Babýlonar? (b) Hvernig rættist spádómur Jesaja um eyðingu Babýlonar?



¹⁷ Það styrkir trúna óneitanlega að sjá dæmi um biblíuspádóma og uppfyllingu þeirra. Fyrst Jehóva hefur uppfyllt loforð sín áður fyrir höfum við fulla ástæðu til að treysta því að hann breyti jörðinni í paradís eins og hann hefur heitið. (4. Mósebók 23:19) Við höfum „von um eilíft líf. Því hefur Guð, sá er ekki lýgur, heitið frá eilífum tíðum“. – Títusarbréfið 1:2.*

„ORÐ GUÐS ER LIFANDI“

¹⁸ Af framangreindu er ljóst að Biblían er einstök bók. En gildi hennar er ekki aðeins fólgið í innra samræmi,

* Eyðing Babýlonar er aðeins eitt dæmi af mörgum um uppfyllta biblíuspádóma. Af öðrum dæmum mætti nefna eyðingu Týrusar og Níníve. (Esekíel 26:1-5; Sefanía 2:13-15) Einnig mætti nefna að Daníel spáði um heimsveldi sem áttu að koma eftir að Babýlon væri liðin undir lok, þar á meðal Meðfu-Persíu og Grikkland. (Daníel 8:5-7, 20-22) Í viðaukanum á bls. 199-201 er fjallað um marga Messíasarspádóma sem rättust á Jesú Kristi.

17. Hvernig styrkir það trú okkar að sjá að spádómar Biblíunnar hafa uppfyllst?

18. Hvað segir Páll postuli um „orð Guðs“?

Rústir Babýlonar.



vísindalegri og sögulegri nákvæmni, raunsæi, gagnsemi og áreiðanlegum spádómum. Páll postuli, sem var kristinn maður, skrifaði: „Orð Guðs er lifandi og kröftugt og beittara hverju tvíeggjuðu sverði og smýgur inn í innstu fylgsni sálar og anda, liðamóta og mergjar, það dæmir hugsanir og hugrenningar hjartans.“ — Hebreabréfið 4:12.

¹⁹ Það getur haft djúpstæð áhrif á líf okkar að lesa „orð“ Guðs eins og boðskapur hans er oft nefndur. Biblían getur hjálpað okkur að sjá sjálf okkur í nýju ljósi. Við segjumst kannski elska Guð. En viðbrögð okkar við því sem innblásið orð hans, Biblían, kennir sýna hvernig við hugsum í raun og veru og afhjúpa innstu hvatir okkar.

²⁰ Biblían er sannarlega frá Guði komin. Við ættum að lesa hana, grandskoða og elska. Sýndu að þú kunnir að meta þessa gjöf Guðs með því að halda áfram að kynna þér efni hennar. Þannig færðu góðan skilning á því hvað Guð ætlast fyrir með mannkynið. Í næsta kafla er fjallað um það hver fyrirætlun Guðs er og hvernig hann hrindir henni í framkvæmd.

19, 20. (a) Hvernig getur Biblían hjálpað þér að sjá sjálfan þig í nýju ljósi? (b) Hvernig geturðu sýnt að þú sért þakklátur fyrir Biblíuna?

BIBLÍAN KENNIR

- Biblían er innblásin af Guði og er þar af leiðandi áreiðanleg og nákvæm. — 2. Tímóteusarbréf 3:16.
- Biblían inniheldur upplýsingar sem koma að góðum notum í daglegu lífi. — Jesaja 48:17.
- Það er öruggt að loforð Guðs, sem hann gefur í Biblíunni, rætast. — 4. Mósebók 23:19.

Hvað ætlast Guð fyrir með jörðina?

Hvað ætlast Guð fyrir með mannkynið?

Hvernig var Guði ögrað?

Hvernig verður jarðlífið í framtíðinni?

FYRIRÆTLUN GUÐS með jörðina er í einu orði sagt frábær. Hann vill að jörðin fyllist heilbrigðu og hamingjusömu fólki. Biblían segir að Guð hafi „plantað aldingarð í Eden“ og látið „upp vaxa af jörðinni alls konar tré, sem voru girnileg á að líta og góð að eta af“. Eftir að Jehóva skapaði fyrstu hjónin, þau Adam og Evu, gaf hann þeim þetta yndislega heimili og sagði: „Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna.“ (1. Mósebók 1:28; 2:8, 9, 15) Það var sem sagt ætlun Guðs að mennirnir eignuðust börn, önnuðust dýrin og stækkuðu paradísina sem þeir bjuggu í, þangað til hún næði um allan hnöttinn.

² Heldurðu að það nái einhvern tíma fram að ganga að mennirnir búi í paradís á jörð eins og Jehóva Guð ætlaðist fyrir? Hann lýsir yfir: „Það sem ég tala, það læt ég einnig fram koma, það sem ég áset mér, það gjöri ég einnig.“ (Jesaja 46:9-11; 55:11) Já, það er öruggt að Guð gerir það sem hann ætlar sér! Hann segist ekki hafa „skapað [jörðina] til þess, að hún væri auðn, heldur

1. Hvað ætlaðist Guð fyrir með jörðina?

2. (a) Hvernig vitum við að fyrirætlun Guðs með jörðina nær fram að ganga? (b) Hvað segir Biblían um eilíft líf?

myndað hana svo, að hún væri byggileg“. (Jesaja 45:18) Hvers konar fólk vildi Guð að byggi á jörðinni? Hversu lengi átti það að búa hér? Biblían svarar: „Hinir réttlátu fá landið til eignar og *búa í því um aldur*,“ það er að segja að eilífu. — Sálmur 37:29; Opinberunarbókin 21:3, 4.

³ Þetta er augljóslega ekki orðið að veruleika enn sem komið er því að menn veikjast og deyja, og þeir berjast jafnvel og drepa hver annan. Eitthvað fór úrskeiðis. Guð ætlaðist varla til að jörðin yrði eins og hún er núna. Hvað gerðist? Hvers vegna hefur fyrirætlun Guðs ekki náð fram að ganga? Engin mannkynssögubók, skrifuð af mönnum, getur varpað ljósi á það vegna þess að vandræðin hófust á himnum.

ÓVINUR VERÐUR TIL

⁴ Í fyrstu bók Biblíunnar er sagt frá andstæðingi Guðs sem skaut upp kollinum í Eden. Hann er kallaður „höggormurinn“. En þetta var ekki bókstaflegur höggormur. Í síðustu bók Biblíunnar er bent á að hann ,heiti djöfull og Satan og afvegaleiði alla heimsbyggðina‘. Þar er hann einnig kallaður ,hinn gamli höggormur‘. (1. Mósebók 3:1; Opinberunarbókin 12:9) Hér var um að ræða voldugan engil, ósýnilega andaveru sem notaði höggorm til að tala við Evu rétt eins og æfður maður notar talbrúðu. Andi þessi var eflaust viðstaddur þegar Guð bjó jörðina undir komu mannsins. — Jobsbók 38: 4, 7.

⁵ Nú eru öll sköpunarverk Jehóva fullkomin. Hver skapaði þá þennan „djöful“ og „Satan“? Í stuttu máli varð hann til á þann hátt að *voldugur andasonur Guðs*

3. Hvernig er ástandið á jörðinni og hvaða spurningar vekur það?

4, 5. (a) Hver notaði höggorm til að tala við Evu? (b) Hvernig getur góður og heiðvirður maður orðið þjófur?

breytti sér sjálfur í djöful. Hvernig gat það gerst? Lítum á hliðstæðu. Góður og heiðvirður maður getur orðið þjófur. Oft gerist það þannig að hann leyfir rangri löngun að festa rætur í hjarta sínu. Þessi ranga löngun getur orðið afar sterk ef hann *heldur áfram að hugsa um hana*. Síðan, ef tækifæri býðst, gerir kann kannski hið ranga sem hann var að hugsa um. — Jakobsbréfið 1: 13-15.

⁶ Það var þetta sem gerðist hjá Satan. Hann hefur greinilega heyrt Guð segja Adam og Evu að eignast börn og fylla jörðina afkomendum sínum. (1. Mósebók 1: 27, 28) Hann virðist hafa hugsað með sér að allir þessir menn gætu tilbeðið sig frekar en Guð. Hann leyfði rangri löngun að festa rætur í hjarta sínu. Síðan lét hann til skarar skríða og blekkti Evu með því að ljúga upp á Guð. (1. Mósebók 3:1-5) Þar með varð hann djöfull sem merkir rógberi og Satan sem merkir andstæðingur.

⁷ Með lygum og blekkingum tókst Satan að fá Adam og Evu til að óhlýðnast Guði. (1. Mósebók 2:17; 3:6) Þar af leiðandi dóu þau um síðir, rétt eins og Guð hafði sagt að myndi gerast ef þau óhlýðnuðust. (1. Mósebók 3:17-19) Adam varð ófullkominn þegar hann syndgaði og afkomendur hans erfðu syndina frá honum. (Rómverjabréfið 5:12) Lýsum þessu með dæmi. Hvað gerist ef brauð er bakað í beygluðu formi? Þá verða öll brauð, sem eru bökuð í því, með sams konar beyglu eða galla. Allir menn hafa erfð ákveðna „beyglu“ frá Adam, það er að segja ófullkomleikann. Það er þess vegna sem allir menn hrörna og deyja. — Rómverjabréfið 3:23.


6. Hvernig gat völdugur andasonur Guðs breyst í Satan djöfulinn?

7. (a) Hvers vegna dóu Adam og Eva? (b) Hvers vegna hrörna allir afkomendur Adams og deyja?

⁸ Með því að fá Adam og Evu til að syndga gegn Guði var Satan að koma af stað uppreisn. Hann var að véfengja stjórnarhætti Jehóva. Hann fullyrti í reynd að Guð væri slæmur stjórnandi, lygi að þegnum sínum og synjaði þeim um ýmis gæði. Hann fullyrti að mennirnir

- 8, 9. (a) Hvaða ásakanir voru greinilega fólgnar í uppreisn Satans?
(b) Af hverju tók Guð ekki uppreisnarseggina af lífi þegar í stað?

***Hvernig hefði Satan getað boðið
Jesú öll ríki heims ef hann hefði
ekki ráðið yfir þeim?***



þyrftu ekki að lúta stjórn Guðs heldur gætu þeir ákveðið sjálfir hvað væri gott og illt. Hann hélt því fram að þeir væru betur settir undir stjórn sinni en Guðs. Hvernig brást Guð við þessum svívirðilegu ásökunum? Sumum finnst að hann hefði hreinlega átt að taka uppreisnarseggina af lífi. En hefði það svarað ásökunum Satans? Hefði það sannað að stjórnarhættir Guðs væru réttir?

⁹ Fullkomin réttlætiskennd Jehóva leyfði honum ekki að taka uppreisnarseggina af lífi þegar í stað. Hann vissi að það tæki sinn tíma að svara ásökunum Satans í eitt skipti fyrir öll og sanna að hann væri lygari. Hann ákvað þess vegna að leyfa mönnunum að stjórna sér sjálfir um tíma undir áhrifum Satans. Við fjöllum um það í 11. kafla hvers vegna Jehóva gerði þetta og hvers vegna það hefur tekið svona langan tíma að gera út um þetta deilumál. En nú skulum við beina athyglinni að öðru: Var það rétt af Adam og Evu að trúá Satan sem hafði aldrei gert þeim neitt gott? Var rétt af þeim að trúá að Jehóva, sem hafði gefið þeim allt sem þau áttu, væri grimmur lygari? Hvað hefðir þú gert í þeirra sporum?

¹⁰ Það er ástæða til að hugleiða þessar spurningar vegna þess að við þurfum öll að taka afstöðu til sambærilegra mála. Þú hefur tækifæri til að styðja málstað Jehóva og svara þannig ásökunum Satans. Þú getur viðurkennt Jehóva sem stjórnanda þinn og átt um leið þátt í að sanna að Satan sé lygari. (Sálmur 73:28; Orðskviðirinnir 27:11) Því miður kjósa fáir af milljörðum jarðarbúa að gera það. Þetta vekur þá spurningu hvort Biblían kenni virkilega að Satan stjórni heiminum.

10. Hvernig geturðu stutt málstað Jehóva og átt þátt í að svara ásökunum Satans?

HVER STJÓRNAR HEIMINUM?

¹¹ Jesús efaðist aldrei um að Satan stjórnaði þessum heimi. Einu sinni sýndi Satan Jesú „öll ríki heims og dýrð þeirra“ með einhverjum undraverðum hætti og lofaði honum: „Allt þetta mun ég gefa þér, ef þú fellur fram og tilbiður mig.“ (Matteus 4:8, 9; Lúkas 4:5, 6) Lítum nánar á þetta. Hefði Satan getað freistað Jesú með þessu tilboði ef hann hefði ekki ráðið yfir öllum ríkjum heims? Jesús neitaði því ekki að Satan réði yfir þessum ríkjum en það hefði hann eflaust gert ef Satan hefði ekki haft þetta vald.

¹² Jehóva er auðvitað alvaldur Guð og skapari alheimsins með öllum undrum hans. (Opinberunarbókin 4:11) Hins vegar stendur hvergi í Biblíunni að Jehóva Guð eða Jesús Kristur stjórni þessum heimi. Jesús sagði meira að segja berum orðum að Satan væri „höfðingi heimsins“. (Jóhannes 12:31; 14:30; 16:11) Biblían kallar Satan djöfulinn jafnvel „guð þessarar aldar“. (2. Korintubréf 4:3, 4) Jóhannes postuli skrifaði um andstæðinginn Satan: „Allur heimurinn er á valdi hins vonða.“ — 1. Jóhannesarbréf 5:19.

HVERNIG VERÐUR HEIMUR SATANS FJARLÆGÐUR?

¹³ Heimurinn verður æ hættulegri með hverju árinu sem líður. Hann er fullur af stríðandi herjum, óheiðarlegum stjórnámálamönnum, hræsnandi trúarleiðtogum og forhertum glæpamönnum. Það er ógerlegt að bæta heiminn í heild. Biblían segir að þess sé skammt að bíða að Guð fjarlægji hinn óguðlega heim í Harma-

11, 12. (a) Hvernig freistaði Satan Jesú og hvernig sýnir það að hann er höfðingi heimsins? (b) Hvað annað sannar að Satan er höfðingi heimsins?

13. Hvers vegna er þörf á nýjum heimi?

gedónstríðinu. Í staðinn kemur svo réttlátur nýr heimur.
— Opinberunarbókin 16:14-16.

¹⁴ Jehóva Guð valdi Jesú Krist til að fara með völd í Guðsríki, stjórn sinni á himnum. Biblían boðaði endur fyrir löngu: „Barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla. Nafn hans skal kallað . . . Friðarhöfðingi. Mikill skal höfðingjadómurinn verða og friðurinn engan enda taka.“ (Jesaja 9:6, 7) Jesús kenndi fylgjendum sínum að biðja: „Til komi þitt ríki, verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni.“ (Matteus 6:10) Eins og við sjáum síðar í bókinni mun ríki Guðs innan skamms fjarlægja allar ríkisstjórnir þessa heims, taka völdin af þeim og endurreisa paradís á jörð. — Daníel 2:44.

NÝR HEIMUR ER Í NÁND

¹⁵ Biblían segir: „Eftir fyrirheiti [Guðs] væntum vér nýs himins og nýrrar jarðar, þar sem réttlæti býr.“ (2. Pétursbréf 3:13; Jesaja 65:17) Þegar Biblían talar um ‚jörðina‘ á hún stundum við fólkið sem býr á henni. (1. Mósebók 11:1) Réttláta ‚nýja jörðin‘ er því samfélag manna sem hlýtur velþóknun Guðs.

¹⁶ Jesús lofaði því að þeir sem hefðu velþóknun Guðs myndu hljóta „eilíft líf“ í nýja heiminum sem er fram undan. (Markús 10:30) Flettu upp á Jóhannesi 3:16 og 17:3 í biblíunni þinni og lestu það sem Jesús sagði að við þyrftum að gera til að hljóta eilíft líf. Síðan skulum við kanna hvaða blessun Biblían lofar þeim sem uppfylla

14. Hvern hefur Guð valið til að fara með völd í ríki sínu og hvernig var því spáð?

15. Hvað er ‚nýja jörðin‘?

16. Hvaða ómetanlega gjöf gefur Guð þeim sem hann hefur velþóknun á og hvað þurfum við að gera til að hljóta hana?

kröfur Guðs og fá þessa stórfenglegu gjöf í paradís framtíðarinnar.

¹⁷ *Mannvonska, stríð, glæpir og ofbeldi hverfa.* „Engir guðlausir [eru] til framar . . . En hinir hógværu fá landið til eignar.“ (Sálmur 37:10, 11) Þá verður friður á jörð vegna þess að „Guð stöðvar styrjaldir til endimarka jarðar“. (Sálmur 46:10; Jesaja 2:4) Þá mun „réttlætið blómgast og gnóttir friðar, uns tunglið er eigi framar til“, það er að segja að eilífu. — Sálmur 72:7.

¹⁸ *Dýrkendur Jehóva búa óhultir.* Ísraelsmenn til forna bjuggu óhultir í landi sínu meðan þeir hlýddu Guði. (3. Mósebók 25:18, 19) Það verður unaðslegt að búa við sams konar öryggi í paradís. — Jesaja 32:18; Míka 4:4.

¹⁹ *Enginn skortur á mat.* „Gnóttir korns munu vera í landinu, á fjallatindunum,“ söng sálmaritarinn. (Sálmur 72:16) Jehóva Guð mun blessa réttláta menn og jörðin mun gefa ávöxt sinn. — Sálmur 67:7.

²⁰ *Öll jörðin verður paradís.* Ný og falleg heimili og fagrir garðar munu þekja land sem syndugir menn voru búnir að skemma og spilla. (Jesaja 65:21-24; Opinberunarbókin 11:18) Smám saman stækka svæðin, sem menn hafa umbreytt, uns öll jörðin verður jafnfögur og frjó-söm og Edengarðurinn. Og Guð mun endalaust „ljúka upp hendi sinni og seðja allt sem lifir með blessun“. — Sálmur 145:16.

²¹ *Friður milli manna og dýra.* Villidýr og húsdýr verða saman á beit. Smábörn þurfa ekki einu sinni að óttast dýr sem eru hættuleg núna. — Jesaja 11:6-9; 65:25.

17, 18. Hvernig getum við verið viss um að það verði friður og öryggi um allan heim?

19. Hvernig vitum við að matur verður nægur í nýjum heimi Guðs?

20. Hvers vegna getum við treyst að öll jörðin verði paradís?

21. Hvað sýnir að það verður friður milli manna og dýra?



²² *Sjúkdómar hverfa.* Sem konungur Guðsríkis á himnum mun Jesús lækna fólk í margfalt víðtækari mæli en hann gerði þegar hann var hér á jörð. (Matteus 9:35; Markús 1:40-42; Jóhannes 5:5-9) „Enginn borgar-búi mun segja: „Ég er sjúkur“ “. — Jesaja 33:24; 35:5, 6.

²³ *Látnir ástvinir okkar verða reistir upp og eiga eilíft líf í vændum.* Allir sem sofa dauðasvefni og Guð minnist verða reistir upp. „Bæði réttlátir og ranglátir“ munu rísa upp frá dauðum. — Postulasagan 24:15; Jóhannes 5: 28, 29.

²⁴ Þeir sem ákveða að kynnast skaparanum, Jehóva Guði, og þjóna honum eiga unaðslega framtíð í vændum! Jesús var að vísa til hinnar komandi paradísar á jörð þegar hann lofaði illvirkjanum, sem dó við hlið hans, að hann skyldi „vera með honum í paradís“. (Lúkas 23:43) Það er mikilvægt að afla sér meiri upplýsinga um Jesú Krist því að það er fyrir atbeina hans sem þessi blessun verður að veruleika.

22. Hvað verður um sjúkdóma?

23. Hvers vegna mun upprisan gleðja hjörtu okkar?

24. Hvernig líst þér á að lifa í paradís á jörð?

BIBLÍAN KENNIR

- Sú fyrirætlun Guðs að gera jörðina að paradís verður að veruleika. — Jesaja 45:18; 55:11.
- Satan stjórnar heiminum núna. — Jóhannes 12:31; 1. Jóhannesarbréf 5:19.
- Guð mun blessa mannkynið á marga vegu í nýjum heimi framtíðarinnar. — Sálmur 37: 10, 11, 29.

Hver er Jesús Kristur?

Hvaða sérstöku hlutverki gegnir Jesús?

Hvaðan kom hann?

Hvers konar maður var hann?

Það er fullt af frægu fólki í heiminum. Sumir eru frægir í bænum, borginni eða landinu þar sem þeir búa og aðrir eru heimsfrægir. En þó að þú þekkir nafnið á frægri manneskju er ekki þar með sagt að þú þekkir hana í raun og veru. Það er ekki víst að þú vitir nokkuð um uppruna hennar eða hafir hugmynd um hvaða mann hún hefur að geyma.

² Fólk um allan heim hefur heyrt getið um Jesú Krist þó að um 2000 ár séu liðin síðan hann var á jörðinni. Hins vegar hafa menn mjög ólíkar hugmyndir um það hver hann hafi verið í raun og veru. Sumir segja að hann hafi ekki verið annað en góður maður. Aðrir halda því fram að hann hafi einungis verið spámaður og enn aðrir trúa að hann sé Guð og að það eigi að tilbiðja hann. Er það rétt?

³ Það er mikilvægt fyrir þig að vita sannleikann um Jesú. Af hverju? Af því að Biblían segir: „Það er hið eilífa líf að þekkja þig, hinn eina sanna Guð, og þann sem þú sendir, Jesú Krist.“ (Jóhannes 17:3) Þú getur sem sagt hlotið eilíft líf í paradís á jörð ef þú þekkir sannleikann um

1, 2. (a) Hvers vegna er ekki þar með sagt að maður þekki fræga manneskju þó að maður viti að hún er til? (b) Hvaða ólíkar hugmyndir eru uppi um Jesú?

3. Af hverju er mikilvægt fyrir þig að vita sannleikann um Jesú?



Jehóva Guð og Jesú Krist. (Jóhannes 14:6) Jesús er auk þess besta fyrirmyndin um hvernig við eigum að lifa og koma fram við aðra. (Jóhannes 13:34, 35) Í fyrsta kafla ræddum við um það hver Guð er. Nú skulum við kanna hvað Biblían kennir um Jesú Krist.

HINN FYRIRHEITNI MESSÍAS

⁴ Löngu áður en Jesús fæddist hafði því verið spáð í Biblíunni að Guð myndi senda Messías eða Krist. Titlarnir „Messías“ (komið af hebresku orði) og „Kristur“ (komið af grísku orði) merkja báðir „hinn smurði“. Sá sem koma átti yrði smurður

4. Hvað merkja titlarnir „Messías“ og „Kristur“?

Jesús varð Messías eða Kristur þegar hann skírdist.



en það merkir að Guð myndi skipa hann í sérstaka stöðu. Síðar í bókinni er fjallað nánar um mikilvægan þátt Messíasar í að uppfylla fyrirheit Guðs. Við kynnum okkur líka hvaða blessun Jesús getur veitt okkur hér og nú. En áður en Jesús fæddist hljóta margir að hafa velt fyrir sér hver Messías yrði.

⁵ Lærisveinar Jesú frá Nasaret á fyrstu öld voru sannfærðir um að hann væri hinn fyrirheitni Messías. (Jóhannes 1:41) Einn þeirra, Símon Pétur að nafni, sagði opinskátt við Jesú: „Þú ert Kristur.“ (Matteus 16:16) Hvernig gátu þeir verið svona öruggir um að Jesús væri Messías og hvernig getum við fullvissað okkur um það?

⁶ Spámenn Guðs, sem voru uppi áður en Jesús fæddist, sögðu fyrir fjöldamargt varðandi Messías og það átti að hjálpa fólki að bera kennsl á hann. Við skulum lýsa þessu með dæmi: Setjum sem svo að þú værir beðinn um að fara á fjölfarna umferðarmiðstöð eða flugstöð til að sækja mann sem þú hefðir aldrei séð áður. Þú ættir auðveldara með að þekkja hann ef þú hefðir fengið lýsingu á honum. Jehóva lét spámenn sína gefa nokkuð ítarlega lýsingu á því hvað Messías myndi gera og hvað myndi henda hann. Þegar þessir spádómar rættust myndi trúað fólk eiga auðvelt með að bera kennsl á hann.

⁷ Við skulum líta á tvö dæmi. Meira en 700 árum áður en Jesús fæddist sagði spámaðurinn Míka að Messías myndi fæðast í Betlehem sem var lítill bær í Júda. (Míka 5:1) Jesús fæddist einmitt í þeim bæ. (Matteus 2:1, 3-9) Í Daníelsbók 9:25 er annar spádómur sem benti á,

5. Um hvað voru lærisveinar Jesú alveg sannfærðir?

6. Lýstu hvernig Jehóva hefur hjálpað trúuðu fólki að bera kennsl á Messías.

7. Nefndu tvo spádóma sem rættust á Jesú.

mörgum öldum fyrir fram, hvaða ár Messías ætti að koma fram, það er að segja árið 29.* Uppfylling þessara spádóma og margra annarra sannar að Jesús var hinn fyrirheitni Messías.

⁸ Undir lok ársins 29 gerðist annað sem sannaði að Jesús væri Messías. Það var þá sem hann kom til Jóhannesar skírara til að láta skírast í ánni Jórdan. Jehóva hafði lofað að gefa Jóhannesi tákni þannig að hann gæti þekkt Messías, og Jóhannes sá þetta tákni þegar Jesús skírðist. Biblían lýsir því hvað gerðist: „Þegar Jesús hafði verið skírður, sté hann jafnskjótt upp úr vatninu. Og þá opnuðust himnarnir, og hann sá anda Guðs stíga niður eins og dúfu og koma yfir sig. Og rödd kom af himnum: „Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á.“ (Matteus 3: 16, 17) Eftir að hafa séð þetta og heyrt var Jóhannes ekki í nokkrum vafa um að Jesús væri sendur af Guði. (Jóhannes 1:32-34) Þegar heilögum anda Guðs, starfskrafti hans, var úthellt yfir Jesú þennan dag varð hann Messías eða Kristur, það er að segja hinn útnefndi höfðingi og konungur. — Jesaja 55:4.

⁹ Uppfylltir biblíuspádómar og vitnisburður Jehóva Guðs sjálfs sýna ótvírætt að Jesús hafi verið hinn fyrirheitni Messías. Biblían svarar líka tveim mikilvægum spurningum um Jesú Krist: Hvaðan kom hann og hvernig maður var hann?

HVAÐAN KOM JESÚS?

¹⁰ Biblían kennir að Jesús hafi verið á himnum áður en hann kom til jarðar. Míka spáði því að Messías myndi

* Nánari upplýsingar um spádóm Daníels, sem rættist á Jesú, er að finna í viðaukanum á bls. 197-99.

8, 9. Hvernig sannaðist það við skírni Jesú að hann væri Messías?

10. Hvað kennir Biblían um tilveru Jesú áður en hann kom til jarðar?

fæðast í Betlehem og jafnframt að ætterni hans væri „frá fortíðar dögum“. (Míka 5:1) Jesús sagði margsinnis að hann hefði verið á himnum áður en hann fæddist hér á jörð. (Jóhannes 3:13; 6:38, 62; 17:4, 5) Hann átti mjög sérstakt samband við Jehóva sem andavera á himnum.

¹¹ Af öllum sonum sínum þótti Jehóva vænst um Jesú og ekki að ástæðulausu. Jesús er kallaður „frumburður allrar sköpunar“ vegna þess að hann var fyrsta sköpunarverk Guðs.* (Kólossubrésið 1:15) Hann var líka sérstakur að því leyti að hann var ‚eingetinn sonur‘ Guðs. (Jóhannes 3:16) Það þýðir að Jesús er sá eini sem Jehóva skapaði beint og milliliðalaust. Jesús er sömuleiðis sá eini sem Guð notaði sér til aðstoðar þegar hann skapaði allt annað. (Kólossubrésið 1:16) Jesús er einnig kallaður „Orðið“. (Jóhannes 1:14) Það merkir að hann var talsmaður Guðs og hefur eflaust flutt boð og fyrirmæli frá honum til annarra sona hans, bæði engla og manna.

¹² Er frumgetinn sonur Guðs jafn honum eins og sumir trúá? Biblían kennir það ekki. Eins og fram kom í greininni á undan var sonurinn skapaður. Það er því augljóst að hann á sér upphaf. Hins vegar á Jehóva Guð sér hvorki upphaf né endi. (Sálmur 90:2) Það hvarflaði aldrei að þessum eingetna syni að reyna að vera jafn föður sínum. Biblían segir skýrt og greinilega að faðirinn sé meiri en sonurinn. (Jóhannes 14:28; 1. Korintubréf 11:3) Jehóva

* Jehóva er kallaður faðir vegna þess að hann er skapari alls. (Jesaja 64:7) Jesús er kallaður sonur Guðs af því að Guð skapaði hann. Af sömu ástæðu eru aðrar andaverur kallaðar synir Guðs, og sömuleiðis maðurinn Adam. — Jobsbók 1:6; Lúkas 3:38.

11. Hvað segir Biblían um Jesú sem sýnir að Jehóva þótti sérstaklega vænt um hann?

12. Hvernig vitum við að frumgetinn sonur Guðs er ekki jafn honum?

einn er „Almáttugur Guð“ og á sér þess vegna engan jafningja.* — 1. Mósebók 17:1.

¹³ Jehóva og frumgetinn sonur hans unnu náið saman um milljarða ára — löngu áður en stjórnur himinsins og jörðin voru sköpuð. Þeim hlýtur að hafa þótt innilega vænt hvor um annan. (Jóhannes 3:35; 14:31) Sonurinn var lifandi eftirmynd föður síns. Þess vegna talar Biblían um hann sem „ímynd hins ósýnilega Guðs“. (Kólossubrésið 1:15) Þessi himneski sonur endurspeglaði eiginleika og persónuleika föðursins, rétt eins og mennskur sonur líkist gjarnan föður sínum á marga vegu.

¹⁴ Eingetinn sonur Jehóva yfirgaf fúslega bústað sinn á himnum og kom niður til jarðar til að verða maður. Þér er kannski spurn hvernig andavera hafi getað fæðst sem mannsbarn. Jehóva vann kraftaverk til að koma því í kring. Hann flutti líf frumgetins sonar síns frá himnum í móðurkvið ungrar konu af gyðingaættum sem hét María. Enginn mennskur faðir kom þar nærri, enda var María hrein mey. Þannig fæddi hún fullkominn son og nefndi hann Jesú. — Lúkas 1:30-35.

HVERS KONAR MAÐUR VAR JESÚS?

¹⁵ Við getum kynnst Jesú vel með því að kynna okkur það sem hann sagði og gerði meðan hann var hér á jörð. Og með því að kynnst Jesú kynnumst við Jehóva. Hvers vegna? Vegna þess að Jesús er fullkomin eftirmynd föður síns eins og þú manst kannski. Það var þess vegna

* Frekari sannanir fyrir því að sonurinn sé ekki jafn Guði má finna í viðaukanum á bls. 201-4.

13. Hvað er átt við þegar Biblían segir að sonurinn sé „ímynd hins ósýnilega Guðs“?

14. Hvernig fæddist eingetinn sonur Jehóva sem mannsbarn?

15. Af hverju getum við kynnst Jehóva með því kynnst Jesú?

sem hann sagði einum af lærisveinunum: „Sá sem hefur séð mig, hefur séð föðurinn.“ (Jóhannes 14:9) Fjórar biblíubækur, guðspjall Matteusar, Markúsar, Lúkasar og Jóhannesar, segja margt um ævi, starf og persónu Jesú Krists.

¹⁶ Jesús var þekktur sem „meistari“ eða kennari. (Jóhannes 1:38; 13:13) Hvað kenndi hann? Fyrst og fremst „fagnaðarerindið um ríkið“, Guðsríki, en það er himnesk stjórn sem á að ráða yfir allri jörðinni og færa mannkyninu óendanlega blessun. (Matteus 4:23) Jesús var þó ekki að flytja sinn eigin boðskap. „Kenning mín er ekki mín,“ sagði hann, „heldur hans, er sendi mig“, það er að segja Jehóva. (Jóhannes 7:16) Hann vissi að faðir hans vildi að menn heyrðu fagnaðarboðskapinn um ríkið. Við fjöllum nánar um ríki Guðs í 8. kafla og könnum hverju það kemur til leiðar.

¹⁷ Jesús kenndi alls staðar þar sem fólk var að finna – jafnt til sveita sem í borgum og þorpum, á markaðstorgum og í heimahúsum. Hann ætlaðist ekki til þess að fólk kæmi til sín heldur fór sjálfur til fólksins. (Markús 6:56; Lúkas 19:5, 6) Hvers vegna lagði hann svona mikið á sig og notaði svona mikinn tíma til að prédika og kenna? Vegna þess að Guð hafði falið honum að gera það. Jesús gerði alltaf vilja föður síns. (Jóhannes 8:28, 29) En það var líka önnur ástæða fyrir því að hann prédikaði. Hann kenndi í brjósti um mannfjöldann sem kom til hans. (Matteus 9:35, 36) Trúarleiðtogarnir, sem áttu að kenna sannleikann um Guð og fyrirætlanir hans, vanræktu almenning. Jesús vissi að fólk hafði mikla þörf á að heyra boðskapinn um ríkið.

16. Hvað boðaði Jesús fyrst og fremst og hvaðan var kenning hans?

17. Hvar kenndi Jesús og hvers vegna lagði hann svona mikið á sig til að kenna öðrum?



Jesús prédikaði alls staðar þar sem fólk var að finna.

¹⁸ Jesús var tilfinninganæmur, vingjarnlegur og hjarta-
hlýr þannig að fólk átti auðvelt með að nálgast hann.
Börn löðuðust að honum. (Markús 10:13-16) Hann var
fordómalaus. Hann hataði ranglæti og spillingu. (Matte-
us 21:12, 13) Hann sýndi konum virðingu þó að þær
væru almennt lítils virtar í samfélaginu og hefðu fá rétt-
indi. (Jóhannes 4:9, 27) Hann var auðmjúkur. Einu sinni
þvoði hann fætur postulanna en það var að jafnaði hlut-
verk lágt settra þjóna.

¹⁹ Jesús hafði næma tilfinningu fyrir þörfum annarra.
Það kom greinilega í ljós þegar hann vann kraftaverk undir
áhrifum anda Guðs og læknaði fólk. (Matteus 14:14) Svo
dæmi sé tekið kom til hans holdsveikur maður og sagði:
„Ef þú vilt, getur þú hreinsað mig.“ Jesús skynjaði kvöl
og þjáningu mannsins. Hann kenndi í brjósti um hann,

18. Hvaða eiginleikar Jesú höfðu sterkast til þín?

19. Hvaða dæmi sýnir að Jesús hafði næma tilfinningu fyrir þörfum annarra?



rétti út höndina, snerti hann og sagði: „Ég vil, verð þú hreinn!“ Og maðurinn læknaðist! (Markús 1:40-42) Geturðu ímyndað þér hvernig manningum var innanbrjósts?

TRÚR ALLT TIL ENDA

²⁰ Jesús er besta dæmið um hollustu og hlýðni við Guð. Þrátt fyrir alls konar andstöðu og þjáningar sem hann leið var hann himneskum föður sínum trúr undir öllum kringumstæðum. Hann stóðst freistingar Satans með festu og einbeitni. (Matteus 4:1-11) Sumir af nánustu ættingjum Jesú trúðu ekki á hann framan af og sögðu jafnvel „að hann væri frá sér“. (Markús 3:21) En Jesús lét það ekki á sig fá heldur hélt ótrauður áfram að vinna verk Guðs. Þótt hann væri svívirtur og honum misþyrmt hafði hann fulla stjórn á sjálfum sér og reyndi aldrei að gera andstæðingum sínum mein. — 1. Pétursbréf 2:21-23.

20, 21. Hvaða fordæmi gaf Jesús um hollustu og hlýðni við Guð?

²¹ Óvinir Jesú tóku hann af lífi með grimmilegum og kvalafullum hætti en hann var samt trúfastur allt til dauða. (Filippíbréfið 2:8) Rennum yfir síðasta daginn sem hann lifði sem maður. Hann var handtekinn, ljúgvitni voru leidd fram gegn honum, spilltir dómara sakfelldu hann, mannfjöldinn gerði gys að honum, hermenn pynduðu hann og hann var negldur á aftökustaur. „Það er fullkomnað,“ hrópaði hann um leið og hann dró andann í síðasta sinn. (Jóhannes 19:30) Á þriðja degi eftir að hann dó reisti himneskur faðir hans hann upp frá dauðum sem anda. (1. Pétursbréf 3:18) Fáeinum vikum síðar sneri hann aftur til himna. Þar settist hann „við hægri hönd Guðs“ og beið þess að taka við konungdómi. — Hebreabréfið 10:12, 13.

²² Hverju áorkaði Jesús með því að vera trúfastur allt til dauða? Dauði hans opnar okkur möguleika á að hljóta eilíft líf í paradís á jörð eins og Jehóva ætlaði mönnunum í upphafi. Í næsta kafla fjöllum við um það hvernig dauði hans kemur þessu til leiðar.

22. Hverju áorkaði Jesús með því að vera trúfastur allt til dauða?

BIBLÍAN KENNIR

- Uppfylltir spádómar og yfirlýsing Guðs sjálfs sanna að Jesús er Messías eða Kristur.
— Matteus 16:16.
- Jesús var andavera á himnum löngu áður en hann kom til jarðar. — Jóhannes 3:13.
- Jesús var kennari, hann var hlýr og viðmótsgóður og hlýddi Guði í einu og öllu.
— Matteus 9:35, 36.

Lausnargjaldið — mesta gjöf Guðs

Hvað er lausnargjaldið?

Hvernig var það greitt?

**Hvaða þýðingu getur það haft
fyrir þig?**

**Hvernig geturðu sýnt að þú sért
þakklátur fyrir það?**

HVER er verðmætasta gjöf sem þú hefur fengið? Gjöf þarf ekki að vera dýr til að vera verðmæt. Gildi gjafar mælist ekki alltaf í peningum. Gjöf er þér mikils virði ef hún gleður þig eða fullnægir ákveðinni þörf hjá þér.

² Af öllum gjöfum, sem við gætum óskað okkur, er ein sem ber af. Það er gjöf Guðs til mannkynsins. Jehóva Guð hefur gefið okkur margt en dýrmætasta gjöfin er sú að hann skyldi fórna syni sínum, Jesú Kristi, til lausnargjalds. (Matteus 20:28) Eins og fram kemur í þessum kafla er lausnargjaldið verðmætasta gjöfin sem þú getur nokkurn tíma fengið vegna þess að hún getur fært þér óendanlega hamingju og fullnægt mikilvægustu þörfum þínum. Jehóva gat ekki tjáð þér kærleika sinn með skýrari hætti.

1, 2. (a) Hvers konar gjafir hafa sérstakt gildi fyrir okkur? (b) Hvers vegna er hægt að segja að lausnargjaldið sé verðmætasta gjöf sem hægt er að fá?

HVAÐ ER LAUSNARGJALDIÐ?

³ Í stuttu máli er lausnargjaldið aðferð Jehóva til að frelsa mannkynið úr fjötrum syndar og dauða. (Efesusbréfið 1:7) Til að skilja þýðingu þessarar biblíukenningar þurfum við að rifja upp atburði sem áttu sér stað í Eden. Við þurfum að skilja hverju Adam glataði þegar hann syndgaði til að átta okkur á því hvers vegna lausnargjaldið er svona verðmæt gjöf til okkar.

⁴ Jehóva gaf Adam ákaflega dýrmæta eign þegar hann skapaði hann. Hann gaf honum fullkomið líf. Hvað þýddi það fyrir Adam? Þar sem hann var fullkominn á huga og líkama myndi hann aldrei veikjast, hrörna og deyja. Sem fullkominn maður hafði hann sérstakt samband við Jehóva. Biblían kallar hann ‚son Guðs‘. (Lúkas 3:38) Adam átti sem sagt náíð samband við Jehóva Guð, rétt eins og sonur á við ástríkan föður. Jehóva talaði við son sinn á jörð, fól honum ánægjulegt verk að vinna og skýrði fyrir honum til hvers var ætlast af honum. — 1. Mósebók 1:28-30; 2:16, 17.

⁵ Adam var skapaður „eftir Guðs mynd“. (1. Mósebók 1:27) Það merkir ekki að Adam hafi líkst Jehóva Guði í útliti. Jehóva er ósýnilegur andi eins og fram kom í 1. kafla. (Jóhannes 4:24) Hann hefur því ekki líkama af holdi og blóði. Að vera skapaður eftir mynd Guðs merkir að Adam voru áskapaðir eiginleikar eins og Guð hafði, svo sem kærleikur, víska, réttlæti og máttur. Adam líktist föður sínum einnig að því leyti að hann hafði frjálsan vilja. Hann var því ekki eins og vél sem getur aðeins gert

3. Hvað er lausnargjaldið og hvað þurfum við að skilja til að átta okkur á gildi þeirrar gjafar?

4. Hvað þýddi það fyrir Adam að vera fullkominn?

5. Hvað er átt við þegar Biblían segir að Adam hafi verið skapaður „eftir Guðs mynd“?

Það sem hún er smíðuð eða forrituð til að gera. Hann gat tekið sjálfstæðar ákvarðanir og valið að gera rétt eða rangt. Ef hann hefði ákveðið að hlýða Guði hefði hann lifað að eilífu í paradís á jörð.

⁶ Það er því ljóst að Adam galt það dýru verði að óhlýðnast Guði. Syndin kostaði hann fullkomleikann og öll þau gæði sem fylgdu honum. Að síðustu kostaði hún hann lífið. (1. Mósebók 3:17-19) Því miður glataði Adam ekki aðeins sínu eigin lífi heldur fyrirgerði hann einnig lífi ófæddra afkomenda sinna. Orð Guðs segir: „Syndin kom inn í heiminn fyrir einn mann [Adam] og dauðinn fyrir syndina, og þannig er dauðinn runninn til allra manna, af því að allir hafa syndgað.“ (Rómverjabréfið 5:12) Við höfum öll erft syndina frá Adam. Þess vegna kemst Biblían svo að orði að hann hafi selt sig og afkomendur sína í þrælkun syndar og dauða. (Rómverjabréfið 7:14) Öll von var úti fyrir Adam og Evu vegna þess að þau óhlýðnuðust Guði af ásettu ráði. En hvað um afkomendur þeirra, þar á meðal okkur?

⁷ Jehóva kom mannkyninu til bjargar með lausnargjaldinu. Hvað er lausnargjald? Það getur falið í sér tvennt. Í fyrsta lagi er lausnargjald sú upphæð sem er greidd til að kaupa einhvern lausan úr haldi eða kaupa eitthvað til baka. Sem dæmi mætti nefna gjald sem greitt er til að fá stríðsfanga leystan úr haldi. Í öðru lagi er lausnargjald upphæð sem greidd er til að bera kostnað af einhverju, ekki ósvipað og skaðabætur sem greiddar eru vegna meiðsla eða eignatjóns. Ef maður veldur slysi, svo dæmi sé tekið, getur hann þurft að greiða upphæð sem samsvarar andvirði þess tjóns sem hann olli.

6. Hverju glataði Adam þegar hann óhlýðnaðist Guði og hvaða áhrif hafði það á afkomendur hans?

7, 8. Nefndu tvennt sem er fyrst og fremst fólgið í lausnargjaldi.

⁸ Hvernig var hægt að bæta það gríðarlega tjón sem Adam olli okkur öllum og kaupa okkur laus úr þrælkun syndar og dauða? Lítum nánar á lausnargjaldið sem Jehóva greiddi og skoðum hvað það getur þýtt fyrir þig.

JEHÓVA GREIÐIR LAUSNARGJALDIÐ

⁹ Þar sem það var fullkomið mannlíf sem glataðist gat enginn ófullkominn maður endurkeypt það. (Sálmur 49:8, 9) Lausnargjaldið þurfti að vera jafnverðmætt því sem glataðist. Þetta er í samræmi við meginregluna um fullkomið réttlæti sem er að finna í orði Guðs, en þar segir: „Líf fyrir líf“. (5. Mósebók 19:21) Hvað gat samsvarað hinu fullkomna mannlífi sem Adam glataði? Til að greiða samsvarandi lausnargjald þurfti annað fullkomið mannlíf. — 1. Tímóteusarbréf 2:6.

¹⁰ Jehóva greiddi lausnargjaldið með því að senda einn af fullkomnum andasonum sínum til jarðar. En hann sendi ekki bara hvern sem var heldur þann sem honum þótti vænst um, það er að segja eingetinn son sinn. (1. Jóhannesarbréf 4:9, 10) Sonurinn yfirgaf fúslega heimili sitt á himnum. (Filippíbréfið 2:7) Eins og fram kom í kaflanum á undan vann Jehóva það kraftaverk að flytja líf sonar síns í móðurkvið Maríu. Fyrir atbeina heilags anda fæddist Jesús fullkominn og þurfti því ekki að taka út refsingu syndarinnar. — Lúkas 1:35.

¹¹ Hvernig gat einn maður greitt lausnargjald fyrir marga, meira að segja milljónir manna? Lítum nánar á málið. Hvernig bar það til að milljónir manna urðu syndarar? Þegar Adam syndgaði glataði hann full-

9. Hvers konar lausnargjald þurfti að greiða?

10. Hvernig greiddi Jehóva lausnargjaldið?

11. Hvernig gat einn maður verið lausnargjald fyrir milljónir manna?

komnu lífi sínu. Þess vegna gat hann ekki gefið börnum sínum fullkomið líf. Það eina sem hann gat gefið þeim var synd og dauði. Maðurinn Jesús, sem Biblían kallar „hinn síðari Adam“, var fullkominn og syndgaði aldrei. (1. Korintubríf 15:45) Í vissum skilningi kom Jesús í stað Adams til að bjarga okkur. Með því að fórna fullkomnu lífi sínu og hlýða Guði í einu og öllu greiddi Jesús gjaldið fyrir synd Adams og veitti afkomendum hans von. — Rómverjabréfið 5:19; 1. Korintubríf 15:21, 22.

¹² Biblían lýsir í smáatriðum hvað Jesús mátti þola áður en hann dó. Hann var húðstrýktur grimmilega og negldur á aftökustaur þar sem hann dó kvalafullum dauðdaga. (Jóhannes 19:1, 16-18, 30; viðaukinn bls. 204-6.) Hvers vegna þurfti Jesús að þjást svona mik-ið? Síðar í bókinni kemur fram að Satan véfengdi að Jehóva gæti átt sér nokkurn mennskan þjón sem væri honum trúur ef á hann reyndi. Með því að vera trúfastur, þrátt fyrir miklar þjáningar, svaraði Jesús ásökunum Satans eins og best varð á kosið. Hann sannaði að fullkominn maður með frjálstan vilja gat verið Guði algerlega trúur, hvað sem Satan djöfullinn gerði. Það hlýtur að hafa glatt Jehóva ósegjanlega að sjá trúfesti þessa ástkæra sonar síns. — Orðskviðirnir 27:11.

¹³ Hvernig var lausnargjaldið greitt? Jehóva leyfði að fullkominn og syndlaus sonur sinn væri tekinn af lífi árið 33, á 14. degi mánaðarins nísan samkvæmt almanaki Gyðinga. Þannig fórnaði Jesús fullkomnu mannlífi sínu „í eitt skipti fyrir öll“. (Hebreabréfið 10:10) Jehóva reisti hann síðan upp sem anda á þriðja degi eftir dauða hans. Á himnum afhenti Jesús Guði andvirði hins fullkomna mannlífs sem hann fórnaði fyrir afkomendur

12. Hvað sönnuðu þjáningar Jesú?

13. Hvernig var lausnargjaldið greitt?

ΙΗΣΟΥΣ ΟΝΑΣΩΡΑΙΟΣ
Ο ΒΑΣΙΛΕΥΣ ΤΩΝ ΙΟΥΔΑΙΩΝ

*Jehóva gaf
eingetinn son sinn
sem lausnargjald
fyrir okkur.*



Adams. (Hebreabréfið 9:24) Jehóva tók við andvirði fórnarinnar og viðurkenndi að hún nægði til að leysa mannkynið úr þrælkun syndar og dauða. — Rómverjabréfið 3:23, 24.


HVADA ÞÝÐINGU HEFUR LAUSNARGJALDIÐ FYRIR ÞIG?

¹⁴ Þótt við séum ófullkomin getum við hlotið ómetanlega blessun vegna lausnargjaldsins. Lítum á nokkur dæmi sem sýna hvernig þessi dýrmæta gjöf Guðs getur verið okkur til góðs bæði núna og í framtíðinni.

¹⁵ *Fyrirgefning synda.* Þar sem við höfum tekið ófullkomleika í arf kostar það okkur harða baráttu að gera rétt. Við syndgum öll í orðum eða verkum. Lausnarfórn Jesú hefur þau áhrif að við getum fengið syndir okkar fyrirgefna. (Kólossubréfið 1:13, 14) Til að fá fyrirgefningu verðum við þó að iðrast í alvöru. Við þurfum líka að ákalla Jehóva í auðmýkt og biðja hann um fyrirgefningu í trú á lausnarfórn sonar hans. — 1. Jóhannesarbréf 1:8, 9.

¹⁶ *Hrein samviska frammi fyrir Guði.* Ef við höfum samviskubit getum við hæglega misst vonina og fundist við vera einskis virði. En með því að fyrirgefa okkur á grundvelli lausnarfórnarinnar gerir Jehóva okkur kleift að tilbiðja sig með hreinni samvisku þótt við séum ófullkomin. (Hebreabréfið 9:13, 14) Þá getum við nálgast Jehóva óhikað í bæn og talað frjálsmannlega við hann. (Hebreabréfið 4:14-16) Hrein samviska gefur okkur hugarfrið, stuðlar að sjálfsvirðingu og gerir okkur hamingjusöm.

14, 15. Hvað þurfum við að gera til að fá syndir okkar fyrirgefna?
16. Hvað gerir okkur kleift að tilbiðja Guð með hreinni samvisku, og hvaða gildi hefur hrein samviska?

A woman with dark hair and glasses, wearing a pink polo shirt, is shown from the chest up, looking down at an open black book she is holding with both hands. The background is a soft, out-of-focus blue.

*Ein leið til að sýna
að við erum þakklát
fyrir lausnargjaldið
er að halda áfram
að kynnast Jehóva.*

¹⁷ *Von um eilíft líf í paradís á jörð.* „Laun syndarinnar er dauði,“ segir Rómverjabréfið 6:23, og bætir svo við: „En náðargjöf Guðs er eilíft líf í Kristi Jesú, Drottni vorum.“ Í 3. kafla bókarinnar ræddum við um þá blessun sem bíður okkar í paradís á jörð. (Opinberunarbókin 21: 3, 4) Öll þessi gæði framtíðarinnar, þar á meðal eilíft líf og fullkomið heilbrigði, byggjast á því að Jesús dó fyrir okkur. Til að hljóta þetta verðum við að sýna að við séum þakklát fyrir lausnargjaldið.

HVERNIG GETURÐU SÝNT ÞAKKLÆTI ÞITT?

¹⁸ Hvers vegna ættum við að vera Jehóva innilega þakklát fyrir að greiða lausnargjaldið? Gjöf er sérstaklega verðmæt ef hún kostar gefandann tíma, erfiði og útgjöld. Gjöf snertir okkur þegar við sjáum að hún er merki þess að gefandanum þyki innilega vænt um okkur. Lausnargjaldið er dýrmætasta gjöf sem hægt er að

17. Hvaða blessun eigum við í vændum vegna þess að Jesús dó fyrir okkur?

18. Af hverju ættum við að vera Jehóva þakklát fyrir að greiða lausnargjaldið?

gefa því að með henni færði Guð mestu fórn sem hægt er að færa. „Svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn,“ segir í Jóhannesi 3:16. Lausnargjaldið er skýrasta merkið um að Jehóva elski okkur. Það vitnar einnig um kærleika Jesú því að hann gaf líf sitt fúslega fyrir okkur. (Jóhannes 15:13) Lausnargjaldið er gjöf sem ætti að sannfæra okkur um að Jehóva og sonur hans elski okkur hvert og eitt. — Galatabréfið 2:20.

¹⁹ Hvernig geturðu þá sýnt að þú sért þakklátur fyrir þessa gjöf Guðs? Í fyrsta lagi ættirðu að *halda áfram að læra um Jehóva, gjafarann mikla*. (Jóhannes 17:3) Biblíunám með hjálp þessarar bókar er góð leið til þess. Því betur sem þú kynnist Jehóva þeim mun vænna þykir þér um hann. Og ást þín á Guði vekur síðan löngun hjá þér til að þóknast honum. — 1. Jóhannesarbréf 5:3.

²⁰ *Sýndu trú á lausnarfórn Jesú*. Sagt er um Jesú: „Sá sem trúir á soninn, hefur eilíft líf.“ (Jóhannes 3:36) Hvernig getum við sýnt að við trúum á Jesú? Þessi trú birtist ekki í orðum einum, enda er „trúin dauð án verka“ eins og segir í Jakobsbréfinu 2:26. Sönn trú birtist í verki. Ein leið til að sýna að við trúum á Jesú er að gera okkar besta til að líkja eftir honum, bæði með orðum okkar og verkum. — Jóhannes 13:15.

²¹ *Vertu viðstaddur hina árlegu kvöldmáltíð Drottins*. Kvöldið 14. nísan árið 33 innleiddi Jesús sérstaka hátíð sem Biblían kallar ‚máltíð Drottins‘. (1. Korintubríf 11:20; Matteus 26:26-28) Hún er einnig kölluð minningarhátíðin um dauða Krists. Jesús innleiddi hana til að

19, 20. Hvernig geturðu sýnt að þú sért Guði þakklátur fyrir að greiða lausnargjaldið?

21, 22. (a) Hvers vegna ættum við að vera viðstödd kvöldmáltíð Drottins ár hvert? (b) Um hvað er fjallað í 6. og 7. kafla?

hjálpá postulunum og öllum öðrum sannkristnum mönnum eftir þeirra dag að hafa hugfast að hann gaf fullkomið mannlíf sitt sem lausnargjald þegar hann dó. Jesús sagði um þessa hátíð: „Gjörið þetta í mína minningu.“ (Lúkas 22:19) Minningarhátíðin minnir okkur á hinn mikla kærleika Jehóva og Jesú sem birtist í lausnargjaldinu. Við getum sýnt að við séum þakklát fyrir lausnargjaldið með því að vera viðstödd minningarhátíðina um dauða Jesú ár hvert.*

²² Lausnargjaldið, sem Jehóva greiddi fyrir okkur, er ómetanleg gjöf. (2. Korintubríf 9:14, 15) Áhrif þess ná meira að segja til þeirra sem eru dánir. Fjallað er um það í 6. og 7. kafla.

* Nánari upplýsingar um þýðingu kvöldmáltíðar Drottins er að finna í viðaukanum á bls. 206-8.

BIBLÍAN KENNIR

- Lausnargjaldið er leið Jehóva til að frelsa mannkynið úr fjötrum syndar og dauða. — Efesusbréfið 1:7.
- Jehóva greiddi lausnargjaldið með því að senda eingetinn son sinn til að deyja fyrir okkur. — 1. Jóhannesarbréf 4:9, 10.
- Vegna lausnargjaldsins eru syndir okkar fyrirgefna, við fáum hreina samvisku og von um eilíft líf. — 1. Jóhannesarbréf 1:8, 9.
- Við sýnum að við erum þakklát fyrir lausnargjaldið með því að kynnast Jehóva betur, láta í ljós að við trúum á lausnarfórn Jesú og sækja kvöldmáltíð Drottins. — Jóhannes 3:16.

Hvar eru hinir dánu?

Hvað verður um okkur þegar við deyjum?

Af hverju deyjum við?

**Væri hughreystandi að vita sannleikann
um dauðann?**

UM ÞÚSUNDIR ára hefur fólk leitað svara við þessum spurningum enda eru þær mikilvægar. Svörin skipta máli fyrir okkur öll, hver sem við erum og hvar sem við búum.

² Í kaflanum á undan var rætt um hvernig lausnarfórn Jesú Krists gæfi mönnum möguleika á eilífu lífi. Þar var einnig bent á að sá tími kæmi að ‚dauðinn yrði ekki framar til‘. (Opinberunarbókin 21:4) En þangað til er það hlutskipti allra að deyja. „Þeir sem lifa, vita að þeir eiga að deyja,“ sagði hinn vitri konungur Salómon. (Prédikarinn 9:5) Við reynum að lifa sem lengst en veltum samt fyrir okkur hvað verði um okkur þegar við deyjum.

³ Við syrgjum þegar við missum ástvini í dauðann. Við spyrjum kannski: Hvað varð um þá? Þjást þeir? Fylgjast þeir með okkur? Getum við hjálpað þeim? Fáum við einhvern tíma að sjá þá aftur? Trúarbrögð heims gefa ólík svör við þessum spurningum. Sum þeirra kenna að góðir menn fari til himna en vondir til vítis og kveljist þar. Önnur trúarbrögð kenna að fólk flytjist yfir í andaheiminn við dauðann og sameinist forfeðrum sínum. Og til eru trúarbrögð sem kenna að hinir dánu fari til undirheima þar

1-3. Hvaða spurninga spyr fólk um dauðann og hvaða svör gefa trúarbrögð heims?

sem þeir séu dæmdir, og síðan endurholdgist þeir eða fæðist á nýjan leik í öðrum líkama.

⁴ Þessi trúarbrögð eiga eitt sameiginlegt — þau kenna að einhver hluti mannsins lifi áfram þegar líkaminn deyr. Nálega öll trúarbrögð, bæði fyrr og nú, kenna að maðurinn lifi eilíflega á einhvern hátt og geti séð, heyrt og hugsað. En hvernig getur það verið rétt? Skilningarvit okkar og hugsanir byggjast á starfsemi heilans og heilinn hættir að starfa við dauðann. Minningar okkar, tilfinningar og skilningarvit halda ekki áfram að starfa sjálfstætt með einhverjum dularfullum hætti. Þau lifa ekki áfram þegar heilinn deyr.

HVAD GERIST EIGINLEGA VIÐ DAUÐANN?

⁵ Það er engin ráðgáta fyrir Jehóva Guði, skapara heilans, hvað gerist við dauðann. Hann veit sannleikann og lýsir ástandi hinna dánur í orði sínu, Biblíunni. Hún kennir einfaldlega þetta: *Maðurinn hættir að vera til þegar hann deyr*. Dauðinn er andstæða lífsins. Hinir dánur hvorki sjá né heyra né hugsa. Við höfum engan ósýnilegan hluta sem lifir áfram þegar líkaminn deyr. Við höfum ekki ódauðlega sál eða anda.*

⁶ Eftir að Salómon sagði að hinir lifandi vissu að þeir ættu að deyja bætti hann við: „En hinir dauðu *vita ekki neitt*.“ Hann útlistar þetta nánar og segir að hinir dánur geti hvorki elskað né hatað og að í gröfinni sé „hvorki starfsemi né hyggindi né þekking né víska“. (Prédikarinn 9:5, 6, 10) Sálmur 146:4 tekur í sama streng og segir að áform manna verði að engu við dauðann. Við deyjum

* Fjallað er um hugtökin „sál“ og „anda“ í viðaukanum á bls. 208-11.

4. Hvaða hugmynd um dauðann er sameiginleg mörgum trúarbrögðum?

5, 6. Hvað segir Biblían um ástand þeirra sem eru dánir?

Hvar eru hinir dánu?

Þegar líkaminn deyr. Líf okkar er eins og kertaljós. Loginn *fer* ekkert þegar hann slökknar heldur hverfur einfaldlega.

HVAÐ SAGÐI JESÚS UM DAUÐANN?

⁷ Jesús Kristur lýsti einnig eðli dauðans. Þegar góður vinur hans, Lasarus, dó sagði hann lærisveinunum: „Lasarus, vinur vor, er sofnaður.“ Lærisveinarnir héldu þá að Lasarus væri sofandi og væri að ná sér eftir veikindi. En það var ekki það sem Jesús átti við því að hann sagði í framhaldinu: „Lasarus er dáinn.“ (Jóhannes 11: 11-14) Við tökum eftir að Jesús líkti dauðanum við hvíld og svefn. Lasarus var hvorki á himnum né í logandi víti. Hann var hvorki farinn til fundar við engla né forfeður sína. Hann var ekki endurfæddur sem annar maður. Hann hvíldist í dauðanum, rétt eins og hann svæfi djúpum, draumlausum svefni.

Nefna má fleiri ritningarstaði þar sem dauðanum er líkt við svefn. Þegar lærisveinninn Stefán var grýttur til bana er til dæmis sagt að hann hafi ‚sofnað‘. (Postulasagan 7:60) Páll postuli skrifaði sömuleiðis að sumir samtíðarmenn sínir væru „sofnaðir“ dauðasvefni. — 1. Korintubrэф 15:6.

⁸ Var það ætlun Guðs í upphafi að mennirnir dæju? Nei, Jehóva skapaði manninn til að lifa að eilífu á jörðinni. Eins og fram kom fyrir í bókinni setti Guð fyrstu hjónin í unaðslega paradís. Þau voru alheilbrigð. Hann vildi þeim einungis það besta. Enginn ástríkur faðir óskar þess að börnin hans verði ellihrum, þjáist og deyi. Jehóva elskaði börnin sín og vildi að þau ættu fyrir sér endalause



*Hvert fór
loginn?*

7. Hvernig lýsti Jesús dauðanum?

8. Hvernig vitum við að það var ekki ætlun Guðs að mennirnir dæju?

hamingju á jörðinni. Biblían segir að Jehóva hafi ‚lagt eilífðina í brjóst manna‘. (Prédikarinn 3:11) Hann áskapaði þeim löngun til að lifa að eilífu og hann hefur opnað okkur leið til að það geti orðið að veruleika.

HVERS VEGNA DEYJA MENNIRNIR?

⁹ Hvers vegna deyja mennirnir þá? Til að fá svar við

9. Hvað mátti Adam ekki gera og hvers vegna var ekki erfitt að hlýða því?

*Jehóva skapaði mennina
til að lifa að eilífu á jörðinni.*



Því þurfum við að kanna hvað gerðist meðan fyrsti maðurinn og fyrsta konan voru ein á jörðinni. Biblían segir: „Drottinn Guð lét upp vaxa af jörðinni alls konar tré, sem voru girnileg á að líta og góð að eta af.“ (1. Mósebók 2:9) Eitt skilyrði var þó sett. Jehóva sagði við Adam: „Af öllum trjám í aldingarðinum máttu eta eftir vild, en af skilnings-trénu góðs og ills mátt þú ekki eta, því að jafnshjótt og þú etur af því, skalt þú vissulega deyja.“ (1. Mósebók 2:16, 17) Það var ekki erfitt að hlýða þessu banni. Í garðinum var fjöldi annarra trjáa sem Adam og Eva gátu borðað af. Þarna var þeim gefið sérstakt tækifæri til að sýna að þau væru þakklát Guði sem hafði gefið þeim allt, þar á meðal fullkomið líf. Með því að hlýða gátu þau sýnt að þau virtu yfirráð föður síns á himnum og vildu fylgja kærleiksríkri handleiðslu hans.

¹⁰ Því miður ákváðu fyrstu hjónin að óhlýðnast Jehóva. Satan notaði höggorm sem talbrúðu til að spyrja Evu: „Er það satt, að Guð hafi sagt: ‚Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum?‘“ Eva svaraði: „Af ávöxtum trjáanna í aldingarðinum megum við eta, en af ávexti trésins, sem stendur í miðjum aldingarðinum, ‚af honum,‘ sagði Guð, ‚megið þið ekki eta og ekki snerta hann, ella munuð þið deyja.“ — 1. Mósebók 3:1-3.

¹¹ „Vissulega munuð þið ekki deyja!“ svaraði Satan. „En Guð veit, að jafnshjótt sem þið etið af honum, munu augu ykkar upp ljúkast, og þið munuð verða eins og Guð og vita skyn góðs og ills.“ (1. Mósebók 3:4, 5) Satan vildi telja Evu trú um að það væri henni til góðs að borða forboðna ávöxtinn. Að hans sögn gat hún ákveðið sjálf hvað væri rétt og rangt. Hún gæti gert það sem hún vildi. Satan sakaði Jehóva um að hafa logið til um afleiðingarnar af því að borða ávöxtinn. Eva trúði Satan, tók ávöxt af trénu


10, 11. (a) Hvernig bar það til að fyrstu hjónin óhlýðnuðust Guði? (b) Hvers vegna var óhlýðni Adams og Evu alvarlegt mál?

og borðaði hann. Síðan gaf hún manni sínum ávöxt og hann borðaði líka. En þau vissu betur. Þau vissu að Guð hafði *bannað* þeim að gera þetta. Með því að borða ávöxt af trénu voru þau af ásettu ráði að óhlýðnast einföldum og sanngjörnum fyrirmælum. Þau sýndu fyrirlitningu á himneskum föður sínum og forráðum hans. Slík óvirðing fyrir skapararanum, sem elskaði þau, var óafsakanleg.

¹² Lýsum þessu með dæmi: Hvernig yrði þér innanbrjóstis ef þú hefðir alið upp barn sem óhlýðnaðist þér síðan og sýndi að það bæri enga virðingu fyrir þér og

12. Hvaða dæmi getur auðveldað okkur að skilja hvernig Jehóva var innanbrjóstis þegar Adam og Eva snerust gegn honum?

*Adam kom af leiri jarðar
og sneri þangað aftur.*



Þætti ekki vænt um þig? Það myndi særa þig djúpt. Reyndu þá að ímynda þér hvernig Jehóva hlýtur að hafa liðið þegar bæði Adam og Eva snerust gegn honum.

¹³ Jehóva hafði enga ástæðu til að halda Adam og Evu á lífi endalaust eftir að þau óhlýðnuðust. Þau dóu eins og hann hafði sagt. Þau hættu að vera til. Þau fluttust ekki á andlegt tilverusvið. Við vitum þetta vegna þess að Jehóva sagði Adam það þegar hann lét hann svara til saka fyrir syndina. Hann sagði: „Þú hverfur aftur til jarðarinnar, því að af henni ert þú tekinn. Því að mold ert þú og til moldar skalt þú aftur hverfa!“ (1. Mósebók 3:19) Guð hafði myndað Adam af leiri jarðar, af moldinni. (1. Mósebók 2:7) Adam var ekki til fyrir þann tíma. Þegar Jehóva sagði að Adam myndi hverfa aftur til moldarinnar merkti það að hann myndi hætta að vera til. Hann yrði lífvana rétt eins og leirinn sem hann var gerður úr.

¹⁴ Adam og Eva hefðu getað verið á lífi enn þann dag í dag en þau dóu vegna þess að þau ákváðu að óhlýðnast Guði og syndguðu þar með. Við deyjum vegna þess að allir afkomendur Adams erfðu syndina og dauðann frá honum. (Rómverjabréfið 5:12) Þessi synd er eins og skelfilegur sjúkdómur sem enginn sleppur við og afleiðingar hennar, dauðinn, eru mikil bölvun. Dauðinn er ekki vinur heldur óvinur. (1. Korintubríf 15:26) Við megum vera Jehóva innilega þakklát fyrir að greiða lausnargjald til að bjarga okkur úr klóm þessa hræðilega óvinnar.

ÞAÐ ER OKKUR TIL GÓÐS AÐ VITA SANNLEIKANN UM DAUÐANN

¹⁵ Það er einkar hughreystandi að vita hvað Biblían

13. Hvað sagði Jehóva að myndi gerast þegar Adam dæi og hvað merkir það?

14. Hvers vegna deyjum við?

15. Hvers vegna er hughreystandi að vita sannleikann um dauðann?

kennir um dauðann. Hinir dánu eru lausir við þjáningar og sorgir eins og við höfum séð. Það er engin ástæða til að óttast þá því að þeir geta ekki gert okkur mein. Þeir þurfa ekki á hjálp okkar að halda og geta ekki hjálpað okkur. Við getum ekki talað við þá og þeir geta ekki talað við okkur. Margir áhrifamenn í trúmálum fullyrða ranglega að þeir geti hjálpað hinum dánu og þeir sem trúa því láta þá gjarnan fá peninga fyrir vikið. En sannleikurinn um dauðann veitir okkur vernd fyrir blekkingum þeirra sem kenna þess konar lygar.

¹⁶ Er trúfélagið, sem þú tilheyrir, á sama máli og Biblían varðandi dauðann? Flest trúfélög kenna eitthvað annað vegna þess að Satan hefur haft áhrif á kenningar þeirra. Hann notar fölsk trúarbrögð til að telja fólki trú um að það lifi áfram í andaheiminum eftir að líkaminn deyr. Þetta er lygi sem Satan samtvinnar öðrum lygum í þeim tilgangi að gera fólk fráhverft Jehóva Guði. Hvernig þá?

¹⁷ Eins og áður hefur verið bent á kenna sum trúarbrögð að þeir sem eru vondir í lifanda lífi fari eftir dauðann á stað þar sem þeir kveljast í eilífum eldi. Þessi kenning smánar Jehóva Guð. Jehóva er kærleiksríkur og hann myndi aldrei láta fólk þjást með þessum hætti. (1. Jóhannesarbréf 4:8) Hvað fyndist þér um mann sem refsaði óhlýðnu barni með því að halda hendi þess inni í eldi? Myndirðu bera virðingu fyrir slíkum manni? Nei, þú myndir áreiðanlega ekki vilja kynnast honum. Þér myndi trúlega finnast hann vera mjög grimmur. Satan vill hins vegar að við trúum því að Jehóva kvelji fólk eilíflega í eldi – um ótal milljarða ára!

16. Hver hefur haft áhrif á kenningar margra trúarbragða og hvernig?

17. Hvers vegna setur kenningin um eilífar kvalir smánarblett á nafn Jehóva?

¹⁸ Satan notar sum trúarbrögð til að kenna að við dauðann breytist fólk í anda sem hinir eftirlifandi þurfi að heiðra og virða. Samkvæmt þessari kenningu geta andar hinna dánu annaðhvort orðið voldugir vinir eða illskeyttir óvinir. Margir trúa þessum ósannindum. Þeir óttast hina dánu, heiðra þá og dýrka. Biblían kennir á hinn bóginn að hinir dánu sofi dauðasvefni og að við eigum engan að tilbiðja nema Jehóva, hinn sanna Guð, sem er skapari okkar og gjafari allra hluta. — Opinberunarbókin 4:11.

¹⁹ Það er verðmætt að vita sannleikann um dauðann vegna þess að það verndar okkur fyrir ósannindum sumra trúarbragða. Og það hjálpar okkur að skilja aðrar kenningar Biblíunnar. Loforðið um eilíft líf í paradís fær miklu meira gildi þegar maður áttar sig á því að fólk fer ekki yfir í andaheiminn þegar það deyr.

²⁰ Hinn réttláti Job spurði endur fyrir löngu: „Þegar maðurinn deyr, lifnar hann þá aftur?“ (Jobsbók 14:14) Er hægt að endurlífga þá sem sofa dauðasvefni? Kenning Biblíunnar um það er ákaflega hughreystandi en hún er viðfangsefni næsta kafla.

18. Á hvaða ósannindum byggist tilbeiðsla á hinum dánu?

19. Hvaða aðra kenningu Biblíunnar skiljum við betur þegar við vitum sannleikann um dauðann?

20. Um hvaða spurningu fjöllum við í næsta kafla?

BIBLÍAN KENNIR

- Hinir dánu hvorki sjá né heyra né hugsa. — Prédikarinn 9:5.
- Hinir dánu hvílast. Þeir þjást ekki. — Jóhannes 11:11.
- Við deyjum vegna þess að við erfðum syndina frá Adam. — Rómverjabréfið 5:12.

Látnir ástvinir verða reistir upp

Hvernig vitum við að látnir verða reistir upp?

**Hvað sýnir að Jehóva langar til að reisa
upp þá sem eru dánir?**

Hverjir verða reistir upp frá dauðum?

ÍMYNDAÐU þér að þú sért á flótta undan hættulegum óvini. Þú hleypur sem fætur toga en óvinurinn er bæði fljótari og miklu sterkari en þú. Þú veist að hann er miskunnarlaus vegna þess að þú hefur séð hann drepa nokkra af vinum þínum. Hann dregur á þig hægt og bítandi, hversu hratt sem þú hleypur. Öll von virðist úti. En skyndilega birtist bjargvættur við hlið þér og lofar að hjálpa þér. Hann er miklu sterkari en óvinurinn. Hvílíkur léttir!

² Í vissum skilningi ertu með slíkan óvin á hælunum. Reyndar á það við um alla menn. Í Biblúnni er dauðinn kallaður óvinur eins og fram kom í síðasta kafla. Enginn getur stungið hann af eða hrakið hann á brott. Flest höfum við séð hann leggja einhverja ástvini okkar að velli. En Jehóva er margfalt sterkari en dauðinn. Hann er kærleiksríkur bjargvættur og er búinn að sýna fram á að hann getur yfirbugað þennan óvin. Og hann lofar að gera út af við hann í eitt skipti fyrir öll. „Dauðinn er síðasti óvinurinn, sem verður að engu gjörður,“ segir Biblían. (1. Korintubréf 15:26) Þetta eru gleðifréttir!

1-3. Hvaða óvinur er á hælunum á okkur öllum og hvers vegna er hughreysting í því sem Biblían kennir?

³ Lítum stundarkorn á þau áhrif sem þessi óvinur hefur þegar hann leggur til atlögu. Þá skiljum við betur hvað Jehóva ætlar að gera fyrir okkur. Hann hefur lofað að lífga aftur þá sem dánir eru. (Jesaja 26:19) Hann reisir þá upp frá dauðum. Þetta er gleðileg von.

ÞEGAR ÁSTVINUR DEYR

⁴ Hefurðu misst ástvin? Sársaukinn, sorgin og vanmátturinn getur verið óbærilegur. Þegar dauðinn knýr dyra þurfum við að leita huggunar í orði Guðs. (2. Korintubrэф 1:3, 4) Biblían gefur okkur innsýn í hvað Jehóva og Jesú finnst um dauðann. Jesús, sem var fullkomin eftirmynd föður síns, vissi hve sárt það var að missa ástvin. (Jóhannes 14:9) Þegar hann var staddur í Jerúsalem var hann vanur að heimsækja Lasarus og systur hans, þær Mörту og Maríu, en þau bjuggu í grannbænum Betaníu. Þeim varð vel til vana. Biblían segir að Jesús hafi „elskað þau Mörту og systur hennar og Lasarus“. (Jóhannes 11:5) En Lasarus dó eins og fram kom í síðasta kafla.

⁵ Hvernig var Jesú innanbrjósts þegar vinur hans dó? Frásagan segir að hann hafi verið djúpt snortinn þegar hann hitti sorgmædda vini og ættingja Lasarusar. „Hann komst við í anda og varð hrærður mjög,“ segir Biblían og bætir við: „Þá grét Jesús.“ (Jóhannes 11:33, 35) Hafði Jesús þá enga von fyrst hann syrgði vin sinn? Jú, og hann vissi að stórkostlegur atburður var í þann mund að gerast. (Jóhannes 11:3, 4) Engu að síður fann hann fyrir sársaukanum og sorginni sem dauðinn veldur.

4. (a) Hvers vegna eru viðbrögð Jesú við ástvinamissi lýsandi fyrir tilfinningar Jehóva? (b) Hvaða góða vini átti Jesús?

5, 6. (a) Hvernig brást Jesús við þegar hann hitti sorgmædda ættingja og vini Lasarusar? (b) Af hverju er sorg Jesú uppörvandi fyrir okkur?

⁶ Sorg Jesú er á vissan hátt uppörvandi fyrir okkur því að hún sýnir að Jesús og Jehóva, faðir hans, hata dauðann. En Jehóva Guð er fær um að berjast við þennan óvin og yfirbuga hann. Við skulum sjá hvað Jesús gat gert í krafti Guðs.

„LASARUS, KOM ÚT!“


⁷ Lík Lasarusar hafði verið lagt í helli og steinn settur fyrir hellismunnann. Jesús bað um að steinninn væri tekinn frá. Marta andmælti vegna þess að þetta var á fjórða degi síðan Lasarus dó þannig að líkið var byrjað að rotna. (Jóhannes 11:39) Var þá nokkur von frá mannlegum bæjardyrum séð?

⁸ Steininum var velt frá og Jesús hrópaði hárrí röddu: „Lasarus, kom út!“ Og það skipti engum togum að „hinn dáni kom út“. (Jóhannes 11:43, 44) Þú getur rétt ímyndað þér gleði viðstaddra. Allir vissu að Lasarus var dáiinn – systur hans, aðrir ættingjar, vinir og nágrennar. En nú stóð hann þarna mitt á meðal þeirra, maðurinn sem var þeim svo kær. Fólk hefur örugglega ekki trúnað sínum eigin augum. Margir hafa eflaust faðmað Lasarus fagnandi. Hvílíkur sigur yfir dauðanum!

⁹ Jesús eignaði ekki sjálfum sér heiðurinn af þessu ótrúlega kraftaverki. Rétt áður en hann kallaði Lasarus fram úr gröfinni bar hann fram bæn þar sem kom skýrt fram að þessi upprisa væri Jehóva að þakka. (Jóhannes 11:41, 42) Þetta var ekki eina skiptið sem Jehóva beitti krafti sínum á þennan hátt. Upprisa Lasarusar er aðeins eitt dæmi af níu þar sem Biblían segir frá kraftaverki af

7, 8. (a) Hvers vegna virtist staða Lasarusar vonlaus frá mannlegum bæjardyrum séð? (b) Hvað gerði Jesús?

9, 10. (a) Hvernig upplýsti Jesús hvaðan hann fékk kraft til að reisa Lasarus upp frá dauðum? (b) Hvers vegna er gott fyrir okkur að lesa frásagnir Biblíunnar af upprisu fólks?



*Elía reisti upp frá dauðum
son ekkju nokkurrar.
— 1. Konungabók 17:17-24.*

*Pétur postuli reisti
upp kristna konu
sem hét Dorkas.
— Postulasagan 9:36-42.*



*Upprisa Lasarusar
vakti mikla gleði.
— Jóhannes 11:38-44.*

Þessu tagi.* Það er ánægjulegt að lesa og íhuga þessar frásögur. Þær kenna okkur að Guð fer ekki í manngreinarálit því að í hópi hinna upprisnu voru bæði ungir og aldraðir, karlar og konur og Ísraelsmenn sem og fólk af öðrum þjóðum. Og gleðin, sem þessar frásögur lýsa, er ekki lítil! Þegar Jesús reisti unga stúlku upp frá dauðum urðu foreldrar hennar „frá sér numdir“, svo dæmi sé tekið. (Lúkas 8:56) Jehóva hafði glatt þau með ógleymanlegum hætti.

¹⁰ Þeir sem Jesús reisti upp dóu auðvitað aftur um síðir. Var þá til einskis að reisa þá upp frá dauðum? Nei, þessar frásögur Biblíunnar staðfesta mikilvægan sannleika og veita okkur von.

FRÁSÖGUR BIBLÍUNNAR AF UPPRISU ERU LÆRDÓMSRÍKAR

¹¹ Biblían kennir að „hinir dauðu viti ekki neitt“. Þeir eiga sér ekkert vitundarlíf nokkurs staðar. Frásagan af upprisu Lasarusar staðfestir það. Lýsti Lasarus fjálglega hvernig það hefði verið að vera á himnum? Eða skelfdi hann fólk með hryllingssögum af logandi helvíti? Nei, ekkert slíkt er haft eftir Lasarusi í Biblíunni. Hann „vissi ekki neitt“ þessa fjóra daga sem hann var dáinn. (Prédikarinn 9:5) Lasarus hafði einfaldlega sofið svefni dauðans. — Jóhannes 11:11.

¹² Við lærum það einnig af þessari frásögu að upprisan er veruleiki en ekki skáldskapur. Það voru margir sjónarvottar að því þegar Jesús reisti Lasarus upp frá dauðum. Trúarleiðtogarnir, sem hötuðu Jesú, afneituðu ekki einu

* Hin dæmin er að finna í 1. Konungabók 17:17-24; 2. Konungabók 4:32-37; 13:20, 21; Matteusi 28:5-7; Lúkasi 7:11-17; 8:40-56 og Postulasöggunni 9:36-42 og 20:7-12.

11. Hvernig styður frásagan af Lasarusi orð Prédikarans 9:5?

12. Hvers vegna getum við verið viss um að Lasarus hafi verið reistur upp frá dauðum í raun og veru?

sinni að þetta kraftaverk hefði átt sér stað heldur sögðu: „Hvað eigum vér að gjöra? Þessi maður [Jesús] gjörir mörg tákni.“ (Jóhannes 11:47) Margir komu til að sjá hinn upprisna með þeim afleiðingum að enn fleiri tóku trú á Jesú. Í þeirra augum var Lasarus lifandi sönnun fyrir því að Jesús væri sendur af Guði. Svo áhrifamikil var þessi sönnun að trúarleiðtogar Gyðinga áformuðu að drepa bæði Jesú og Lasarus. — Jóhannes 11:53; 12:9-11.

¹³ Er óraunhæft að viðurkenna upprisuna sem staðreynd? Nei, því að Jesús kenndi að „allir þeir, sem í gröfunum eru,“ verði reistir upp þegar þar að kemur. (Jóhannes 5:28) Jehóva er skapari alls lífs. Er þá erfitt að trúa því að hann geti endurskapað líf? Minni Jehóva er auðvitað veigamikill þáttur í því. Getur hann munað eftir látnum ástvinum okkar? Í alheiminum eru óteljandi stjórnur en Jehóva kallar þær allar með nafni. (Jesaja 40:26) Hann getur því munað eftir látnum ástvinum okkar í smáatriðum og er reiðubúinn að reisa þá upp frá dauðum.

¹⁴ En hvað gefur til kynna að Jehóva langi til að reisa upp þá sem eru dánir? Biblían kennir að honum sé mikið í mun að gera það. Hinn trúfasti Job spurði: „Þegar maðurinn deyr, lifnar hann þá aftur?“ Job átti við að hann myndi hvíla í gröfinni uns tíminn kæmi að Guð minntist hans. Hann sagði við Jehóva: „Þú mundir kalla, og ég — ég mundi svara þér, þú mundir þrá verk handa þinna.“ — Jobsbók 14:13-15.

¹⁵ Hugsaðu þér! Jehóva þráir að vekja hina látnu upp frá dauðum. Er það ekki ánægjuleg tilhugsun að Jehóva skuli vera þannig innanbrjósts? En hvað um upprisu framtíðarinnar? Hverjir verða reistir upp og hvar?

13. Hvers vegna getum við trúað að Jehóva geti í raun og veru reist hina látnu upp frá dauðum?

14, 15. Hvað gefur til kynna að Jehóva langi til að reisa upp þá sem eru dánir?

„ALLIR ÞEIR, SEM Í GRÖFUNUM ERU“

¹⁶ Frásagnir Biblíunnar af því þegar fólk var reist upp frá dauðum kenna okkur margt um upprisu framtíðarinnar. Þeir sem voru reistir upp hér á jörð sameinuðust ástvinum sínum á nýjan leik. Upprisa framtíðarinnar verður svipuð en þó margfalt betri. Eins og fram kom í 3. kafla er það ætlun Guðs að öll jörðin verði paradís. Fólk verður því ekki reist upp til að lifa í heimi þar sem eru stríð, glæpir og sjúkdómar heldur fær það tækifæri til að lifa að eilífu í friði og hamingju hér á jörð.

¹⁷ Hverjir verða reistir upp frá dauðum? Jesús sagði að „*allir* sem í gröfunum væru myndu heyra raust hans og ganga fram“. (Jóhannes 5:28, 29) Opinberunarbókin 20:13 tekur í sama streng og segir: „Hafið skilaði hinum dauðu, þeim sem í því voru, og dauðinn og Hel skiluðu þeim dauðu, sem í þeim voru.“ „Hel“ táknar hina sameiginlegu gröf mannkyns. (Sjá viðaukann á bls. 212-13.) Þessi sameiginlega gröf verður tæmd. Allir þeir milljarðar manna, sem hvíla þar, vakna til lífs á nýjan leik. Páll postuli sagði að „bæði réttlátir og ranglátir“ myndu rísa upp. (Postulasagan 24:15) Hvað merkir það?

¹⁸ Í hópi hinna ‚réttlátu‘ verður margt af því fólki sem sagt er frá í Biblíunni og var uppi áður en Jesús kom til jarðar. Þér verður kannski hugsað til Nóa, Abrahams, Söru, Móse, Rutar, Esterar og margra annarra. Minnst er á margt af þessu trúaða fólki í 11. kafla Hebreabréfsins. Þjónar Jehóva, sem deyja á okkar dögum, eru einnig í hópi hinna ‚réttlátu‘. Svo er upprisuvoninni fyrir að þakka að við þurfum ekki að óttast dauðann. — Hebreabréfið 2:15.

16. Við hvers konar skilyrði fá hinir upprisnu að búa á jörðinni?

17. Hversu víðtæk verður upprisan?

18. Hverjir eru í hópi hinna ‚réttlátu‘ sem hljóta upprisu, og hvaða áhrif getur upprisuvonin haft á þig?

¹⁹ En hvað um þá milljarða manna sem þjónuðu ekki Jehóva af því að þeir þekktu hann ekki? Þetta „rangláta“ fólk er ekki gleymt. Það verður líka reist upp og fær tíma til að kynnast hinum sanna Guði og læra að þjóna honum. Hinir dónu verða reistir upp á þúsund ára tímabili og fá þá tækifæri til að þjóna Jehóva ásamt trúföstu fólki hér á jörð. Þetta verða stórkostlegir tímar. Biblían kallar þetta tímabil dómsdag.*

²⁰ Þýðir þetta að allir menn, sem lifað hafa, verði reistir upp frá dauðum? Nei, Biblían segir að sumir dánir menn séu í Gehenna sem er þýtt „helvíti“ í íslensku biblíunni. (Lúkas 12:5) Nafnið Gehenna er dregið af sorphaugi sem var utan við múra Jerúsalem forðum daga. Þar var brennt sorpi og líkum glæpamanna sem Gyðingar töldu ekki verðskulda greftrun og uppris. Gehenna er því viðeigandi tákn eilífrar eyðingar. Þó að Jesús hafi hlutverki að gegna í því að dæma lifendur og dauða er Jehóva hinn endanlegi dómari. (Postulasagan 10:42) Hann reisir aldrei upp þá sem hann dæmir að séu illmenni og ófúsir til að breyta sér.

HIMNESKA UPPRISAN

²¹ Biblían talar um annars konar uppris. En þá eru menn reistir upp sem andaverur til að lifa á himnum. Aðeins er sagt frá einu slíku dæmi en það er upprisa Jesú Krists.

²² Jehóva leyfði ekki að Jesús lægi áfram í gröfinni eftir að hann var tekinn af lífi. (Sálmur 16:10; Postulasagan 13:34, 35) Hann reisti trúfastan son sinn upp frá dauðum

* Nánari upplýsingar um dómsdag og þær forsendur, sem dæmt er eftir, er að finna í viðaukanum á bls. 213-15.

19. Hverjir kallast „ranglátir“ og hvaða tækifæri gefur Jehóva þeim í gæsku sinni?

20. Hvað er Gehenna og hverjir fara þangað?

21, 22. (a) Hvaða aðra uppris er um að ræða? (b) Hver hlaut fyrstur manna uppris sem andi?

— en ekki sem mann. Pétur postuli segir að Kristur hafi verið „deyddur að líkamanum til, en lifandi gjörður í anda“. (1. Pétursbréf 3:18) Þetta var mikið kraftaverk. Jesús var lifnaður aftur sem voldug andavera! (1. Korintubréf 15:3-6) Hann var fyrstur manna til að hljóta upprisu af þessu tagi en ekki sá síðasti. — Jóhannes 3:13.

²³ Jesús vissi að hann myndi stíga aftur upp til himna innan skamms þannig að hann sagði trúum fylgjendum sínum að hann myndi „búa þeim þar stað“. (Jóhannes 14:2) Hann kallaði þá sem áttu að fara til himna „litla hjörð“. (Lúkas 12:32) Hve margir áttu að vera í þessum tiltölulega litla hópi trúrra kristinna manna? Jóhannes postuli segir samkvæmt Opinberunarbókinni 14:1: „Enn sá ég sýn: Lambið [Jesús Kristur] stóð á Síonfjalli og með því hundrað fjörutíu og fjórar þúsundir, sem höfðu nafn þess og nafn föður þess skrifað á ennum sér.“

²⁴ Þessir 144.000 kristnu menn eru reistir upp til að lifa á himnum og trúfastir postular Jesú eru í þeirra hópi. Hvenær rísa þeir upp? Páll postuli sagði að það ætti að gerast eftir að Kristur kæmi aftur. (1. Korintubréf 15:23) Við lifum einmitt á þeim tíma núna eins og fram kemur í 9. kafla. Þeir fáu, sem eru eftir af hinum 144.000 og deyja á okkar tímum, eru reistir upp til himna þegar í stað. (1. Korintubréf 15:51-55) Langflestir menn eiga það hins vegar fyrir sér að verða reistir upp í framtíðinni til að lifa í paradís á jörð.

²⁵ Jehóva mun yfirbuga óvininn dauðann og útrýma honum fyrir fullt og allt! (Jesaja 25:8) En þú veltir kannski fyrir þér hvert sé hlutverk þeirra sem rísa upp til himna. Þeir eiga sæti í himneskri stjórn sem nefnd er Guðsríki. Við fjöllum meira um þessa stjórn í næsta kafla.

23, 24. Hverjir mynda „litla hjörð“ Jesú og hve margir eru þeir?

25. Um hvað er fjallað í næsta kafla?

BIBLÍAN KENNIR

- Frásagnir Biblíunnar af upprisu veita okkur örugga von. — Jóhannes 11:39-44.
- Jehóva þráir að endurlífga þá sem eru dánir. — Jobsbók 14:13-15.
- Allir sem eru í sameiginlegri gröf mannkyns verða reistir upp frá dauðum. — Jóhannes 5:28, 29.

Hinir dónu verða reistir upp í paradís og sameinast ástvinum sínum þar.



Hvað er Guðsríki?

Hvað segir Biblían um Guðsríki?

Hvað mun Guðsríki gera?

Hvenær hrindir ríki Guðs vilja hans
í framkvæmd á jörðinni?

MILLJÓNIR manna þekkja bænina sem kölluð er faðirvorið. Þetta er hin þekktu bæn sem Jesús Kristur sagði fylgjendum sínum að hafa sem fyrirmynd. Bænin er mjög innihaldsrík og það má læra ýmislegt um kenningar Biblíunnar af fyrstu þrem atriðunum sem beðið er um í henni.

² Jesús sagði áheyrendum sínum í byrjun bænarinnar: „Þannig skuluð þér biðja: Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helgist þitt nafn, til komi þitt ríki, verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni.“ (Matteus 6:9-13) Hvað þýðir þetta þrennt sem hér er beðið um?

³ Við erum búin að fjalla ítarlega um nafn Guðs, Jehóva. Við höfum einnig rætt um vilja hans að vissu marki — um það sem hann hefur gert og ætlar að gera fyrir mannkynið. En hvað átti Jesús við þegar hann kenndi okkur að biðja: „Til komi þitt ríki“? Hvað er ríki Guðs? Hvernig á það að helga nafn hans þegar það kemur? Og hvernig er koma þess tengd því að vilji Guðs nái fram að ganga?

-
1. Hvaða þekktu bæn ætlum við að skoða?
 2. Nefndu þrennt sem Jesús kenndi lærisveinum sínum að biðja um.
 3. Hvað þurfum við að vita um ríki Guðs?

GUÐSRÍKIÐ

⁴ Ríki Guðs er stjórn sem hann hefur komið á laggirnar með konung að sínu vali. Konungurinn er Jesús Kristur. Hann er meiri en allir valdhafar meðal manna og er nefndur „konungur konunganna og Drottinn drottanna“. (1. Tímóteusarbréf 6:15) Hann hefur vald og mátt til að gera miklu meira en nokkur mennskur valdhafi, jafnvel sá besti og göfugasti.

⁵ Hvar hefur Guðsríki aðsetur? Skoðum málið. Hvar er Jesús Kristur? Eins og þú manst var hann líflátinn á aftökustaur og síðan reistur upp frá dauðum. Skömmu síðar steig hann upp til himna. (Postulasagan 2:33) Ríki Guðs hefur því aðsetur á himnum eins og Jesús. Þess vegna talar Biblían um ‚himneskt ríki‘. (2. Tímóteusarbréf 4:18) En þó að ríki Guðs sé á himnum fer það með völd yfir jörðinni. — Opinberunarbókin 11:15.

⁶ Jesús er einstakur konungur á marga vegu. Svo dæmi sé nefnt er hann ódauðlegur. Biblían ber hann saman við mennska konunga og segir: „Hann einn hefur ódauðleika, hann býr í ljósi, sem enginn fær til komist.“ (1. Tímóteusarbréf 6:16) Þetta hefur í för með sér að allt hið góða, sem Jesús kemur til leiðar, er varanlegt. Og við vitum að hann á eftir að gera margt gott fyrir þegna sína.

⁷ Við skulum líta á eftirfarandi spádóm um Jesús: „Yfir honum mun hvíla andi Drottins: Andi vísdoms og skilnings, andi ráðspeki og kraftar, andi þekkingar og ótta Drottins. Unun hans mun vera að óttast Drottin. Hann mun ekki dæma eftir því, sem augu hans sjá, og ekki skera úr málum eftir því, sem eyru hans heyra. Með réttvísi mun hann dæma hina fátæku og skera með réttlæti

4. Hvað er ríki Guðs og hver er konungur þess?

5. Hvar hefur Guðsríki aðsetur og yfir hverju fer það með völd?

6, 7. Hvað gerir Jesús að einstökum konungi?

úr málum hinna nauðstöddu í landinu.“ (Jesaja 11:2-4) Þessi orð Biblíunnar sýna að Jesús á að vera réttlátur og umhyggjusamur konungur yfir jarðarbúum. Vildir þú hafa slíkan konung?

⁸ En Jesús fer ekki einn með völd í Guðsríki. Hann á sér meðstjórnendur. Páll postuli sagði Tímóteusi: „Ef vér stöndum stöðugir, þá munum vér og með honum ríkja.“ (2. Tímóteusarbréf 2:12) Guð hefur valið Pál, Tímóteus og fleira trúfast fólk til að deila völdum með Jesú í ríkinu á himnum. Hversu margir fá þetta einstæða verkefni?

⁹ Eins og fram kom í 7. kafla fékk Jóhannes postuli að sjá sýn þar sem „lambið [Jesús Kristur] stóð á Síonfjalli [sem táknar konungstign hans á himnum] og með því hundrað fjörutíu og fjórar þúsundir, sem höfðu nafn þess og nafn föður þess skrifað á ennum sér“. Hverjar eru þessar 144.000? Jóhannes segir: „Þeir fylgja lambinu hvert sem það fer. Þeir voru leystir út úr hóp manna, frumgróði handa Guði og handa lambinu.“ (Opinberunarbókin 14:1, 4) Þetta eru trúfastir fylgjendur Jesú Krists sem eru sérstaklega útvaldir til að „ríkja yfir jörðunni“ með honum. (Opinberunarbókin 5:10, *Biblían 1859*) Þeir taka við þessu hlutverki eftir að þeir eru reistir upp frá dauðum til himna. Allt frá tímum postulanna hefur Guð verið að velja trúfasta kristna menn til að ná tölunni 144.000.

¹⁰ Það er ákaflega kærleiksríkt að láta Jesú og hinar 144.000 fara með völd yfir mannkyninu. Jesús þekkir af

8. Hverjir ríkja með Jesú?

9. Hve margir eiga að stjórna með Jesú og hvenær byrjaði Guð að velja þá?

10. Hvers vegna er það kærleiksríkt að velja Jesú og hinar 144.000 til að stjórna mannkyninu?

eigin raun hvernig það er að vera maður og þjást. Páll sagði um hann: „Ekki höfum vér þann . . . er eigi geti séð aumur á veikleika vorum, heldur þann, sem freistað var á allan hátt eins og vor, en án syndar.“ (Hebreabréfið 4:15; 5:8) Meðstjórnendur hans þekkja sömuleiðis hvernig það er að vera maður og þjást. Auk þess vita þeir hvernig það er að vera ófullkominn og eiga við alls konar veikindi að stríða. Þeir skilja erfiðleika manna.

HVAÐ MUN RÍKI GUÐS GERA?

¹¹ Eftir að hafa hvatt lærisveina sína til að biðja um að ríki Guðs komi benti Jesús þeim á að þeir skyldu biðja: „Verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni.“ Guð er á himnum þar sem trúfastir englar hafa alltaf gert vilja hans. Í 3. kafla er hins vegar sagt frá því hvernig illur engill hætti að gera vilja Guðs og fékk Adam og Evu til að syndga. Í 10. kafla er útlistað nánar hvað Biblían segir um þennan illa engil. Hann er kallaður Satan djöfullinn og englarnir, sem kusu að fylgja honum, eru nefndir illir andar. Þeir fengu að vera áfram á himnum um sinn, þannig að það gerðu ekki allir vilja Guðs á himnum á þeim tíma. En það átti að breytast þegar ríki Guðs tæki völd. Þá átti hinn nýkrýndi konungur, Jesús Kristur, að heyja stríð við Satan. — Opinberunarbókin 12:7-9.

¹² Eftirfarandi spádómsorð lýsa því sem átti að gerast: „Ég heyrði mikla rödd á himni segja: „Nú er komið hjálpræðið og mátturinn og ríki Guðs vors, og veldi

11. Af hverju sagði Jesús lærisveinum sínum að biðja þess að vilji Guðs yrði gerður á himnum?

12. Hvaða tveim mikilvægu atburðum er lýst í Opinberunarbókinni 12:10?

hans Smurða. Því að niður hefur verið varpað kæranda bræðra vorra [Satan], honum sem þá kærir fyrir Guði vorum dag og nótt.“ (Opinberunarbókin 12:10) Tókstu eftir tveim afar þýðingarmiklum atburðum sem lýst er í þessu versí? Í fyrsta lagi tekur ríki Guðs í höndum Jesú Krists til starfa. Í öðru lagi er Satan úthýst af himnum og varpað niður til jarðar.

¹³ Hvaða afleiðingar hafa þessir tveir atburðir haft? Við lesum um það sem gerðist á himnum: „Fagnid því himnar og þér sem í þeim búið.“ (Opinberunarbókin 12:12) Trúir englar Guðs fagna vegna þess að allir á himnum þjóna Jehóva Guði eftir að Satan og illu öndunum hefur verið úthýst. Þar ríkir nú alger og óslitinn friður og samlyndi. Vilji Guðs er gerður á himnum núna.

¹⁴ En hvað um jörðina? „Vei sé jörðunni og hafinu, því að djöfullinn er stiginn niður til yðar í miklum móð, því að hann veit, að hann hefur nauman tíma,“ segir Biblían. (Opinberunarbókin 12:12) Satan er ævareiður yfir því að hafa verið úthýst af himnum og hafa aðeins stuttan tíma til umráða. Í reiði sinni veldur hann alls konar hörmungum á jörðinni. Við fjöllum nánar um þessar hörmungar í næsta kafla. En í ljósi þessa vaknar sú spurning hvernig ríki Guðs stuðli að því að vilji hans verði á jörðinni.

¹⁵ Við munum hver vilji Guðs er með jörðina. Það var fjallað um það í 3. kafla. Guð sýndi fram á það í Eden að jörðin ætti að vera paradís byggð réttlátum mönnum sem lifðu endalaust. Satan fékk Adam og Evu til að syndga. Það hafði áhrif á hvernig vilji Guðs með jörðina

13. Hvaða áhrif hafði það að Satan var úthýst af himnum?

14. Hvaða áhrif hefur það haft að Satan var varpað niður til jarðar?

15. Hver er vilji Guðs með jörðina?

náði fram að ganga en breytti honum ekki. Það er enn þá ætlun Jehóva að hinir réttlátu fái jörðina til eignar og búi á henni að eilífu. (Sálmur 37:29; Matteus 5:5) Ríki hans mun koma því til leiðar. Hvernig?

¹⁶ Lítum á spádóminn í Daníelsbók 2:44. Þar stendur: „Á dögum þessara konunga mun Guð himnanna hefja ríki, sem aldrei skal á grunn ganga, og það ríki skal engri annarri þjóð í hendur fengið verða. Það mun knosa og að engu gjöra öll þessi ríki, en sjálft mun það standa að eilífu.“ Hvað segir þessi spádómur um ríki Guðs?

¹⁷ Í fyrsta lagi segir hann að ríki Guðs yrði stofnsett „á dögum þessara konunga“, það er að segja meðan önnur ríki væru enn starfandi. Í öðru lagi kemur fram að ríki Guðs er eilíft. Engin önnur stjórn á eftir að sigra það og taka við af því. Í þriðja lagi sjáum við að það kemur til stríðsátaka milli ríkis Guðs og ríkja þessa heims. Ríki Guðs fer með sigur af hólmi og verður þá eina stjórnin yfir mannkyninu. Þá munu mennirnir búa við bestu stjórn sem þeir hafa nokkurn tíma kynnst.

¹⁸ Biblían gefur margs konar upplýsingar um lokastríðið milli ríkis Guðs og ríkja þessa heims. Hún segir til dæmis frá því að illir andar breiði út lygar til að blekkja „konunga allrar heimsbyggðarinnar“ þegar endirinn nálgast. Markmiðið er að „safna þeim [konungunum] saman til stríðsins á hinum mikla degi Guðs hins alvalda“. Þeim verður safnað saman á „þann stað, sem á hebresku kallast Harmagedón“. (Opinberunarbókin 16:14, 16) Með hliðsjón af þessum tveim versum er lokastríðið milli ríkja manna og ríkis Guðs kallað Harmagedónstríðið.

16, 17. Hvað segir um ríki Guðs í Daníelsbók 2:44?

18. Hvað er lokastríðið milli ríkis Guðs og ríkja manna kallað?

¹⁹ Hverju áorðar Guðsríki í Harmagedónstríðinu? Leiddu hugann aftur að vilja Guðs með jörðina. Jehóva Guð ætlaði sér að jörðin yrði paradís byggð réttlátum og fullkomnum þjónum sínum. Hvað stendur í vegi fyrir því að hún sé það núna? Í fyrsta lagi erum við syndug og við veikjumst og deyjum. Í 5. kafla kom hins vegar fram að Jesús hafi dáið fyrir okkur til að við gætum lifað að eilífu. Þú manst sennilega eftir því sem segir í Jóhannesarguðspjalli: „Svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glattist ekki, heldur hafi eilíft líf.“ — Jóhannes 3:16.

²⁰ Annar vandi, sem við er að glíma, er sá að margar gera illt af sér. Fólk lýgur, svíkur og lifir siðlausu lífi. Það *langar* ekki til að gera vilja Guðs. Þeir sem stunda hið illa munu falla í Harmagedónstríðinu. (Sálmur 37:10) Og enn ein ástæða fyrir því að vilji Guðs er ekki gerður á jörðinni er sú að stjórnvöld hvetja ekki fólk til þess. Margar stjórnir eru veikburða, grimmar eða spilltar. Biblían segir hreinskilnislega: „Einn maðurinn drottinnar yfir öðrum honum til ógæfu.“ — Prédikarinn 8:9.

²¹ Eftir Harmagedónstríðið verður aðeins ein stjórn yfir jörðinni, Guðsríki. Þessi stjórn mun gera vilja Guðs og vera mannkyni til mikilla heilla. Hún á til dæmis eftir að taka Satan og illu andana úr umferð. (Opinberunarbókin 20:1-3) Þjónar Guðs munu njóta góðs af lausnarfórn Jesú þannig að þeir hætta að veikjast og deyja. Þegar ríki Guðs hefur tekið völd eiga þeir möguleika á að lifa að eilífu. (Opinberunarbókin 22:1-3) Jörðinni verður breytt í paradís. Þannig kemur ríki Guðs

19, 20. Hvað kemur í veg fyrir að vilji Guðs sé gerður á jörðinni núna?

21. Hvernig kemur ríki Guðs því til leiðar að vilji hans nær fram að ganga á jörðinni?



Það hafði í för með sér miklar þrengingar á jörðinni þegar Satan og illu öndunum var úthýst af himnum. Þrengingarnar taka bráðlega enda.

því til leiðar að vilji hans nær fram að ganga hér á jörð og nafn hans verður helgað. Það merkir að með tíð og tíma munu allir heiðra nafn Jehóva.

HVENÆR LÆTUR GUÐSRÍKI TIL SKARAR SKRÍÐA?

²² Ljóst er að ríki Guðs var ókomið þegar Jesús kenndi fylgjendum sínum að biðja: „Til komi þitt ríki.“ Kom það þegar Jesús steig upp til himna? Nei, því að bæði Pétur og Páll sögðu að spádómurinn í Sálmi 110:1 hafi ræst á honum eftir að hann var reistur upp frá dauðum. Þar stendur: „Svo segir Drottinn við herra minn: „Sest þú mér til hægri handar, þá mun ég leggja óvini þína sem fót-skör að fótum þér.““ (Postulasagan 2:32-35; Hebreabréfið 10:12, 13) Það yrði einhver bið á því að Guðsríki kæmi.

²³ Hversu löng yrði biðin? Biblíunemendur á 19. og 20. öld áttuðu sig smám saman á að biðtíminn tæki enda árið 1914. (Sjá nánar um þetta ártal í viðaukanum á bls. 215-18.) Sú atburðarás, sem hófst í heimsmálunum það ár, staðfestir að skilningur þessara einlægu

22. Hvers vegna vitum við að ríki Guðs kom ekki meðan Jesús var á jörðinni og ekki strax eftir að hann var reistur upp frá dauðum?

23. (a) Hvenær tók ríki Guðs til starfa? (b) Um hvað er fjallað í næsta kafla?

Undir stjórn Guðsríkis nær vilji Guðs fram að ganga á jörðinni eins og á himnum.

BIBLÍAN KENNIR

- Ríki Guðs er himnesk stjórn með Jesú Krist sem konung ásamt 144.000 meðstjórnendum sem eru valdir úr hópi manna. — Opinberunarbókin 14:1, 4.
- Ríki Guðs tók til starfa árið 1914, úthýsti Satan af himnum og kastaði honum niður til jarðar. — Opinberunarbókin 12:9.
- Ríki Guðs eyðir bráðlega öllum stjórnnum manna og breytir jörðinni í paradís. — Opinberunarbókin 16:14, 16.

biblíunemenda var réttur. Þeir biblíuspádómar, sem hafa verið að rætast, sýna að Kristur varð konungur árið 1914 og að Guðsríki tók þá til starfa. Við lifum því núna á þeim ‚nauma tíma‘ sem Satan á eftir. (Opinberunarbókin 12:12; Sálmur 110:2) Við getum einnig sagt með öruggri vissu að ríki Guðs lætur til skarar skríða innan skamms til að láta vilja hans ná fram að ganga á jörðinni. Eru þetta ekki frábær tíðindi? Trúirðu að þetta eigi eftir að gerast? Í næsta kafla geturðu kannað nánar hvað Biblían kennir um þetta mál.



Lifum við á „síðustu dögum“?

**Hvað átti að gerast í heimsámálum á okkar tímum,
að sögn Biblíunnar?**

**Hvað átti að einkenna fólk á „síðustu dögum“
samkvæmt Biblíunni?**

**Hvaða jákvæð framvinda átti að verða
á „síðustu dögum“?**

HEFURÐU horft á sjónvarpsfréttirnar og velt fyrir þér hvert heimurinn stefnir? Átakanlegir atburðir gerast svo óvænt og skyndilega að enginn maður getur spáð hvað morgundagurinn beri í skauti sér. (Jakobsbréfið 4:14) Jehóva veit hins vegar hvað gerist í framtíðinni. (Jesaja 46:10) Fyrir langa löngu var sagt fyrir í Biblíunni hvaða hörmungar myndu dynja á okkur nú á tímum en jafnframt er lýst þeim gæðum sem við eigum í vændum í náinni framtíð.

² Jesús Kristur talaði um ríki Guðs sem ætti að binda enda á illskuna og breyta jörðinni í paradís. (Lúkas 4:43) Fólk langaði til að vita hvenær ríkið kæmi. Lærisveinar Jesú spurðu hann jafnvel: „Hvert mun tákn komu þessar og endaloka veraldar,“ það er að segja heimskerfisins? (Matteus 24:3) Jesús svaraði því til að enginn nema Jehóva Guð vissi nákvæmlega hvenær núverandi heimskerfi myndi líða undir lok. (Matteus 24:36) Hins vegar

1. Hvar fáum við vitneskju um framtíðina?

2, 3. Um hvað spurðu lærisveinarnir Jesú og hverju svaraði hann?

sagði hann þeim hvað myndi gerast á jörð skömmu áður en ríki Guðs kæmi á sönnum friði og öryggi. Það sem hann talaði um er einmitt að gerast núna!

³ Áður en við kynnum okkur rökin fyrir því að við lifum rétt við endalok núverandi heimskerfis skulum við lesa okkur aðeins til um ósýnilegt stríð sem háð var á himni. Við finnum fyrir afleiðingum þess núna þótt enginn maður hafi orðið vitni að sjálfu stríðinu.

STRÍÐ Á HIMNI

⁴ Í kaflanum á undan var sagt frá því að Jesús Kristur hafi orðið konungur á himnum árið 1914. (Daníel 7: 13, 14) Skömmu síðar lét hann til skarar skriða gegn öflugum óvinum. „Þá hófst stríð á himni,“ segir Biblían. „Míkael [annað heiti á Jesú] og englar hans fóru að berjast við drekann [Satan djöfulinn]. Drekin barðist og englar hans.“* Satan og englar hans, illu andarnir, töpuðu stríðinu. Þeim var úthýst af himnum og kastað niður til jarðar. Trúfastir andasynir Guðs fögnuðu því að vera lausir við Satan og illu andana. Það varð hins vegar enginn fögnuður meðal mannanna. Í Biblíunni stendur: „Vei sé jörðunni . . . því að djöfullinn er stiginn niður til yðar í miklum móð, því að hann veit, að hann hefur nauman tíma.“ — Opinberunarbókin 12:7, 9, 12.

⁵ Þú tekur eftir hvaða afleiðingar stríðið á himnum átti að hafa. Í heift sinni myndi Satan valda miklum erfiðleikum á jörðinni. Eins og fram kemur hér á eftir er þetta að gerast núna. En þetta ástand stendur tiltölulega

* Í viðaukanum á bls. 218-19 eru færð rök fyrir því að Míkael og Jesús Kristur séu ein og sama persónan.


4, 5. (a) Hvað átti sér stað á himnum skömmu eftir að Jesús tók við konungdómi? (b) Hvaða afleiðingar átti stríðið á himni að hafa samkvæmt Opinberunarbókinni 12:12?

stutt. Satan hefur „nauman tíma“ og veit það mætavel. Biblían kallar þetta tímabil ‚síðustu daga‘. (2. Tímóteusarbréf 3:1) Það er mjög ánægjulegt til þess að vita að Guð ætlar að stöðva áhrif Satans á jörðinni innan skamms. Við skulum nú líta á sumt af því sem sagt er fyrir í Biblíunni og er að gerast núna. Það sannar að við lifum á síðustu dögum og að ríki Guðs sé í þann mund að veita öllum sem elska hann eilífa gæfu. Við skulum byrja á því að skoða fjóra þætti táknsins sem Jesús sagði myndu ein-kenna þá tíma sem við lifum.

ÞRÓUN HEIMSMÁLA Á SÍÐUSTU DÖGUM

⁶ „Þjóð mun rísa gegn þjóð og ríki gegn ríki.“ (Matteus 24:7) Milljónir manna féllu í styrjöldum síðustu aldar. Breskur sagnfræðingur segir: „Tuttugasta öldin var blóðugasta tímabil sem sögur fara af. . . . Alla öldina var næstum stanslaus styrjöld með aðeins fáeinum, stuttum hléum þegar skipulögð hernaðarátök voru ekki í gangi einhvers staðar.“ Í skýrslu frá bandarísku Worldwatch-stofnuninni segir: „Prefalt fleiri féllu í styrjöldum [20. aldar] en í öllum styrjöldum sem háðar voru frá fyrstu

6, 7. Hvernig er spá Jesú um stríð og hungur að rætast nú á tímum?





öld e.Kr. fram til 1899.“ Yfir 100 milljónir manna hafa fallið í styrjöldum frá 1914. Sumir þekkja af eigin raun hve sárt er að missa ástvin í stríði en það er ógerningur að setja sig í spor þeirra *milljóna* sem hafa orðið fyrir slíkum sársauka.

⁷ „*Þá verður hungur.*“ (Matteus 24:7) Rannsóknarmenn segja að matvælaframleiðsla hafi stórauðist á síðastliðnum 30 árum. Engu að síður er skortur víða vegna þess að margir hafa ekki efni á að kaupa mat eða eiga ekki land til að rækta matvæli handa sér. Rösklega einn milljarður manna í þróunarlöndunum þarf að framfleyta sér á innan við 100 krónum á dag. Flestir þeirra búa við stöðugt hungur. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin áætla að vannæring eigi stóran þátt í dauða meira en fimm milljóna barna á hverju ári.

⁸ „*Þá verða landskjálftar miklir.*“ (Lúkas 21:11) Samkvæmt upplýsingum frá Bandarísku jarðvísindastofnuninni er búist við 19 stórum jarðskjálftum á ári að meðaltali. Þeir eru nógu öflugir til að mannvirki skemmast og sprungur myndast í jörðina. Og að meðaltali hefur orðið nógu öflugur jarðskjálfti á hverju

8, 9. Hvað sýnir að spá Jesú um jarðskjálfta og drepsóttir hefur ræst?

ári til að eyðileggja mannvirki með öllu. Tiltækar heimildir sýna að rúmlega tvær milljónir manna hafa farist af völdum jarðskjálfta frá árinu 1900. Ein heimild segir: „Tækni framfarir hafa einungis dregið lítillega úr manntjóninu.“

⁹ „Þá verða . . . drepsóttir.“ (Lúkas 21:11) Bæði gamalþekktir og nýir sjúkdómar herja á mannkynið, þrátt fyrir framfarir í læknavísindum. Í skýrslu nokkurri kemur fram að 20 vel þekktir sjúkdómar, þeirra á meðal berklar, malaría og kólera, hafi sótt í sig veðrið á síðustu áratugum. Sagt er að það verði æ erfiðara að ráða við suma þeirra með lyfjum. Að minnsta kosti 30 nýir sjúkdómar hafa komið fram á sjónarsviðið á undanförunum áratugum. Sumir eru ólæknandi og banvænir.

EINKENNI FÓLKS Á SÍÐUSTU DÖGUM

¹⁰ Biblían lýsir ekki aðeins ákveðinni framvindu í heimsmálum heldur segir einnig frá breytingum sem myndu setja svip á mannlegt samfélag á síðustu dögum. Páll postuli lýsir hvað myndi einkenna fólk á heildina litið. Við lesum í 2. Tímóteusarbréfi 3:1-5: „Á síðustu dögum munu koma

10. Hvaða mannleg einkenni sérðu í kringum þig sem lýst er í 2. Tímóteusarbréfi 3:1-5?



örðugar tíðir.“ Páll sagði meðal annars að menn myndu verða

- sérgóðir
- fégjarnir
- foreldrum óhlýðnir
- vanþakklátir
- kærleikslausir
- taumlausir
- grimmir
- elska munaðarlífið meira en Guð
- hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar en afneita krafti hennar

¹¹ Eru þessi einkenni áberandi í samfélaginu þar sem þú býrð? Sennilega. Alls staðar er fólk sem sýnir slæm einkenni og það er til merkis um að Guð taki bráðlega í taumana því að Biblían segir: „Þegar óguðlegir greru sem gras og allir illgjörðamennirnir blómguðust, þá var það til þess að þeir skyldu afmáðir verða að eilífu.“ — Sálmur 92:8.

JÁKVÆÐ FRAMVINDA

¹² Hinir síðustu dagar einkennast af miklum erfiðleikum, rétt eins og

11. Hvernig er örlögum óguðlegra lýst í Sálmum 92:8?

12, 13. Hvernig hefur þekkingin vaxið á endalokatímanum?



spáð var í Biblíunni. En þrátt fyrir dapurlegt ástand í heiminum á sér stað jákvæð þróun meðal þeirra sem tilbiðja Jehóva.

¹³ „*Þekkingin mun vaxa,*“ segir í Daníelsbók. Þetta átti að gerast þegar „að endalokunum liði“, einkum frá og með 1914. (Daníel 12:4) Jehóva hefur hjálpað þeim sem langar til að þjóna honum að skilja Biblíuna betur. Þeir hafa fengið betri skilning á nafni Guðs og fyrirætlun, lausnarfórn Jesú Krists, eðli dauðans og upprisunni. Og tilbiðjendur Jehóva hafa lært að lifa heilbrigðu lífi og vera honum til sóma með lífernri sínu. Þeir hafa fengið dýpri skilning á hlutverki Guðsríkis og hvernig það mun bæta ástandið á jörðinni. Hvernig nota þeir þessa þekkingu? Það er liður í öðrum spádómi sem er að uppfyllast núna á síðustu dögum.

¹⁴ „*Þetta fagnaðarerindi um ríkið verður prédikað um alla heimsbyggðina,*“ sagði Jesús Kristur í spádómi sínum um endalok núverandi heimskerfis. (Matteus 24:3, 14) Fagnaðarerindið um ríkið er prédikað um alla jörðina í meira en 230 löndum og á meira en 400 tungumálum. Vottar Jehóva, sem skipta milljónum, eru ötulir að segja fólki hvað ríki Guðs er, hvað það mun gera og hvernig við getum fengið hlutdeild í þeim gæðum sem það færir mannkyni. Þeir eru af „alls kyns fólki og kynkvíslum og lýðum og tungum“. (Opinberunarbókin 7:9) Milljónir manna, sem langar til að kynna sér hvað Biblían kennir, fá ókeypis leiðsögn hjá Vottum Jehóva. Þetta er merkileg uppfylling þessa spádóms, ekki síst þegar haft er í huga að Jesús spáði að sannkristnir menn yrðu „hataðir af öllum“. — Lúkas 21:17.

14. Hversu víða er fagnaðarerindið um ríkið prédikað og hverjir prédika það?

**„Þetta fagnaðareriði um
ríkið verður prédikað um
alla heimsbyggðina öllum
þjóðum til vitnisburðar.“
— Matteus 24:14.**



HVAÐ ÆTLARÐU AÐ GERA?

¹⁵ Ertu ekki sammála því að við lifum á síðustu dögum þegar á það er litið hve margir biblíuspádómar eru að rætast núna? Það er öruggt að „endirinn“ kemur eftir að fagnaðarerindið hefur verið boðað í þeim mæli sem Jehóva vill. (Matteus 24:14) „Endirinn“ er sá tími þegar Guð upprætir alla illsku á jörð. Hann notar Jesú og völduga engla til að útrýma öllum sem standa þrjóskalega á móti honum. (2. Þessaloníkubríf 1:6-9) Þá fá Satan og illu andarnir ekki lengur að leiða þjóðirnar afvega. Í kjölfar þessa mun ríki Guðs færa þeim ólýsanlega gæfu sem beygja sig undir réttláta stjórn þess. — Opinberunarbók-in 20:1-3; 21:3-5.

¹⁶ Illur heimur Satans er í þann mund að líða undir lok þannig að við þurfum að spyrja okkur hvað við eigum að gera. Það er skynsamlegt að halda áfram að afla sér þekkingar á Jehóva og því sem hann vill að við gerum. (Jóhannes 17:3) Kynntu þér Biblíuna markvisst. Vendu þig á að umgangast aðra sem leggja sig fram um að gera vilja Jehóva. (Hebreabréfið 10:24, 25) Notfærðu þér þá ágætu menntun sem Jehóva Guð býður upp á um allan heim, og breyttu því sem þú þarft að breyta í lífi þínu til að njóta velþóknunar hans. — Jakobsbréfið 4:8.

¹⁷ Jesús sagði að flestir myndu hunsa sannanirnar fyrir því að hinir síðustu dagar væru runnir upp. Eyðing hinna óguðlegu kemur skyndilega og óvænt. Hún kemur flestum að óvörum eins og þjófur á nóttu. (1. Þessaloníkubríf 5:2) Jesús sagði: „Eins og var á dögum Nóa, svo

15. (a) Trúirðu að við lifum á síðustu dögum? Hvers vegna? (b) Hvað hefur „endirinn“ í för með sér fyrir þá sem standa á móti Jehóva og þá sem beygja sig undir stjórn Guðsríkis?

16. Hvað er viturlagt af þér að gera?

17. Af hverju kemur eyðing hinna óguðlegu flestum á óvart?

mun verða við komu Mannssonarins. Dagana fyrir flóðið átu menn og drukku, kvæntust og giftust allt til þess dags, er Nói gekk í örkina. Og þeir vissu ekki, fyrr en flóðið kom og hreif þá alla burt. Eins verður við komu Mannssonarins.“ – Matteus 24:37-39.

¹⁸ Þess vegna sagði Jesús áheyrendum sínum: „Hafið gát á sjálfum yður, að hjörtu yðar þyngist ekki við svall og drykkju né áhyggjur þessa lífs og komi svo dagur sá skyndilega yfir yður eins og snara. En koma mun hann yfir alla menn, sem byggja gjörvalla jörð. Vakið því allar stundir og biðið, svo að þér megið umflýja allt þetta, sem koma á, og standast frammi fyrir Mannssyninum.“ (Lúkas 21:34-36) Það er skynsamlegt að taka orð Jesú alvarlega vegna þess að þeir sem hafa velþóknun Jehóva Guðs og Mannssonarins, Jesú Krists, eiga það í vændum að komast lífs af þegar heimskerfi Satans liður undir lok. Þeir eiga það fyrir sér að lifa að eilífu í nýjum heimi sem er rétt fram undan! – Jóhannes 3:16; 2. Pétursbréf 3:13.

18. Hvaða viðvörðun Jesú ættum við að taka alvarlega?

BIBLÍAN KENNIR

- Hinir síðustu dagar einkennast af styrjöldum, matvælastorti, jarðskjálftum og drepsóttum. – Matteus 24:7; Lúkas 21:11.
- Eigingirni, fégræðgi og skemmtanafíkn er áberandi á síðustu dögum en kærleikur til Guðs dvínar. – 2. Tímóteusarbréf 3:1-5.
- Fagnaðarerindið um ríkið er prédikað um allan heim á síðustu dögum. – Matteus 24:14.

Hvaða áhrif hafa andaverur á okkur?

Hjálpa englar mönnum?

Hvaða áhrif hafa illir andar haft á mannkynið? Þurfum við að óttast illa anda?

TIL að kynnast annarri manneskju þurfum við yfirleitt að kynnast fjölskyldu hennar. Til að kynnast Jehóva Guði þurfum við sömuleiðis að kynnast englafjölskyldu hans. Biblían kallar englana ‚guðssyni‘. (Jobsbók 38:7) Hvaða hlutverki gegna þeir í fyrirætlun Guðs? Hafa þeir farið með eitthvert hlutverk í sögu mannkyns? Hafa englar áhrif á líf þitt og þá hvernig?

² Biblían minnst margoft á engla. Við skulum líta á nokkur dæmi til fróðleiks. Hver er uppruni englanna? Kólossubrésið 1:16 segir: „Allt [var] skapað í honum [Jesú Kristi] í himnunum og á jörðinni.“ Allar þær andaverur, sem við köllum engla, eru því skapaðar af Jehóva Guði fyrir milligöngu Jesú sem er frumgetinn sonur hans. Hve margir eru englarnir? Af Biblíunni má ráða að þeir hafi verið skapaðir í hundruð milljóna tali og þeir eru allir voldugir og máttugir. — Sálmur 103:20.*

³ Í Biblíunni er sagt frá því að ‚allir guðssynir hafi

* Opinberunarbókin 5:11 segir um réttláta engla: „Tala þeirra var tíu þúsundir tíu þúsunda.“ Biblían gefur þannig til kynna að englar hafi verið skapaðir í hundruð milljóna tali.

1. Hvers vegna ættum við að lesa okkur til um engla?
2. Hver er uppruni englanna og hve margir eru þeir?
3. Hvað er sagt um engla í Jobsbók 38:4-7?

fagnað' þegar jörðin var grundvölluð. (Jobsbók 38:4-7) Englarnir voru því til löngu áður en maðurinn var skapaður, meira að segja á undan jörðinni. Þetta vers í Biblíunni upplýsir einnig að englarnir séu tilfinningaverur því að þar stendur að þeir hafi „*sungið gleðisöng*‘. Og við tökum eftir að „*allir* guðssynir“ fögnuðu í *sameiningu*. Á þeim tíma tilheyrðu allir englarnir sameinaðri fjölskyldu sem þjónaði Jehóva Guði.

ENGLAR STYRKJA OG VERNDA

⁴ Allt frá því að fyrstu mennirnir voru skapaðir hafa trúir andasynir Guðs haft mikinn áhuga á mannkyninu og fylgst með hvernig Guð hefur unnið að fyrirætlun sinni. (Orðskviðirnir 8:30, 31; 1. Pétursbréf 1:11, 12) Þegar fram liðu stundir sáu þeir hvernig flestir menn hættu að þjóna ástríku skapara sínum. Þeim hefur eflaust þótt dapurlegt að horfa upp á það. Á hinn bóginn verður „fögnuður með englum Guðs“ í hvert sinn sem einn maður snýr aftur til hans. (Lúkas 15:10) Þar sem englarnir láta sér svona annt um velferð þeirra sem þjóna Guði er eðlilegt að hann skuli hafa notað þá æ ofan í æ til að styrkja og vernda trúa þjóna sína á jörðinni. (Hebreabréf-ið 1:7, 14) Lítum á nokkur dæmi.

⁵ Tveir englar hjálpuðu hinum réttláta Lot og dætrum hans þegar Sódómu og Gómorru var eytt vegna illsku borgarbúa. Englarnir leiddu þau burt af svæðinu þannig að þau komust undan. (1. Mósebók 19:15, 16) Öldum síðar var Daníel spámanni kastað í ljónagryfju en hann slapp þaðan óskaddaður. „Guð minn sendi engil sinn og hann lokaði munni ljónanna,“ sagði hann. (Daníel 6:23)

4. Hvernig kemur fram í Biblíunni að trúir englar hafi áhuga á verkum manna?

5. Hvaða dæmi finnum við í Biblíunni um að englar hafi hjálpað mönnum?

Engill frelsaði Pétur postula úr fangelsi á fyrstu öld. (Postulasagan 12:6-11) Englar styrktu Jesú þegar hann hóf þjónustu sína. (Markús 1:13) Og rétt áður en hann dó birtist honum engill sem „styrkti hann“. (Lúkas 22:43) Þetta hlýtur að hafa verið ákaflega hughreystandi fyrir Jesú á þessum mikilvægu stundum í lífi hans.

⁶ Hinir voldugu englar Guðs eru hættir að birtast þjónum hans á jörð. En þó að við sjáum þá ekki halda þeir áfram að vernda þjóna hans, einkum gegn því sem er skaðlegt trú þeirra. „Engill Drottins setur vörð kringum þá er óttast hann, og frelsar þá,“ segir Biblían. (Sálmur 34:8) Það er mjög hughreystandi fyrir okkur að vita þetta vegna þess að til eru illar og hættulegar andaverur sem vilja skaða okkur. Hvaða andaverur eru þetta? Hvaðan koma þær? Hvernig reyna þær að gera okkur mein? Til að svara því skulum við kynna okkur stuttlega hvað gerðist snemma í mannkynssögunni.

ÓVINVEITTAR ANDAVERUR

⁷ Eins og fram kom í 3. kaflanum kviknaði löngun hjá einum af englunum til að ráða yfir öðrum. Hann gerði uppreisn gegn Guði og var síðar nefndur Satan djöfullinn. (Opinberunarbókin 12:9) Á næstu 16 öldum eftir að hann blekkti Evu tókst honum að gera nálega alla menn fráhverfa Guði, ef frá eru taldir fáeinir trúmenn eins og Abel, Enok og Nói. — Hebreabréfið 11:4, 5, 7.

⁸ Á tímum Nóa gerðu fleiri englar uppreisn gegn Jehóva. Þeir yfirgáfu himneska fjölskyldu hans, komu niður til jarðar og mynduðu sér mannlíkama. Ástæðan

6. (a) Hvernig vernda englar Guðs þjóna hans nú á dögum? (b) Við hvaða spurningum ætlum við að leita svara?

7. Hvernig gekk Satan að gera fólk afhuga Guði?

8. (a) Hvernig urðu sumir englar að illum öndum? (b) Hvað þurftu illu andarnir að gera til að lifa af Nóaflóðið?

kemur fram í 1. Mósebók 6:2: „Synir Guðs [sáu], að dætur manna voru fríðar, og tóku sér konur meðal þeirra, allar sem þeim geðjuðust.“ En Jehóva Guð leyfði ekki englum að halda þessu áfram og spilla þannig mannkyninu. Hann lét verða flóð um alla jörðina þannig að óguðlegir menn fórust. Einu mennirnir, sem hann bjargaði, voru trúir þjónar hans. (1. Mósebók 7:17, 23) Hinir uppreisnargjörnu englar, illu andarnir, neyddust til að yfirgefa líkamana sem þeir höfðu myndað sér og snúa aftur til himna sem andaverur. Þeir höfðu skipað sér við hlið Satans sem varð þar með ‚höfðingi illra anda‘. — Matteus 9:34.

*„Guð minn sendi engil sinn og hann lokaði munni ljónanna.“
— Daníel 6:23.*



⁹ Eftir að óhlyðnu englarnir sneru aftur til himna var þeim útskýfað úr fjölskyldu Guðs, rétt eins og Satan, höfðingja þeirra. (2. Pétursbréf 2:4) En þó að þeir geti ekki lengur myndað sér mannlíkama hafa þeir enn þá mjög skaðleg áhrif á mennina. Satan tekst meira að segja að „afvegaleiða alla heimsbyggðina“ með hjálp illu andanna. (Opinberunarbókin 12:9; 1. Jóhannesarbréf 5:19) Hvernig fara þeir að því? Aðallega með því að beita ýmsum brögðum og blekkingum. (2. Korintubríf 2:11) Við skulum kanna nokkrar af aðferðum þeirra.

AÐFERÐIR ILLU ANDANNA

¹⁰ Illu andarnir nota spíritisma til að blekkja fólk. Spíritismi er fólgin í því að vera í sambandi við illa anda, annaðhvort beint eða með hjálp andamiðils. Biblían forðæmir spíritisma og bendir á að við verðum að forðast allt sem tengist honum. (Galatabréfið 5:19-21) Illu andarnir nota spíritismann eins og agn eða beitu. Stanga-veiðimaður notar mismunandi agn til að veiða ólíkar tegundir af fiski. Illu andarnir nota sömuleiðis ýmsar útgáfur af spíritisma til að ná tökum á alls konar fólk.

¹¹ Eitt agnið, sem illu andarnir nota, er spásagnir, að reyna að rýna í framtíðina eða fá vitneskju um hið óþekkta. Við spásagnir er beitt ýmiss konar aðferðum, svo sem stjörnuspám, lófalestri og draumaráðningum, eða notuð hjálpartæki eins og tarotspil eða kristalkúlur. Margir halda að spásagnir séu skaðlausar en Biblían sýnir fram á að spásagnamenn og illir andar vinna saman. Til dæmis minnst Postulasagan 16:16-18 á „spásagnaranda“ sem gerði stúlku einni kleift „að spá“. Hún

9. (a) Hvað varð um illu andana þegar þeir sneru aftur til himna?
(b) Hvað ætlum við að kanna núna?

10. Hvað er spíritismi?

11. Hvað eru spásagnir og hvers vegna ættum við að forðast þær?




Illu andarnir nota margs konar aðferðir til að blekkja fólk.

missti spásagnargáfuna þegar illi andinn var rekinn út af henni.

¹² Önnur blekking, sem illir andar beita, er sú að hvetja fólk til að leita fréttu af hinum dánú. Fólk sem syrgir látinn ástvin lætur oft blekkjast af röngum hugmyndum um eðli dauðans. Andamiðill kemur kannski með sérstakar upplýsingar eða talar með rödd sem virðist vera rödd látins manns. Þetta sannfærir marga um að hinir dánú séu í rauninni lifandi. Þeir halda að sorgin verði léttbærari ef þeir eru í sambandi við þá. En slík „hughreysting“ er fölsk og jafnframt hættuleg vegna þess að illu andarnir geta líkt eftir rödd hins látna og gefið andamiðlinum upplýsingar um hann. (1. Samúelsbók 28: 3-19) Og eins og fram kom í 6. kafla hættir maðurinn að vera til við dauðann. (Sálmur 115:17) Sá sem „leitar fréttu af framliðnum“ lætur illu andana því blekkja sig og

12. Hvers vegna er hættulegt að reyna að komast í samband við hina látnu?



**VIÐ STÖNDUM
GEGN ILLUM ÖNDUM
MEÐ ÞVÍ AÐ**

- losa okkur við allt sem tengist spíritisma
- nema Biblíuna
- biðja til Guðs

gengur í berhögg við vilja Guðs. (5. Mósebók 18:10, 11; Jesaja 8:19) Láttu ekki blekkjast af þessu hættulega agni illu andanna.

¹³ Satan og illu andarnir reyna að hræða fólk auk þess að blekkja það. Þeir eru illskeyttari núna en nokkru sinni fyrr enda vita þeir að þeir hafa aðeins „nauman tíma“ til umráða áður en þeir verða teknir úr umferð. (Opinberunarbókin 12:12, 17) Þúsundum manna, sem lifðu í stöðugum ótta við illa anda, hefur engu að síður tekist að losna við óttann. Hvernig? Hvað er til ráða ef maður hefur nú þegar leiðst út í spíritisma?

AÐ STANDA GEGN ILLU ÖNDUNUM

¹⁴ Biblían lýsir bæði hvernig við getum staðið gegn illum öndum og losnað undan áhrifum þeirra. Kristnir menn í borginni Efesus á fyrstu öld eru gott dæmi um það. Sumir þeirra höfðu stundað spíritisma áður en þeir snerust til kristinnar trúar. Biblían lýsir hvað þeir gerðu þegar þeir ákváðu að snúa baki við spíritismanum: „Allmargir er farið höfðu með kukl, komu með bækur sínar og brenndu þær að öllum ásjáandi.“ (Postulasagan 19:19) Með því að eyðileggja bækur sínar um kukl og spíritisma eru þessir kristnu menn gott dæmi um hvað þurfi að gera til að standa gegn illum öndum. Þeir sem vilja þjóna Jehóva þurfa að losa sig við allt sem tengist spíritisma, þar á meðal bækur, tímarit, kvikmyndir, veggspjöld og tónlistarupptökur sem hvetja til slíkra iðkana og sýna þær í spennandi og jákvæðu ljósi. Hið sama er að segja um verndargripi eða annað sem menn bera á sér í því skyni að vernda sig gegn illu. — 1. Korintubrэф 10:21.

13. Hvað hefur mörgum, sem óttuðust illu andana, tekist að gera?

14. Hvernig getum við losnað undan áhrifum illra anda líkt og kristnir menn í Efesus á fyrstu öld?

¹⁵ Páll postuli skrifaði kristnum mönnum í Efesus nokkrum árum eftir að þeir eyðilögðu bækurnar um spíritismann: „Baráttan, sem vér *eigum* í, er . . . við anda-verur vonskunnar.“ (Efesusbréfið 6:12) Illu andarnir voru ekki af baki dottnir. Þeir voru enn þá að reyna að ná yfirhöndinni. Hvað annað þurftu þessir þjónar Guðs þá að gera? Páll sagði: „Takið umfram allt skjöld trúarinnar, sem þér getið slökkt með öll hin eldlegu skeyti hins vonda,“ það er að segja Satans. (Efesusbréfið 6:16) Því sterkari sem skjöldur trúarinnar er, þeim mun meira við-nám höfum við gegn illu öndunum. — Matteus 17:20.

¹⁶ Við getum styrkt trúna með biblíunámi. Múrveggur er aldrei sterkari en grunnurinn sem hann er reistur á. Trúarstyrkur okkar er sömuleiðis undir því kominn hve sterkur grunnurinn er, það er að segja þekkingin á orði Guðs, Biblíunni. Við styrkjum trúna með því að lesa og rannsaka Biblíuna daglega. Sterk trú ver okkur fyrir áhrifum illra anda eins og traustur múrveggur. — 1. Jóhannesarbréf 5:5.

¹⁷ Hvað annað þurftu kristnir menn í Efesus að gera? Þeir þurftu að fá enn meiri vernd vegna þess að þeir bjuggu meðal fólks sem stundaði spíritisma af miklu kappi. Páll sagði þeim: „Gjörið það með bæn og beiðni og biðjið á hverri tíð í anda.“ (Efesusbréfið 6:18) Við búum í heimi þar sem spíritismi er mjög útbreiddur þannig að við þurfum að biðja Jehóva einlæglega um vernd til að geta staðið gegn illu öndunum. Við þurfum að sjálfsgöðu að nefna nafn Jehóva í bænum okkar. (Orðskviðirnir 18:10) Við ættum því stöðugt að biðja Jehóva um að „frelsa oss frá hinum vonda“, Satan djöfl-

15. Hvað þurfum við að gera til að standa gegn áhrifum illra anda?

16. Hvernig getum við styrkt trúna?

17. Hvað er nauðsynlegt að gera til að standa gegn áhrifum illra anda?

inum. (Matteus 6:13, neðanmáls) Jehóva svarar slíkum bænum. — Sálmur 145:19.

¹⁸ Illu andarnir eru hættulegir en við þurfum ekki að óttast þá ef við stöndum gegn Satan djöflinum og nálægjum okkur Guði með því að gera vilja hans. (Jakobsbréfið 4:7, 8) Máttur þeirra er takmarkaður. Guð refsaði þeim á dögum Nóa og þeir hljóta endanlegan dóm í framtíðinni. (Júdasarbréfið 6) Og höfum hugfast að voldugir englar Jehóva vernda okkur. (2. Konungabók 6:15-17) Þeim er mikið í mun að okkur takist að standa gegn áhrifum illu andanna. Hinir réttlátu englar hvetja okkur til dáða, ef svo má að orði komast. Við skulum því varðveita náin tengsl við Jehóva og trúfasta englafjölskyldu hans. Við skulum líka forðast spíritisma í hvaða mynd sem er og gera alltaf eins og orð Guðs ráðleggur. (1. Pétursbréf 5: 6, 7; 2. Pétursbréf 2:9) Þá er öruggt að við göngum með sigur af hólmi í baráttunni við andaverur vonskunnar.

¹⁹ En hvers vegna hefur Guð umborið illu andana og alla illskuna sem hefur valdið mannkyni ólýsanlegum þjáningum? Þeirri spurningu er svarað í næsta kafla.

18, 19. (a) Af hverju er öruggt að við getum sigrað í baráttunni við andaverur vonskunnar? (b) Hvaða spurningu er svarað í næsta kafla?

BIBLÍAN KENNIR

- Trúfastir englar hjálpa þeim sem þjóna Jehóva. — Hebreabréfið 1:7, 14.
- Satan og illu andarnir afvegaleiða fólk og gera það fráhverft Guði. — Opinberunarbókin 12:9.
- Satan mun flýja frá þér ef þú stendur gegn honum og gerir vilja Guðs. — Jakobsbréfið 4:7, 8.

Af hverju leyfir Guð þjáningar?

**Er það Guð sem veldur þjáningunum
í heiminum?**

Hvaða deilumál kom upp í Eden?

**Hvernig mun Guð bæta þann skaða sem
þjáningar manna hafa valdið?**

ÞÚSUNDIR kvenna og barna voru lögð í fjöldagröf eftir mannskæð átök í stríðshrjáðu landi. Umhverfis gröfina voru reknir niður krossar með áletruninni: „Af hverju?“ Oft er það þessi spurning sem vekur mesta sársaukann. Hún leitar á sorgmætt fólk sem hefur misst ástvini sína eða heimili eða þolað aðrar ómældar þjáningar af völdum hernaðaráttaka, sjúkdóma, slysa eða glæpa. Fólk vill vita af hverju þessir harmleikir eiga sér stað.

² Af hverju leyfir Guð að mennirnir þjáist? Af hverju er heimurinn fullur af ranglæti og hatri ef Guð er almáttugur, kærleiksríkur, vitur og réttlátur? Hafa þessar spurningar einhvern tíma leitað á þig?

³ Er rangt að spyrja hvers vegna Guð leyfi að mennirnir þjáist? Sumir óttast að það sé merki um veika trú að spyrja um slíkt eða það beri vott um óvirðingu gagnvart Guði. Við lestur Biblíunnar kemur hins vegar í ljós að trúað og guðhrætt fólk spurði svipaðra spurninga áður fyrr. Spámaðurinn Habakkuk spurði Jehóva til dæmis: „Hví lætur

1, 2. Hvers konar þjáningar eru hlutskipti manna og um hvað spyrja margir þar af leiðandi?

3, 4. (a) Hvernig sjáum við að það er ekki rangt að spyrja hvers vegna Guð leyfi þjáningar? (b) Hvað finnst Jehóva um illsku og þjáningar?



Jehóva mun binda enda á allar þjáningar.

Þú mig sjá rangindi, hví horfir þú upp á rangsleitni? Eyðing og ofríki standa fyrir augum mér. Af því koma þrætur, og deilur rísa upp.“ — Habakkuk 1:3.

⁴ Ávítaði Jehóva hinn trúfasta spámann fyrir að spyrja svona spurninga? Nei, hann lét einmitt skrásetja einlæg orð Habakkuks í Biblíuna. Hann hjálpaði spámanninum að skilja málin betur og styrkja trú sína. Jehóva vill líka hjálpa þér. Hann ‚ber umhyggju fyrir þér‘ eins og Biblían segir. (1. Pétursbréf 5:7) Hann hatar illskuna meira en nokkur maður og þjáningarnar sem hún hefur í för með sér. (Jesaja 55:8, 9) Af hverju eru þá svona miklar þjáningar í heiminum?

AF HVERJU ERU SVONA MIKLAR ÞJÁNINGAR?

⁵ Fólk innan ýmissa trúarbragða hefur leitað til trúar kennara sinna til að spyrja hvers vegna það séu svona miklar þjáningar í heiminum. Oft er svarið á þá lund að þetta sé vilji Guðs og að hann hafi ákveðið endur fyrir löngu allt sem gerast myndi, þar á meðal alla harmleikina. Fólk fær oft að heyra að vegir Guðs séu órannsakanlegir

5. (a) Hvernig er stundum reynt að skýra þjáningar mannanna?
(b) Hvað kennir Biblían?

eða að fólk, jafnvel börn, deyi af því að hann kalli það til sín til að hafa það hjá sér á himnum. En eins og þú ert búinn að læra er Jehóva Guð aldrei valdur að hinu illa. „Fjarri fer því, að Guð aðhafist illt og hinn Almáttki fremji ranglæti,“ segir Biblían. — Jobsbók 34:10.

⁶ Veistu af hverju margir kenna Guði ranglega um allar þjáningarnar í heiminum? Oft stafar það af því að þeir halda að alvaldur Guð stjórnir honum. Þeir þekkja ekki einfaldan en mikilvægan sannleika sem Biblían kennir. Hann er sá að Satan djöfullinn er raunverulegur stjórnandi heimsins eins og þú lærðir um í 3. kafla.

⁷ Biblían segir skýrt og skorinort að „allur heimurinn sé á valdi hins vonða“. (1. Jóhannesarbréf 5:19) Finnst þér það ekki rökrétt þegar þú hugleiðir málið? Óneitanlega endurspeglar heimurinn persónueinkenni hins ósýnilega anda sem „afvegaleiðir alla heimsbyggðina“. (Opinberunarbókin 12:9) Satan er hatursfullur, svikull og grimmur. Heimurinn, sem hann stjórnar, er þar af leiðandi fullur af hatri, svikum og grimmd. Það er ein af ástæðunum fyrir öllum þjáningunum.

⁸ Í 3. kafla ræddum við um aðra orsök þess að þjáningarnar í heiminum eru svona miklar. Hún er sú að mannkynið hefur verið ófullkomið og syndugt allt frá því að uppreisnin var gerð í Eden. Syndugir menn hafa tilhneigingu til að berjast um yfirráð og það leiðir af sér stríð, þjáningar og kúgun. (Prédikarinn 4:1; 8:9) Þriðja orsök þjáninganna er „tími og tilviljun“. (Prédikarinn 9:11) Í heimi, sem er ekki undir stjórn og vernd Jehóva, má oft rekja þjáningar til þess að fólk er á röngum stað á röngum tíma.

6. Hvers vegna kenna margir Guði um þjáningarnar í heiminum?

7, 8. (a) Hvernig endurspeglar heimurinn persónueinkenni stjórnaanda síns? (b) Hvernig stuðla ófullkomleiki manna og „tími og tilviljun“ að þjáningum?

⁹ Það er hughreystandi til þess að vita að það er ekki Guð sem veldur þjáningum mannanna. Styrjaldirnar, glæpirnir, kúgunin og náttúruhamfarirnar eru ekki honum að kenna. Engu að síður þurfum við að fá svar við því hvers vegna Jehóva leyfir allar þessar þjáningar. Hann er fær um að stöðva þær fyrst hann er almáttugur. Af hverju gerir hann það þá ekki? Guð kærleikans, sem við höfum kynnst, hlýtur að hafa ærna ástæðu fyrir því. — 1. Jóhannesarbréf 4:8.

DEILUMÁL KEMUR UPP

¹⁰ Til að komast að raun um hvers vegna Guð leyfir þjáningar þurfum við að fara aftur til þess tíma þegar þær byrjuðu. Með því að fá Adam og Evu til að óhlýðnast Jehóva hleypti Satan af stað alvarlegu deilumáli. Hann véfengdi ekki *mátt* Jehóva enda veit hann mætavel að máttur hans er takmarkalaus. Hann véfengdi hins vegar að Jehóva hefði *rétt til að stjórna*. Hann fullyrti að Jehóva væri slæmur stjórnandi þegar hann kallaði hann lygara og sagði að hann neitaði þegnum sínum um ákveðin gæði. (1. Mósebók 3:2-5) Satan gaf í skyn að mannkynið væri betur sett ef Guð færi ekki með yfirráðin. Þetta var árás á *drottinvald* Jehóva, á rétt hans til að stjórna.

¹¹ Adam og Eva gerðu uppreisn gegn Jehóva. Þau sögðu í reynd: „Við þurfum ekki að hafa Jehóva sem stjórnanda. Við getum sjálf ákveðið hvað sé rétt og rangt.“ Hvernig gat Jehóva útkljáð þetta mál? Hvernig gat hann kennt öllum þeim vitsmunaverum, sem hann hafði skapað, að uppreisnarseggirnir hefðu á röngu að standa og að aðferðir hans væru í raun og veru bestar? Sumir segja kannski að

9. Af hverju getum við treyst að Jehóva hafi ærna ástæðu fyrir því að leyfa þjáningunum að halda áfram?

10. Hvað véfengdi Satan og hvernig?

11. Af hverju tortímdi Jehóva ekki uppreisnarseggjunum í Eden?



Er nemandinn færari en kennarinn?

Guð hefði einfaldlega átt að tortíma uppreisnarseggjunum og byrja upp á nýtt. En Jehóva hafði lýst yfir að hann ætlaði sér að fylla jörðina afkomendum Adams og Evu og þeir ættu að búa í paradís á jörð. (1. Mósebók 1:28) Jehóva gerir *alltaf* það sem hann ætlar sér. (Jesaja 55:10, 11) Þó að hann hefði losað sig við uppreisnarseggina í Eden hefði það ekki svarað spurningunum sem höfðu vaknað varðandi rétt hans til að stjórna.

¹² Lýsum þessu með dæmi. Segjum sem svo að kennari sé að útskýra fyrir nemendum sínum hvernig eigi að reikna flókið dæmi. Gáfaður en uppreisnargjarn nemandi fullyrðir að kennarinn noti ekki rétta aðferð til að reikna dæmið. Hann gefur í skyn að kennarinn sé ekki starfi sínu vaxinn og segist sjálfur kunna miklu betri aðferð til að reikna dæmið. Sumir af nemendum trúa að hann hafi rétt fyrir sér og styðja hann í uppreisninni. Hvað á kennarinn að gera? Hvaða áhrif myndi það hafa á hina nemendurna ef hann vísaði uppreisnarseggjunum á dyr?

12, 13. Lýstu með dæmi hvers vegna Jehóva leyfði Satan að stjórna heiminum og mönnum að ráða sér sjálfir.

Myndu þeir ekki álykta sem svo að gáfaði nemandinn og þeir sem fylgja honum hafi á réttu að standa? Kennarinn gæti glatað virðingu allra í bekknum því að þeir ímynda sér að hann þori ekki að láta reyna á hæfni sína. En setjum sem svo að kennarinn leyfi uppreisnarseggnum að sýna bekknum hvernig *hann* reikni dæmið.

¹³ Jehóva brást við uppreisninni í Eden með svipuðum hætti og kennarinn í dæminu á undan. Höfum hugfast að uppreisnin snerti ekki aðeins uppreisnarseggina sjálfa því að milljónir engla fylgdust með því sem fram fór. (Jobsbók 38:7; Daníel 7:10) Viðbrögð Jehóva við uppreisninni myndu hafa mikil áhrif á alla þessa engla og á allar viti-bornar sköpunarverur hans þegar fram liðu stundir. Hvað gerði Jehóva þá? Hann leyfði Satan að sýna hvernig hann ætlaði að stjórna mannkyninu. Hann leyfði mönnunum sömuleiðis að reyna að ráða sér sjálfir undir handleiðslu Satans.

¹⁴ Kennarinn í dæmisögunni veit að uppreisnargjörnu nemendurnir hafa á röngu að standa. En hann veit líka að það er til góðs fyrir allan bekkinn að leyfa þeim að spreyta sig. Þegar uppreisnarliðinu mistekst sjá allir heiðarlegir nemendur að kennarinn er sá eini sem hefur hæfileika til að kenna bekknum. Og þá skilja þeir mætavel hvers vegna kennarinn rekur uppreisnargjarna nemendur úr bekknum þaðan í frá. Jehóva veit að allir rétt hugsandi menn og englar hafa gott af því að sjá að Satan og fylgjendum hans í uppreisninni hefur mistekist, og að mennirnir eru ófærir um að stjórna sér sjálfir. Þeir læra sama mikilvæga sannleikann og Jeremía forðum daga: „Ég veit, Drottinn, að örlög mannsins eru ekki á hans valdi, né það heldur á valdi gangandi manns að stýra skrefum sínum.“ — Jeremía 10:23.

14. Af hverju er það til góðs að Jehóva skuli hafa leyft mönnunum að ráða sér sjálfir?

AF HVERJU SVONA LENGI?

¹⁵ En af hverju hefur Jehóva leyft þjáningarnar svona lengi? Hvers vegna kemur hann ekki í veg fyrir ýmsa válega atburði? Lítum á tvennt sem kennarinn í dæmisögunni gerði *ekki*. Í fyrsta lagi hindraði hann ekki uppreisnargjarna nemandann í að koma hugmyndum sínum á framfæri. Í öðru lagi hjálpaði hann honum ekki að reikna dæmið. Lítum á tvennt sem Jehóva hefur ákveðið að gera *ekki*. Í fyrsta lagi hefur hann ekki hindrað að Satan og þeir sem fylgja honum reyni að sanna að þeir hafi rétt fyrir sér. Til þess hefur þurft þó nokkurn tíma. Á liðnum árpúsundum hefur mannkynið haft tækifæri til að reyna alls konar aðferðir til að stjórna sér sjálft. Mannkynið hefur tekið ýmsum framförum í vísindum og á öðrum sviðum, en ranglæti, fátækt, glæpir og styrjaldir hafa engu að síður aukist jafnt og þétt. Nú er búið að *sýna fram á* að mannkynið er ófært um að stjórna sér sjálft.

¹⁶ Í öðru lagi hefur Jehóva ekki hjálpað Satan að stjórna þessum heimi. Hefði Guð ekki verið að styðja málstað uppreisnarseggjanna ef hann hefði komið í veg fyrir skelfilega glæpi, svo dæmi sé tekið? Hefði hann þá ekki komið þeirri hugmynd inn hjá fólki að mennirnir væru kannski færir um að stjórna sér sjálfir stórslysalaust? Ef Jehóva gerði það væri hann orðinn þátttakandi í lyginni en það er „óhugsandi . . . að hann fari með lygi“. — Hebreabréfið 6:18.

¹⁷ En hvað um allt tjónið sem hin langa uppreisn gegn Guði hefur valdið? Gleymum ekki að Jehóva er almáttugur. Hann er fær um að bæta fyrir allan þann skaða, sem þjáningar mannanna hafa valdið, og hann mun gera það. Eins og fram hefur komið verða skemmdirnar á jörðinni bættar þegar henni verður breytt í paradís. Vegna

15, 16. (a) Af hverju hefur Jehóva leyft þjáningarnar svona lengi? (b) Hvers vegna hefur Jehóva ekki komið í veg fyrir skelfilega glæpi? 17, 18. Hvernig ætlar Jehóva að bregðast við öllum þeim skaða sem hlotist hefur af stjórn manna og áhrifum Satans?

trúar réttlátra manna á lausnarfórn Jesú verða afleiðingar syndarinnar að engu og þegar upprisan á sér stað verður áhrifum dauðans snúið við. Guð notar Jesú þannig til að „brjóta niður verk djöfulsins“. (1. Jóhannesarbréf 3:8) Jehóva Guð hrindir öllu þessu í framkvæmd á réttum tíma. Við getum verið ánægð með að hann skuli ekki hafa gripið í taumana fyrr, því að þolinmæði hans hefur gefið okkur tækifæri til að kynnast sannleikanum og þjóna honum. (2. Pétursbréf 3:9, 10) Guð hefur allan tímann verið að leita að einlægum tilbiðjendum sínum og hjálpa þeim gegnum þær þrautir sem hafa orðið á vegi þeirra í þessum hrjáða heimi. — Jóhannes 4:23; 1. Korintubríf 10:13.

¹⁸ Einhverjum er kannski spurn hvort það hefði ekki mátt umflýja allar þjáningarnar með því að skapa Adam og Evu þannig að þau *gætu ekki* gert uppreisn. Til að svara því þurfum við að muna eftir mjög sérstakri gjöf sem Guð gaf okkur.

HVERNIG ÆTLARÐU AÐ NOTA GJÖF GUÐS?

¹⁹ Eins og bent var á í 5. kafla voru mennirnir skapaðir með frjálstan vilja. Geriðu þér grein fyrir hve dýrmæt gjöf það er? Guð skapaði ótal dýr sem láta að miklu leyti stjórna af eðlishvöt. Maðurinn hefur smíðað vélmanni sem hægt er að forrita þannig að þau hlýði öllum skipunum sem þeim eru gefnar. Værum við ánægð ef Guð hefði gert okkur þannig úr garði? Nei, við erum þakklát fyrir það

19. Hvaða dýrmætu gjöf hefur Jehóva gefið okkur og hvers vegna ætti okkur að þykja vænt um hana?

Guð hjálpar þér að bera sársaukann.



frelsi sem við höfum til að ákveða hvers konar manneskjur við viljum vera, hvaða stefnu við tökum í lífinu, hverja við veljum okkur að vinum og svo framvegis. Okkur finnst yndislegt að hafa visst frelsi og Guð vill að við njótum þess.

²⁰ Jehóva hefur ekki áhuga á að við þjónum sér af nauðung. (2. Korintubríf 9:7) Hvort finnst foreldrum ánægjulegra — að heyra barnið sitt tjá ást sína af einlægni hjartans eða vegna þess að því er sagt að gera það? Þú þarft því að spyrja þig hvernig þú ætlir að nota hinn frjálsa vilja sem Jehóva gaf þér. Satan, Adam og Eva hefðu ekki getað notað frjálsa viljann á verri veg. Þau höfnuðu Jehóva Guði. Hvað ætlar þú að gera?

²¹ Þú hefur tækifæri til að nota þessa dásamlegu gjöf eins og best verður á kosið. Þú getur gengið til liðs við milljónir manna sem hafa tekið afstöðu með Jehóva. Þeir gleðja hann vegna þess að þeir taka virkan þátt í að sanna að Satan sé lygari og ömurlegur stjórnandi. (Orðskviðirnir 27:11) Þú getur gert það líka með því að velja réttu stefnuna í lífinu. Við fjöllum meira um það í næsta kafla.

20, 21. Hvernig getum við notað frjálsa viljann sem best og af hverju ætti okkur að langa til þess?

BIBLÍAN KENNIR

- Það er ekki Guð sem veldur illskunni í heiminum. — Jobsbók 34:10.
- Satan véfengdi rétt Jehóva til að stjórna þegar hann kallaði hann lygara og sagði að hann neitaði þegnum sínum um ýmis gæði. — 1. Mósebók 3:2-5.
- Jehóva mun nota son sinn, konung Messíasarríkisins, til að binda enda á allar þjáningar meðal manna og bæta þann skaða sem þær hafa valdið. — 1. Jóhannesarbréf 3:8.

Lífarni sem gleður Guð

Hvernig geturðu orðið vinur Guðs?

Hvernig snertir deilan um drottinvald Jehóva þig?

Hvers konar hegðun hefur Jehóva vanþóknun á?

Hvernig geturðu glatt Guð með lífarni þínu?

HVERS konar manneskju vildir þú eiga að vini? Að öllum líkindum þykir þér gott að umgangast fólk sem hefur svipaðar skoðanir, áhugamál og gildismat og þú. Við löðumst að fólk sem er gætt góðum eiginleikum eins og heiðarleika og hlýju.

² Í aldanna rás hefur Jehóva valið sér nána vini meðal manna. Til dæmis kallaði hann Abraham vin sinn. (Jesaja 41:8; Jakobsbréfið 2:23) Hann sagði að Davíð væri „maður eftir sínu hjarta“ vegna þess að hann var sú manngerð sem honum þykir vænt um. (Postulasagan 13:22) Og Jehóva kallaði spámanninn Daníel „ástmög“ sinn. — Daníel 9:23.

³ Af hverju leit Jehóva á Abraham, Davíð og Daníel sem vini sína? „Þú hlýddir minni röddu,“ sagði hann við Abraham. (1. Mósebók 22:18) Jehóva myndar nán tengsl við auðmjúka menn sem gera eins og hann biður þá um. Hann sagði Ísraelsmönnum: „Hlýðið minni raustu, þá skal ég vera yðar Guð og þér skuluð vera mín þjóð.“ (Jeremía 7:23) Þú getur líka orðið vinur Jehóva ef þú hlýðir honum.

1, 2. Nefndu dæmi um menn sem Jehóva taldi nána vini sína.

3. Af hverju velur Jehóva suma menn fyrir vini?

JEHÓVA STYRKIR VINI SÍNA

⁴ Hugsaðu þér hvað það þýðir að eiga Guð að vini. Biblían segir að Jehóva leiti færís að „sýna sig máttkan þeim til hjálpar, sem eru heils hugar við hann“. (2. Kroníkubók 16:9) Hvernig getur Jehóva sýnt þér mátt sinn? Meðal annars eins og fram kemur í Sálmi 32:8 þar sem stendur: „Ég [Jehóva] vil fræða þig og vísa þér veginn, er þú átt að ganga, ég vil kenna þér og hafa augun á þér.“

⁵ Umhyggja Jehóva birtist með einstaklega hlýlegum hætti í þessum orðum. Hann leiðbeinir þér eftir þörfum og gætir þín þegar þú ferð eftir leiðbeiningum hans. Hann vill hjálpa þér að komast gegnum prófraunir og þrengingar sem verða á vegi þínum. (Sálmur 55:23) Ef þú þjónar honum af heilu hjarta geturðu verið eins öruggur og sálmaritarinn sem sagði: „Ég hefi Drottin ætíð fyrir augum, þegar hann er mér til hægri handar, skriðnar mér ekki fótur.“ (Sálmur 16:8; 63:9) Já, Jehóva getur hjálpað þér að lifa eins og hann hefur þóknun á. En hann á sér óvin eins og þú veist sem vill koma í veg fyrir að þú gerir það.

ÁSÖKUN SATANS

⁶ Í kaflanum á undan kom fram hvernig Satan djöfullinn véfengdi drottinvald Guðs. Hann sakaði Guð um að ljúga og gaf í skyn að það væri ósanngjarnt að leyfa ekki Adam og Evu að ákveða sjálf hvað væri rétt og rangt. Eftir að Adam og Eva syndguðu og afkomendur þeirra tóku að dreifast um jörðina véfengdi Satan að nokkur maður þjónaði Guði af réttum hvötum. Hann fullyrti: „Menn þjóna ekki Guði af því að þeir elski hann. Ég get snúið hverjum einasta manni gegn honum ef ég fæ tækifæri til.“ Frásaga Biblíunnar af mannum Job sýnir að Satan hugsaði þannig. Hver var Job og hvernig deildi Satan á hann?

4, 5. Hvernig sýnir Jehóva mátt sinn í þágu þjóna sinna?

6. Hvað véfengdi Satan í sambandi við mennina?

⁷ Job var uppi fyrir um það bil 3600 árum. Hann var góður maður því að Jehóva sagði um hann: „Enginn er hans líki á jörðu, maður ráðvandur og réttlátur, guðhræddur og grandvar.“ (Jobsbók 1:8) Ljóst er að Job gladdi Guð með lífarni sínu.

⁸ Satan dró í efa að Job þjónaði Jehóva af réttum hvötum. Satan sagði við Jehóva: „Hefir þú ekki lagt skjólgarð um hann og hús hans og allt, sem hann á, hringinn í kring? Handaverk hans hefir þú blessað, og fénaður hans breiðir sig um landið. En rétt þú út hönd þína og snert þú allt, sem hann á, og mun hann þá formæla þér upp í opið geðið.“ — Jobsbók 1:9-11.

⁹ Satan hélt því fram að Job þjónaði Guði einungis launanna vegna. Hann fullyrti að Job myndi snúast gegn Guði ef á hann reyndi. Hvernig brást Jehóva við ögrun Satans? Þar sem deilan snerist um hvatir Jobs leyfði Jehóva Satan að reyna hann. Það myndi draga fram í dagsljósið hvort Job elskaði Guð eða ekki.

PRÓFRAUNIR JOBS

¹⁰ Satan beið ekki boðanna heldur reyndi Job með ýmsum hætti. Búpeningi hans var ýmist stolið eða hann drepinn. Flestir af þjónum hans voru myrtir. Þetta hafði fjárhagserfiðleika í för með sér. Annað áfall reið yfir þegar tíu börn Jobs fórust í ofviðri. En þrátt fyrir þessi miklu áföll „syndgaði Job ekki, og ekki átaldi hann Guð heimskulega“. — Jobsbók 1:22.

¹¹ Satan var ekki af baki dottinn. Hann vissi reyndar að Job hafði þolað það að missa eigur sínar, þjóna og börn,

7, 8. (a) Hvernig skar Job sig úr fjöldanum? (b) Hvernig dró Satan í efa að Job þjónaði Guði af réttum hvötum?

9. Hvernig brást Jehóva við ögrun Satans og af hverju?

10. Fyrir hvaða áföllum varð Job og hvernig brást hann við?

11. (a) Hverju hélt Satan fram þessu næst og hvað gerði Jehóva? (b) Hvernig brást Job við kvalafullum sjúkdómi sínum?



*Job var launuð
trúfesti sín.*

en hann virðist hafa ímyndað sér að Job hlyti að snúast gegn Guði ef hann veiktist. Jehóva leyfði Satan að slá Job andstyggilegum og kvalafullum sjúkdómi. En Job missti samt ekki trúna á Guð heldur sagði einbeittur í bragði: „Þar til er ég gef upp andann, læt ég ekki taka frá mér sakleysi mitt.“ — Jobsbók 27:5.

¹² Job vissi ekki að það var Satan sem var valdur að ógæfu hans. Hann óttaðist að það væri Guð sem hefði valdið þessu því að hann vissi ekki í einstökum atriðum hvernig Satan hafði véfengt drottinvald Guðs. (Jobsbók 6:4; 16:11-14) Hann var engu að síður ráðvandur Jehóva. Og Job sannaði með trúfesti sinni að Satan hefði farið með rangt mál þegar hann fullyrti að hann þjónaði Guði af eigingjörnum hvötum.

¹³ Trúfesti Jobs gaf Jehóva ótvírætt svar við dylgjum og ásökunum Satans. Job var sannur vinur Jehóva og Jehóva launaði honum trúfestina. — Jobsbók 42:12-17.

HVERNIG SNERTIR DEILUMÁLID ÞIG?

¹⁴ Deilan um ráðvendni Jobs gagnvart Guði, sem Satan hleypti af stað, snerti fleiri en Job. Hún snertir þig líka. Þetta kemur greinilega fram í Orðskviðunum 27:11 þar sem stendur: „Vertu vitur, sonur minn, og gleð hjarta mitt, svo að ég geti svarað þeim orði, sem smána mig.“ Þessi orð, sem voru skrifuð öldum eftir daga Jobs, sýna að Satan var samur við sig og hélt áfram að smána Guð og ásaka þjóna hans. Þegar við lifum lífinu eins og Jehóva vill að við gerum eigum við þátt í að svara hinum röngu ákærum Satans og við gleðjum hjarta Jehóva. Hvað finnst þér um það? Væri ekki frábært að eiga þátt í að svara lygum Satans, þó að það kosti að breyta einhverju í lífi þínu?

12. Hvernig afsannaði Job dylgjur Satans?

13. Hvaða áhrif hafði trúfesti Jobs við Guð?

14, 15. Af hverju getum við sagt að dylgjur Satans um Job snerti *alla* menn?

¹⁵ Taktu eftir að Satan sagði: „Fyrir líf sitt gefur *maðurinn* allt sem hann á.“ (Jobsbók 2:4) Með orðinu „maðurinn“ var Satan að segja að hann væri ekki aðeins að ásaka Job heldur *alla* menn. Þetta er mjög þýðingarmikið. Satan véfengir að þú sért ráðvandur Guði. Hann vill að þú óhlýðnist honum og hættir að gera rétt þegar erfiðleikar verða á vegi þínum. Hvaða aðferðir notar hann til þess?

¹⁶ Eins og rætt var um í 10. kafla notar Satan ýmsar aðferðir til að reyna að gera fólk fráhverft Guði. Annars vegar ræðst hann á fólk „sem öskrandi ljón, leitandi að þeim, sem hann geti gleypt“. (1. Pétursbréf 5:8) Áhrif Satans eru því stundum að verki þegar vinir, ættingjar eða aðrir setja sig upp á móti því að þú sért að kynna þér Biblíuna og farir eftir því sem þú lærir.* (Jóhannes 15:19, 20) Hins vegar á Satan það til að „taka á sig ljósengilsmynd“. (2. Korintubríf 11:14) Hann getur beitt ýmsum lúmskum aðferðum til að leiða þig afvega og tæla þig út af þeirri braut sem Guð hefur velþóknun á. Hann reynir kannski að draga úr þér kjark og vekja hjá þér þá tilfinningu að þú sért ekki nógu góður til að þóknast Guði. (Orðskviðirnir 24:10) En hvort heldur Satan birtist „sem öskrandi ljón“ eða ‚ljósengill‘ klifar hann stöðugt á því sama: Hann heldur því fram að þú hættir að þjóna Guði þegar prófraunir eða freistingar verða á vegi þínum. Hvernig geturðu svarað þessari ásökun og sannað að þú sért ráðvandur gagnvart Guði, rétt eins og Job?

* Þetta ber ekki að skilja svo að þeir sem eru þér andsnúnir séu undir beinni stjórn Satans. En Satan er guð þessa heims og allur heimurinn er á valdi hans. (2. Korintubríf 4:4; 1. Jóhannesarbréf 5:19) Það er því viðbúið að það sé ekki vinsælt að lifa guðrækilega og þú mátt því búast við andstöðu.

16. (a) Með hvaða aðferðum reynir Satan að gera fólk fráhverft Guði? (b) Hvernig gæti Satan beitt þessum aðferðum gegn þér?

AÐ HLÝÐA BOÐORÐUM JEHOVA

¹⁷ Þú getur svarað ásökunum Satans með því að lifa lífinu eins og Guð vill að þú gerir. Hvað er fólgið í því? Biblían svarar: „Þú skalt elska Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllum mætti þínum.“ (5. Mósebók 6:5) Eftir því sem þér þykir vænna um Guð færðu sterkari löngun til að gera það sem hann ætlast til af þér. „Í þessu birtist elskan til Guðs, að vér höldum hans boðorð,“ skrifaði Jóhannes postuli. Ef þú elskar Jehóva af öllu hjarta kemstu að raun um að „boðorð hans eru ekki þung“. — 1. Jóhannesarbréf 5:3.

¹⁸ Í boðorðum Jehóva er tiltekið meðal annars hvaða breytni okkur ber að forðast. Á næstu blaðsíðu, undir yfirskriftinni „Forðastu það sem Jehóva hatar“, er tíunda að margt sem er fordæmt berum orðum í Biblíunni. Verið getur að þér þyki sumt af þessu ekki svo slæmt við fyrstu sýn. En eftir að hafa lesið og hugleitt ritningarstaðina, sem gefnir eru upp, áttarðu þig sennilega á að lög Jehóva eru viturleg. Það getur verið þrautin þyngri að breyta sér, kannski það erfiðasta sem maður gerir á lífsleiðinni. Engu að síður veitir það okkur gleði og lífsfyllingu að lifa eins og Guð vill að við gerum. (Jesaja 48:17, 18) Og þú ert fyllilega fær um það. Hvernig getum við fullýrt það?

¹⁹ Jehóva ætlast aldrei til meira af okkur en við getum gert. (5. Mósebók 30:11-14) Hann veit betur en við sjálf hvað við getum og hvað ekki. (Sálmur 103:14) Jehóva getur auk þess gefið okkur styrk til að hlýða lögum sínum. Páll postuli skrifaði: „Guð er trúr og lætur ekki freista yðar um megn fram, heldur mun hann, þegar hann reynir yður, einnig sjá um, að þér fáið staðist.“ (1. Korintubréf 10:13) Jehóva getur meira að segja gefið þér „ofurmagn

17. Hver er meginástæðan fyrir því að halda boðorð Jehóva?

18, 19. (a) Nefndu nokkur af boðorðum Jehóva. (Sjá bls. 122.)

(b) Hvernig vitum við að Guð ætlast ekki til of mikils af okkur?

kraftarins“ til að hjálpa þér að standast. (2. Korintubríf 4:7) Páll skrifaði eftir að hafa staðist margar prófraunir: „Allt megna ég fyrir hjálp hans, sem mig styrkan gjörir.“ — Filippíbréfið 4:13.

ÞROSKAÐU MEÐ ÞÉR EIGINLEIKA SEM GLEÐJA GUÐ

²⁰ Til að gleðja Jehóva Guð þarf auðvitað að gera meira en að forðast það sem hann hatar. Við þurfum líka að

20. Hvaða eiginleika ættirðu að leggja rækt við og af hverju er það þýðingarmikið?

FORÐASTU ÞAÐ SEM JEHÓVA HATAR

Manndráp. — 2. Mósebók 20:13; 21:22, 23.

Kynferðislegt siðleysi.

— 3. Mósebók 20:10, 13, 15, 16; Rómverjabréfið 1:24, 26, 27, 32; 1. Korintubríf 6:9, 10.

Spíritisma. — 5. Mósebók 18:9-13; 1. Korintubríf 10:21, 22; Galatabréfið 5:20, 21.

Skurðgoðadýrkun. — 1. Korintubríf 10:14.

Drykkjuskap. — 1. Korintubríf 5:11.

Þjófnað. — 3. Mósebók 6:2, 4; Efesusbréfið 4:28.

Lygar. — Orðskviðirnir 6:16, 19; Kólossubrésið 3:9; Opinberunarbókin 22:15.

Ágirnd. — 1. Korintubríf 5:11.

Ofbeldi. — Sálmur 11:5; Orðskviðirnir 22:24, 25; Galatabréfið 5:20, 21.

Ósæmandi tal. — 3. Mósebók 19:16; Efesusbréfið 5:4; Kólossubrésið 3:8.

Misnotkun blóðs. — 1. Mósebók 9:4; Postulasagan 15:20, 28, 29.

Að neita að sjá fyrir fjölskyldunni. — 1. Tímóteusarbréf 5:8.

Þátttöku í stríði eða pólitískum deilum heimsins. — Jesaja 2:4; Jóhannes 6:15; 17:16.

Notkun tóbaks og fíkniefna. — Markús 15:23; 2. Korintubríf 7:1.

elska það sem hann elskar. (Rómverjabréfið 12:9) Laðast þú ekki að fólki sem hefur svipaðar skoðanir, áhugamál og gildismat og þú? Það gerir Jehóva líka. Lærðu því að elska það sem er Jehóva kært. Því er lýst að hluta til í Sálmum 15:1-5 þar sem fram kemur hverja hann lífur á sem vini sína. Vinir hans sýna af sér það sem í Biblíunni er kallað „ávöxtur andans“. Þetta eru meðal annars „kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og bindindi“ eða sjálfstjórn. — Galatabréfið 5: 22, 23.



²¹ Reglulegur biblíulestur og biblíunám eru hjálp til að proska með sér þá eiginleika sem Jehóva hefur velþóknun á. Og þegar þú lærir hvaða kröfur hann gerir til þín hjálpar það þér að laga hugsunarhátt þinn að vilja hans. (Jesaja 30:20, 21) Því meir sem þú styrkir kærleikann til Jehóva, þeim mun sterkari verður löngunin til að lifa lífinu þannig að þú gleðjir hann.

²² Það þarf að leggja eitthvað á sig til að þóknast Jehóva. Biblían líkir breytingunni, sem fólk þarf að gera, við að afklæðast sínum gamla manni og íklæðast nýjum. (Kólossubréfið 3:9, 10) Sálmaritarinn sagði hins vegar að það hefði „mikil laun í för með sér“ að halda boðorð Jehóva. (Sálmur 19:12) Þú uppgötvar líka að það er mjög auðgandi að lifa í samræmi við vilja Guðs. Með því að gera það svarar þú ásökunum Satans og gleður hjarta Jehóva!

21. Hvernig geturðu tileinkað þér þá eiginleika sem Jehóva hefur velþóknun á?

22. Hvað ávinnst með því að lifa lífinu eins og Guð vill að við gerum?

BIBLÍAN KENNIR

- Þú getur orðið vinur Guðs með því að hlýða honum. — Jakobsbréfið 2:23.
- Satan hefur véfengt ráðvendni allra manna. — Jobsbók 1:8, 10, 11; 2:4; Orðskviðirnir 27:11.
- Við verðum að forðast það sem Guð hefur vanþóknun á. — 1. Korintubréf 6:9, 10.
- Við getum glatt Jehóva með því að hata það sem hann hatar og elska það sem hann elskar. — Rómverjabréfið 12:9.

Virðing fyrir lífinu

Hvernig lítur Guð á lífið?

Hvernig lítur Guð á fóstureyðingar?

Hvernig sýnum við virðingu fyrir lífinu?

JEREMÍA spámaður sagði um Jehóva: „Drottinn er sannur Guð. Hann er lifandi Guð.“ (Jeremía 10:10) Jehóva Guð er líka skapari alls sem lifir. Andaverur á himnum sögðu við hann: „Þú hefur skapað alla hluti, og fyrir þinn vilja urðu þeir til og voru skapaðir.“ (Opinberunarbókin 4:11) Davíð konungur söng í lofsöng til Guðs: „Hjá þér er uppspretta lífsins.“ (Sálmur 36:10) Lífið er því gjöf frá Guði.

² Jehóva viðheldur lífi okkar. (Postulasagan 17:28) Hann gefur okkur matinn sem við borðum, vatnið sem við drekkum, loftið sem við öndum að okkur og jörðina þar sem við búum. (Postulasagan 14:15-17) Hann gerir þetta með þeim hætti að það er ánægjulegt að lifa. En til að njóta lífsins til fulls þurfum við að kynna okkur lög hans og hlýða þeim. — Jesaja 48:17, 18.

AÐ SÝNA VIRÐINGU FYRIR LÍFINU

³ Jehóva Guð vill að við berum virðingu fyrir lífinu, bæði okkar lífi og annarra. Kain, sonur Adams og Evu, reiddist Abel, yngri bróður sínum. Jehóva varaði hann við að reiðin gæti leitt hann út í alvarlega synd. Kain

-
1. Hver skapaði allar lifandi verur?
 2. Hvernig viðheldur Guð lífi okkar?
 3. Hvernig leit Guð á morðið á Abel?

VIÐ SÝNUM VIRÐINGU FYRIR LÍFINU



- með því að deyða ekki ófætt barn



- með því að hætta öllu sem skaðar líkamann



- með því að uppræta hatur á náunganum úr hjarta okkar

hunsaði viðvörun Guðs, „réðst . . . á Abel bróður sinn og drap hann“. (1. Mósebók 4:3-8) Jehóva refsaði Kain fyrir bróðurmorðið. — 1. Mósebók 4:9-11.

⁴ Meira en tvö þúsund árum síðar gaf Jehóva Ísraelsmönnum lög til að auðvelda þeim að þjóna sér á réttan hátt. Þau eru stundum nefnd Móselögin af því að þau voru gefin fyrir milligöngu spámannsins Móse. Í Móselögunum sagði: „Þú skalt ekki morð fremja.“ (5. Mósebók 5:17) Þetta ákvæði sagði Ísraelsmönnum að mannlífið væri dýrmætt í augum Guðs og þeir yrðu að bera virðingu fyrir lífi náungans.

⁵ Hvað um líf barns sem er enn í móðurkviði? Samkvæmt Móselögunum var það alvörumál að verða þess valdandi að kona missti fóstur eða barn dæi í móðurkviði þannig að það er ljóst að líf hinna ófæddu er dýrmætt í augum Jehóva. (2. Mósebók 21:22, 23; Sálmur 127:3) Þetta þýðir að það er rangt að láta eyða fóstri.

⁶ Til að bera virðingu fyrir lífinu er nauðsynlegt að hafa rétt viðhorf til náungans. Biblían segir: „Hver sem hatar bróður sinn er manndrápari og þér vitið, að enginn manndrápari hefur eilíft líf í sér.“ (1. Jóhannesarbréf 3:15) Ef við þráum eilíft líf þurfum við að uppræta úr hjörtum okkar hatur til náungans því að hatur er undirrot flestra ofbeldisverka. (1. Jóhannesarbréf 3:11, 12) Við verðum að læra að elska hvert annað.

⁷ Við þurfum sömuleiðis að bera virðingu fyrir lífi sjálfra okkar. Fæstir vilja deyja en sumir stofna lífinu í hættu með því að sækja í ýmsar nautnir. Margir nota tóbak eða fíkniefni sem er skaðlegt fyrir líkamann og

4. Hvernig lagði Guð áherslu á virðingu fyrir lífinu í Móselögunum?

5. Hvernig eigum við að líta á fóstureyðingu?

6. Af hverju ættum við ekki að hata náungann?

7. Nefndu dæmi um hvernig við gætum sýnt óvirðingu fyrir lífinu.

dregur neytendur oft til dauða. Það er varla hægt að segja að sá sem notar slík efni að staðaldri telji lífið heilagt. Í augum Guðs óhreinkar það manninn að neyta slíkra efna. (Rómverjabréfið 6:19; 12:1; 2. Korintubríf 7:1) Ef við viljum þjóna Jehóva Guði svo að honum líki verðum við að hætta öllu slíku. Það getur verið býsna erfitt en Jehóva getur hjálpað okkur til þess. Og hann metur mikils það sem við gerum til að fara með líf okkar eins og dýrmæta gjöf frá honum.

⁸ Ef við berum virðingu fyrir lífinu gætum við vel að öllum öryggismálum. Þá erum við ekki kærulaus og tökum ekki óþarfa áhættu að gamni okkar eða af því að okkur finnst það spennandi. Við keyrum ekki glannalega og stundum hvorki hættulegar né ofbeldisfullar íþróttir. (Sálmur 11:5) Í Móselögunum segir: „Þegar þú reisir nýtt hús [með flötu þaki], skalt þú gjöra brjóstrið [eða handrið] allt í kring uppi á þakinu, svo að ekki bakir þú húsi þínu blóðsekt, ef einhver kynni að detta ofan af því.“ (5. Mósebók 22:8) Með þessa meginreglu að leiðarljósi sjáum við til þess að stigar og annað á heimili okkar sé í góðu lagi þannig að ekki sé hætt á að einhver detti og slasi sig. Ef við eigum bíl gætum við þess að öll öryggis-tæki séu í lagi. Við látum hvorki heimilið né bílinn skapa hættu fyrir okkur eða aðra.

⁹ Líf dýranna er líka heilagt í augum skaparans. Guð leyfir að við slátrum dýrum eða veiðum þau í þeim tilgangi að afla okkur matar og fatnaðar og til að verja líf og limi. (1. Mósebók 3:21; 9:3; 2. Mósebók 21:28) Það er hins vegar rangt að vera grimmur við dýr eða drepa þau sér til gamans. Það sýnir algert virðingarleysi fyrir heilagleika lífsins. — Orðskviðirnir 12:10.

8. Af hverju ættum við að hugsa vel um öryggismál?

9. Hvernig förum við með dýr ef við berum virðingu fyrir lífinu?

AÐ SÝNA VIRÐINGU FYRIR BLÓÐI

¹⁰ Eftir að Kain hafði myrt Abel sagði Jehóva honum: „Blóð bróður þíns hrópar til mín af jörðinni!“ (1. Mósebók 4:10) Þegar Guð talaði um blóð Abels átti hann við líf hans. Kain hafði orðið bróður sínum að bana og þurfti að fá refsingu fyrir. Það var rétt eins og blóð Abels, það er að segja líf hans, hrópaði til Jehóva og bæði hann að láta réttlætið ná fram að ganga. Tengslin milli lífs og blóðs eru einnig nefnd eftir Nóaflóðið. Fyrir flóðið höfðu menn einungis borðað ávexti, grænmeti, korn og hnetur. Eftir flóðið sagði Jehóva Nóa og sonum hans: „Allt sem hrærist og lifir, skal vera yður til fæðu, ég gef yður það allt, eins og grænu jurtirnar.“ En hann setti þessi takmörk: „Aðeins hold, sem sálin [eða lífið], það er blóðið, er í, skuluð þér ekki eta.“ (1. Mósebók 1:29; 9:3, 4) Ljóst er að líf og blóð er nátengt í augum Jehóva.

¹¹ Við sýnum virðingu fyrir blóði með því að neyta þess ekki. Jehóva sagði í lögmálinu sem hann gaf Ísraelsmönnum: „Hver sá Ísraelsmanna . . . , sem veiðir villidýr eða fugl ætan, hann skal hella niður blóðinu og hylja það moldu. . . . Fyrir því hefi ég sagt við Ísraelsmenn: ‚Þér skuluð ekki neyta blóðs úr nokkru holdi.‘ “ (3. Mósebók 17:13, 14) Bannið við því að neyta dýrablóðs var enn í fullu gildi, en Guð hafði sett það á dögum Nóa, um 800 árum áður. Sjónarmið Jehóva Guðs var skýrt: Þjónar hans máttu borða kjöt af dýrum en ekki neyta blóðs þeirra. Þeir áttu að hella blóðinu á jörðina sem táknaði að þeir væru að skila lífi skepnunnar til Guðs.

¹² Kristnir menn þurfa að lúta sams konar banni.

10. Hvernig hefur Guð látið í ljós að það séu tengsl milli lífs og blóðs?

11. Hvað hefur verið bannað síðan á dögum Nóa?

12. Hvaða ákvæði varðandi blóð gaf heilagur andi á fyrstu öldinni sem er enn í fullu gildi?

Postularnir og fleiri forystumenn kristna safnaðarins á fyrstu öld hittust til að ákveða hvaða boðorðum allir fylgjendur Jesú ættu að fylgja. Þeir komust að eftirfarandi niðurstöðu: „Það er ályktun heilags anda og vor að leggja ekki frekari byrðar á yður en þetta, sem nauðsynlegt er, að þér haldið yður frá kjöti fórnauðu skurðgoðum, blóði, kjöti af köfnuðum dýrum [sem höfðu ekki verið blóðg-uð] og saurlifnaði.“ (Postulasagan 15:28, 29; 21:25) Við eigum sem sagt að ‚halda okkur frá blóði‘. Í augum Guðs er það jafnmikilvægt og að forðast skurðgoðadýrkun og kynferðislegt siðleysi.

¹³ Nær ákvæðið um að halda sig frá blóði einnig yfir blóðgjafir? Já. Lýsum því með dæmi: Setjum sem svo að læknir segði þér að halda þig frá áfengi. Væri þá allt í lagi fyrir þig að fá áfengi í æð ef þú gættir þess bara að drekka það ekki? Auðvitað ekki. Að halda sig frá blóði merkir að taka það ekki með nokkru móti inn í líkamann. Fyrirmælin að halda okkur frá blóði merkja að við leyfum ekki að okkur sé gefið blóð í æð.

¹⁴ Hvað er til ráða ef kristinn maður verður fyrir alvarlegu slysi eða þarf að gangast undir stóra skurðaðgerð? Setjum sem svo að læknir segi að hann verði að fá blóðgjöf því að annars deyi hann. Kristinn maður vill auðvitað ekki deyja. Hann þiggur alls konar læknis-meðferð án blóðgjafar til að varðveita lífið sem Guð gaf honum. Hann leitar sér því meðferðar, eftir því sem kostur er, þar sem beitt er öðrum úrræðum en blóðgjöf.

¹⁵ Myndi kristinn maður brjóta lög Guðs til að geta lifað örlítið lengur í núverandi heimi? Jesús sagði: „Hver sem vill bjarga lífi sínu, mun týna því, og hver sem

13. Skýrðu með dæmi hvers vegna ákvæðið um að halda sig frá blóði nær einnig yfir blóðgjafir.

14, 15. Hvað ætti kristinn maður að gera og hvers vegna ef læknir fullyrti að hann þyrfti að fá blóðgjöf?

Virðing fyrir lífinu

týnir lífi sínu mín vegna, mun finna það.“ (Matteus 16:25) Okkur langar ekki til að deyja. En ef við brytum lög Guðs til að reyna að bjarga lífinu núna ættum við á hættu að glata eilífa lífinu. Það er því viturlagt af okkur að treysta að lög lífgjafans séu réttmæt og að hann muni eftir okkur í upprisunni og lífgi okkur á ný ef við skyldum deyja af einhverjum orsökum. – Jóhannes 5:28, 29; Hebræabréfið 11:6.

¹⁶ Trúir þjónar Guðs hafa einsett sér að fylgja fyrirmælum hans varðandi blóð. Þeir neyta ekki blóðs í nokkurri mynd og þiggja það ekki heldur í lækningaskyni.* Þeir treysta að skapari blóðsins viti hvað er þeim fyrir bestu. Trúir þú að hann geri það?

EINA NOTKUN BLÓÐS SEM GUÐ LEYFIR

¹⁷ Samkvæmt Móselögnum mátti aðeins nota blóð á einn veg. Jehóva sagði eftirfarandi um tilbeiðslu Forn-Ísraelsmanna: „Líf líkamans er í blóðinu, og ég hefi gefið yður það á altarið, til þess að með því sé friðþægt fyrir yður, því að blóðið friðþægir með lífinu.“ (3. Mósebók 17:11) Þegar Ísraelsmenn syndguðu gátu

* Nánari upplýsingar um lækni meðferð án blóðgjafar má finna á bls. 13-17 í bæklingnum *How Can Blood Save Your Life?*, gefinn út af Vottum Jehóva.

-
16. Hvað hafa þjónar Guðs einsett sér í sambandi við blóð?
17. Hver var eina notkunin á blóði sem Guð leyfði í Forn-Ísrael?



Myndirðu láta gefa þér áfengi í æð ef læknir segði að þú ættir að halda þig frá áfengi?

þeir fengið fyrirgefningu með því að fórna dýri og láta dreypa hluta af blóði þess á altarið í tjaldbúðinni, meðan hún var notuð, og síðar í musterinu. Þetta var eina notkunin á blóði sem Guð leyfði.

¹⁸ Móselöggin eru ekki bindandi fyrir sannkristna menn og þess vegna færa þeir hvorki dýrafórnir né dreypa blóði dýra á altari. (Hebreabréfið 10:1) Þessi notkun blóðs í Forn-Ísrael var hins vegar fyrirmynd um hina dýrmætu fórn sem sonur Guðs, Jesús Kristur, færði. Eins og fram kom í 5. kafla gaf Jesús mannslíf sitt fyrir okkur með því að leyfa að blóði sínu væri úthellt sem fórn. Síðan steig hann upp til himna og bar andvirði hins úthellta blóðs fram fyrir Guð í eitt skipti fyrir öll. (Hebreabréfið 9:11, 12) Þar með var komin forsenda fyrir því að við

18. Hvaða þýðingu getur úthellt blóð Jesú haft fyrir okkur?

Hvernig getum við sýnt virðingu fyrir lífi og blóði?



gætum fengið syndir okkar fyrirgefna og leiðin var opnuð til að við gætum hlotið eilíft líf. (Matteus 20:28; Jóhannes 3:16) Ljóst er að þessi notkun blóðs var ákaflega þýðingarmikil. (1. Pétursbréf 1:18, 19) Það er aðeins með því að trú á gildi hins úthellta blóðs Jesú sem við getum hlotið hjálpræði.

¹⁹ Við megum vera Jehóva Guði innilega þakklát fyrir að gefa okkur lífið. Ætti það ekki að hvetja okkur til að segja öðrum frá því að þeir eigi kost á eilífu lífi ef þeir trú á fórn Jesú? Sé okkur annt um líf náungans leggjum við okkur kappsamlega fram við að benda fólki á þessa von. (Esekíel 3:17-21) Ef við rækjum þessa skyldu af einlægni og kostgæfni getum við tekið okkur í munn orð Páls postula þegar hann sagði: „Ekki er mig um að saka, þótt einhver glatist, því að ég hef boðað yður allt Guðs ráð og ekkert dregið undan.“ (Postulasagan 20:26, 27) Að segja fólki frá Jehóva Guði og fyrirætlun hans er góð leið til að sýna að við berum djúpa virðingu fyrir lífi og blóði.

19. Hvað þurfum við að gera til að ekki sé okkur „um að saka, þótt einhver glatist“?

BIBLÍAN KENNIR

- Lífið er gjöf frá Guði. — Sálmur 36:10; Opinberunarbókin 4:11.
- Það er rangt að eyða fóstri því að líf hinna ófæddu er dýrmætt í augum Guðs. — 2. Mósebók 21:22, 23; Sálmur 127:3.
- Við sýnum virðingu fyrir lífinu með því að setja okkur ekki í óþarfa lífshættu og neyta ekki blóðs. — 5. Mósebók 5:17; Postulasagan 15:28, 29.

Hamingjuríkt fjölskyldulíf

Hvað hefur góður eiginmaður til að bera?

Hvað prýðir góða eiginkonu?

Hvað einkennir góða foreldra?

Hvernig geta börnin átt þátt í hamingju fjölskyldunnar?

JEHÓVA GUÐ vill að fjölskyldur séu hamingjusamar. Í orði hans, Biblíunni, er að finna leiðbeiningar til allra í fjölskyldunni þar sem lýst er því hlutverki sem hann ætlar hverjum og einum. Við stuðlum að farsæld og hamingju fjölskyldunnar ef við leggjum okkur fram við að gera hlutverki okkar góð skil í samræmi við leiðbeiningar Guðs. „Sælir eru þeir, sem heyra Guðs orð og varðveita það,“ eins og Jesús sagði. — Lúkas 11:28.

² Hamingja fjölskyldunnar er fyrst og fremst undir því komin að við viðurkennum að Jehóva sé höfundur hennar. Jesús kallaði hann föður okkar, enda eiga allar fjölskyldur á jörðinni tilveru sína honum að þakka. (Matteus 6:9; Efesusbréfið 3:14, 15) Hann veit þess vegna hvað þarf til að gera fjölskylduna hamingjusama. Hvað kennir Biblían um hlutverk hvers og eins í fjölskyldunni?

GUÐ ER HÖFUNDUR FJÖLSKYLDUNNAR

³ Jehóva Guð skapaði Adam og Evu, fyrstu mennina, og

-
1. Hver er lykillinn að hamingjuríku fjölskyldulífi?
 2. Hvað þurfum við að viðurkenna til að fjölskyldan sé hamingjusöm?
 3. Hvernig lýsir Biblían tilurð fjölskyldunnar og hvernig vitum við að lýsing hennar er sönn?

leiddi þau saman í hjónaband. Hann gaf þeim fagurt heimili, paradísina Eden, og sagði þeim að eignast börn. „Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina,“ sagði hann. (1. Mósebók 1:26-28; 2:18, 21-24) Sagan af Adam og Evu er enginn uppspuni því að Jesús vitnaði í 1. Mósebók sem sannsögulega heimild um upphaf fjölskyldunnar. (Matteus 19:4, 5) Þó að lífið nú á tímum sé ekki eins og Guð áformaði í upphafi og vandamálin séu mörg er engu að síður hægt að búa við hamingjuríkt fjölskyldulíf.

⁴ Allir í fjölskyldunni geta átt sinn þátt í að gera fjölskyldulífið hamingjuríkt með því að líkja eftir kærleika Guðs. (Efesusbréfið 5:1, 2) En hvernig getum við líkt eftir Guði fyrst við getum ekki séð hann? Við getum gert það vegna þess að hann sendi frumgetinn son sinn, Jesú Krist, frá himnum til jarðar. (Jóhannes 1:14, 18) Jesús líkti svo vel eftir föður sínum á himnum að það var rétt eins og fólk væri í návist Jehóva og væri að hlusta á hann þegar það sá Jesú og heyrði til hans. (Jóhannes 14:9) Þess vegna getum við stuðlað að farsælu fjölskyldulífi með því að lesa okkur til um kærleika Jesú og líkja eftir honum.

FYRIRMYND EIGINMANNA

⁵ Biblían segir að eiginmaður eigi að koma fram við konu sína eins og Jesús kom fram við lærisveinana. Biblían leiðbeinir eiginmönnum: „Þér menn, elskið konur yðar, að sínu leyti *eins og Kristur elskaði söfnuðinn og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir hann* . . . Svo skulu þá eiginmennirnir elska konur sínar — eins og sína eigin líkami. Sá sem elskar konu sína, elskar sjálfan sig, því að enginn hefur nokkuru sinni hatað sitt eigið hold, heldur elur hann það og annast,

4. (a) Hvernig geta allir í fjölskyldunni stuðlað að því að hún sé hamingjusöm? (b) Hvers vegna er mikilvægt að kynna sér ævi Jesú til að fjölskyldan sé hamingjusöm?

5, 6. (a) Hvernig fordæmi gaf Jesús eiginmönnum með framkomu sinni við söfnuðinn? (b) Hvað þurfum við að gera til hljóta fyrirgefningu Guðs?

að sínu leyti *eins og Kristur söfnuðinn*.“ — Efesusbréfið 5:23, 25-29, *Biblían 1912*.

⁶ Jesús gaf eiginmönnum fullkomna fyrirmynd með því að elska söfnuð lærisveina sinna. Hann „elskaði þá, uns yfir lauk“. Hann fórnaði lífinu fyrir þá enda þótt þeir væru engan veginn fullkomnir. (Jóhannes 13:1; 15:13) Eiginmaður er hvattur til að „elska eiginkonu sína og vera ekki beiskur við hana“. (Kólossubréfið 3:19) Hvað auðveldar honum að gera þetta, einkum ef konunni hans verður eitthvað á stöku sinnum? Hann má ekki gleyma því að honum verða líka á mistök. Hann ætti að minna sig á hvað hann þarf að gera til að hljóta fyrirgefningu Guðs. Hvað er það? Hann þarf að fyrirgefa þeim sem syndga gegn honum, þar á meðal konunni sinni. Hún ætti auðvitað að fyrirgefa honum líka þegar honum verður eitthvað á. (Matteus 6:12, 14, 15) Þú áttar þig eflaust á því hvers vegna sagt hefur verið að gott hjónaband sé samband karls og konu sem kunna að fyrirgefa.

⁷ Eiginmaðurinn ætti einnig að hafa hugfast að Jesús var alltaf tillitssamur við lærisveinana. Hann tók tillit til takmarka þeirra og líkamlegra þarfa. Hann sagði til dæmis einu sinni þegar þeir voru þreyttir: „Komið þér nú á óbyggðan stað, svo að vér séum einir saman, og hvílist um stund.“ (Markús 6:30-32) Eiginkonan verðskuldar hugulsemi og tillitssemi. Biblían kallar konuna ‚veikara ker‘ og segir eiginmanninum að ‚veita henni virðingu‘ vegna þess að bæði hjónin eiga að erfa „náðina og lífið“ að jöfnu. (1. Pétursbréf 3:7) Eiginmaðurinn ætti að vera þess minnugur að það er trúfesti fólks en ekki kynferði sem skiptir máli í augum Guðs. — Sálmur 101:6.

⁸ Biblían segir að eiginmaður, sem elskar konuna sína,

7. Til hvers tók Jesús tillit og hvaða fordæmi gaf hann eiginmönnum með því?

8. (a) Af hverju er sagt að ‚sá sem elski konu sína elski sjálfan sig‘? (b) Hvað þýðir það fyrir hjón að vera „einn maður“?

elski sjálfan sig. Ástæðan er sú að hjónin eru „ekki fram- ar tvö, *heldur einn maður*“ eins og Jesús benti á. (Matteus 19:6) Hjón mega því ekki eiga í kynferðissambandi við nokkurn annan en maka sinn. (Orðskviðirnir 5:15-21; Hebreabréfið 13:4) Þau ættu að leggja sig fram um að full- nægja þörfum hvort annars en ekki hugsa aðeins um sínar eigin. (1. Korintubríf 7:3-5) Rétt er að taka eftir áminning- unni: „Enginn hefur nokkru sinni hatað *eigið hold, heldur elur hann það og annast.*“ Eiginmaður á að elska konuna sína eins og sjálfan sig, minnugur þess að hann þarf að standa Jesú Kristi reikningsskap gerða sinna. — Efesusbréf- ið 5:29; 1. Korintubríf 11:3.

⁹ Páll postuli nefnir „ástúð Krists Jesú“ í Filippíbréf- inu 1:8. Ástúð Jesú endurnærði fólk og höfðaði sterkt til kvenna í hópi lærisveina hans. (Jóhannes 20:1, 11-13, 16) Eiginkona þráir sömuleiðis ástúð manns síns.

FYRIRMYND EIGINKVENNA

¹⁰ Það þarf forystu til að fjölskyldulífið gangi vel og snurðulaust fyrir sig. Jesús þarf meira að segja að lúta for- ystu. „Guð er höfuð Krists' rétt eins og „maðurinn er höfuð konunnar“. (1. Korintubríf 11:3) Jesús var undirgefinn Guði og er okkur góð fyrirmynd því að við þurfum öll að lúta forystu einhvers.

¹¹ Ófullkomnum mönnum verða á mistök og oft vant- ar mikið upp á að forysta þeirra sé fullkomin. Hvernig ætti eiginkonan að bregðast við því? Hún ætti ekki að gera lítið úr manninum sínum eða reyna að taka forystuna í sínar hendur. Hún ætti að minna sig á að hógvær og kyrrlátur andi er dýrmætur í augum Guðs. (1. Pétursbréf 3:4) Hún

9. Hvaða eiginleiki Jesú er nefndur í Filippíbréfinu 1:8 og af hverju er mikilvægt að eiginmaður sýni hann?

10. Hvernig er Jesús eiginkonum góð fyrirmynd?

11. Hvernig á kona að koma fram við eiginmann sinn og hvaða áhrif getur það haft?

á þá auðveldara með að vera undirgefin, jafnvel þegar á móti blæs. Biblían hvetur konu til að bera djúpa virðingu fyrir eiginmanni sínum. (Efesusbréfið 5:33) En breytir það einhverju ef hann viðurkennir ekki Krist sem höfuð sitt? Biblían segir eiginkonum: „Eins skuluð þér, eiginkonur, vera undirgefnar eiginmönnum yðar, til þess að jafnvel þeir, sem vilja ekki hlýða orðinu, geti unnist orðalaust við hegðun kvenna sinna, þegar þeir sjá yðar grandvöru og skírlífu hegðun.“ — 1. Pétursbréf 3:1, 2.

¹² Hvort sem eiginmaðurinn er í trúnni eða ekki er það engin óvirðing af hálfu konunnar að láta háttvíslega í ljós að hún sé á annarri skoðun en hann. Kannski hefur hún á réttu að standa og þá væri það allri fjölskyldunni til góðs að hann hlustaði á hana. Abraham var ekki sammála Söru, eiginkonu sinni, þegar hún lagði til að vandamál í fjölskyldunni væri leyst með ákveðnum hætti. Guð sagði honum engu að síður: „Hlýð þú Söru.“ (1. Mósebók 21:9-12) Þegar eiginmaður tekur ákvörðun í einhverju máli ætti konan að sjálfsögðu að sýna undirgefni með því að styðja hann, svo framarlega sem ákvörðunin stangast ekki á við lög Guðs. — Postulasagan 5:29; Efesusbréfið 5:24.

¹³ Eiginkona getur annast fjölskylduna með margvíslegum hætti. Biblían segir til dæmis að gíftar konur eigi „að elska menn sína og börn, vera hóglátar, skírlífar, heimilizræknar, góðlátar og eiginmönnum sínum undirgefnar“. (Títusarbréfið 2:4, 5) Eiginkona og móðir, sem gerir þetta, ávinnur sér ást og virðingu hinna í fjölskyldunni. (Orðskviðirnir 31:10, 28) En þar sem hjónin eru bæði ófullkomin getur komið upp alvarleg staða sem leiðir til þess að þau slíti samvistum eða skilji. Biblían leyfir að hjón slíti samvistum undir vissum kringumstæðum. Það er

12. Af hverju er ekkert að því að eiginkona tjái skoðanir sínar háttvíslega?

13. (a) Hvað eru gíftar konur hvattar til að gera í Títusarbréfinu 2: 4, 5? (b) Hvað segir í Biblíunni um sambúðarslit og hjónaskilnað?



Hvernig er Sara góð fyrirmynd fyrir eiginkonur?

engu að síður alvörumál því að Biblían ráðleggur „að konan skuli ekki skilja við mann sinn . . . og að maðurinn skuli ekki heldur skilja við konuna“. (1. Korintubrэф 7:10, 11) Og hjónaskilnaður er því aðeins leyfilegur samkvæmt Biblíunni að annað hjónanna fremji hjúskaparbrot. — Matteus 19:9.

FULLKOMIN FYRIRMYND FORELDRA

¹⁴ Jesús gaf foreldrum fullkomna fyrirmynd með framkomu sinni við börn. Þegar reynt var að hindra börnin í að koma til hans sagði hann: „Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi.“ Síðan segir Biblían: „Og hann tók þau sér í faðm, lagði hendur yfir þau og blessaði þau.“ (Markús 10:13-16) Ættirðu ekki að gefa þér tíma til að vera með börnunum þínum fyrst Jesús gaf sér tíma til að sinna börnum? Þau þurfa að fá stóra skammta af tíma þínum en ekki smáklípu af og til. Þú þarft að gefa þér tíma til að kenna þeim því að það er verkefni sem Jehóva hefur falið foreldrum. — 5. Mósebók 6:4-9.


14. Hvernig kom Jesús fram við börn og hvað þurfa foreldrar að gefa börnunum?

¹⁵ Illskan í heiminum vex dag frá degi þannig að foreldrar þurfa að vernda börnin gegn fólki sem vill gera þeim mein, til dæmis kynferðisafbrotamönnum. Jesús verndaði lærisveinana sem hann kallaði ‚börnin sín‘. Þegar hann var handtekinn og hann vissi að hann yrði líflátinn sá hann til þess að þeir kæmst undan. (Jóhannes 13:33; 18:7-9) Sem foreldri þarftu að vera á varðbergi gagnvart tilraunum Satans til að gera börnunum þínum mein. Þú þarft að kenna þeim að gæta sín.* (1. Pétursbréf 5:8) Líkamlegu, andlegu og siðferðilegu öryggi þeirra hefur aldrei verið ógnað sem nú.

* Finna má leiðbeiningar um verndun barna í 32. kafla bókarinnar *Lærum af kennaranum mikla*, gefin út af Vottum Jehóva.

15. Hvað geta foreldrar gert til að vernda börnin?

Hvað geta foreldrar lært af framkomu Jesú við börn?



¹⁶ Kvöldið áður en Jesús dó tóku lærisveinar hans að metast um það hver þeirra væri mestur. Í stað þess að reiðast þeim hélt Jesús áfram að höfða til þeirra bæði með orðum sínum og fordæmi. (Lúkas 22:24-27; Jóhannes 13:3-8) Sérðu hvernig þú gætir líkt eftir Jesú þegar þú leiðréttir börnin þín? Vissulega þurfa þau að fá aga en hann ætti að veita „í hófi“ og aldrei í reiðikasti. Ekki viltu tala í hugsunarleysi þannig að orðin séu eins og „spjótsstungur“. (Jeremía 30:11; Orðskviðirnir 12:18) Ögunin ætti að vera þannig að börnin geri sér grein fyrir því síðar að hún var verðskulduð og viðeigandi. — Efesusbréfið 6:4; Hebreabréfið 12:9-11.

FYRIRMYND BARNNA

¹⁷ Geta börn lært af Jesú? Já, vissulega. Jesús sýndi með fordæmi sínu hvernig börn ættu að hlýða foreldrunum. „Ég [tala] það eitt, sem faðirinn hefur kennt mér,“ sagði hann. „Ég gjöri ætíð það sem honum þóknast.“ (Jóhannes 8:28, 29) Jesús var hlýðinn föður sínum á himnum og Biblían segir börnum að hlýða foreldrunum. (Efesusbréfið 6:1-3) Þó að Jesús væri fullkomið barn hlýddi hann ófullkomnum, mennskum foreldrum sínum, þeim Jósef og Maríu. Hlýðni hans hefur eflaust verið öllum í fjölskyldunni til blessunar. — Lúkas 2:4, 5, 51, 52.

¹⁸ Geta börnin lagt sig fram við að líkjast Jesú betur og gleðja foreldra sína? Guð ætlast til þess að þau hlýði foreldrunum þó að þeim finnist það stundum erfitt. (Orðskviðirnir 1:8; 6:20) Jesús hlýddi himneskum föður sínum í einu og öllu, jafnvel þegar mest á reyndi. Einu sinni, þegar vilji Guðs fól í sér afar erfitt verkefni, sagði Jesús: „Tak þennan kaleik [verkefnið] frá mér!“ Hann gerði engu að síður það

16. Hvað geta foreldrar lært af viðbrögðum Jesú við ófullkomleika lærisveinanna?

17. Hvernig er Jesús fullkomin fyrirmynd fyrir börn?

18. Af hverju hlýddi Jesús alltaf himneskum föður sínum og hver gleðst þegar börn hlýða foreldrunum?

sem faðir hans fór fram á vegna þess að honum var ljóst að faðir hans vissi hvað væri honum fyrir bestu. (Lúkas 22:42) Börn gleðja bæði foreldra sína og föðurinn á himnum með því að læra hlýðni.* — Orðskviðirnir 23:22-25.

¹⁹ Satan djöfullinn freistaði Jesú og við getum gengið að því visu að hann reyni líka að freista barnanna til að gera rangt. (Matteus 4:1-10) Oft beitir hann hópþrýstingi sem getur verið erfitt að standast. Þess vegna er mjög mikilvægt að börnin séu ekki í slæmum félagsskap. (1. Korintubríf 15:33) Dína, dóttir Jakobs, lagði lag sitt við fólk sem tilbað ekki Jehóva og það endaði með ósköpum. (1. Mósebók 34:1, 2) Hugsaðu þér hve dapurlegt það væri ef einhver í fjölskyldunni gerði sig sekan um kynferðislegt siðleysi. — Orðskviðirnir 17:21, 25.

LYKILLINN AÐ HAMINGJURÍKU FJÖLSKYLDULÍFI

²⁰ Leiðbeiningar Biblíunnar geta auðveldað fólki að tak-

* Það er því aðeins rétt af barni að óhlýðnast ef foreldrarnir fara fram á að það brjóti lög Guðs. — Postulasagan 5:29.

19. (a) Hvernig reynir Satan að freista barna? (b) Hvaða áhrif getur það haft á foreldrana ef börnin gera sig sek um siðleysi?

20. Hvað þurfa allir í fjölskyldunni að gera til að hún sé hamingjusöm?

Um hvað ættu börn að hugsa þegar þau verða fyrir freistingu?



ast á við erfiðleika í fjölskyldunni. Raunar má segja að þær séu lykillinn að hamingjuríku fjölskyldulífi. Eiginmaður ætti því að elska konu sína og koma fram við hana eins og Kristur kemur fram við söfnuðinn. Konan ætti að virða forystu eiginmannsins og fylgja fordæmi vænu konunnar sem er lýst í Orðskviðunum 31:10-31. Foreldrar eru hvattir til að sinna uppeldi barnanna vel. (Orðskviðirnir 22:6) Feður ættu að ‚veita heimili sínu góða forstöðu‘. (1. Tímóteusarbréf 3:4, 5; 5:8) Og börnin ættu að hlýða foreldrunum. (Kólossubrésið 3:20) Enginn í fjölskyldunni er fullkominn og öllum verða á mistök. Verið því auðmjúk og biðjið hvert annað fyrirgefningar.

²¹ Biblían inniheldur mikinn sjóð af verðmætum leiðbeiningum um fjölskyldulíf. Hún segir einnig frá nýjum heimi Guðs og jarðneskri paradís sem verður full af fólki sem tilbiður hann. (Opinberunarbókin 21:3, 4) Það er stórfengleg framtíð sem er í vændum. En við getum nú þegar búið við hamingjuríkt fjölskyldulíf með því að fylgja leiðbeiningum Guðs sem er að finna í orði hans, Biblíunni.

21. Hvers konar framtíð lýsir Biblían og hvernig getum við átt hamingjuríkt fjölskyldulíf núna?

BIBLÍAN KENNIR

- Eiginmaður á að elska konu sína eins og eigin líkama. — Efesusbrésið 5:25-29.
- Eiginkona á að elska fjölskylduna og virða eiginmann sinn. — Titusarbrésið 2:4, 5.
- Foreldrar eiga að elska börnin, kenna þeim og vernda þau. — 5. Mósebók 6:4-9.
- Börnin eiga að hlýða foreldrunum. — Efesusbrésið 6:1-3.

Tilbeiðsla sem Guð hefur velþóknun á

Eru öll trúarbrögð þóknanleg Guði?

Á hverju þekkist hin sanna trú?

Hverjir tilbiðja Guð á réttan hátt?

JEHÓVA GUÐI er mjög annt um okkur og hann vill að við njótum góðs af handleiðslu sinni. Ef við tilbiðjum hann á réttan hátt erum við hamingjusöm og firrum okkur ýmiss konar vandræðum. Þá njótum við líka hjálpar hans og blessunar. (Jesaja 48:17) Hundruð trúarbragða í heiminum segjast kenna sannleikann um Guð en það eru mjög skiptar skoðanir meðal þeirra um það hver hann sé og til hvers hann ætlast af okkur.

² Hvernig er hægt að þekkja réttu leiðina til að tilbiðja Jehóva? Það er ekki nauðsynlegt að kynna sér og bera saman kenningar allra trúarbragða heims. Þú þarft ekki annað en að skoða hvað Biblían kennir í raun og veru um sanna tilbeiðslu. Lýsum þessu með dæmi: Peningafölsun er stunduð víða um lönd. Hvernig myndirðu bera þig að ef þú fengir það verkefni að leita uppi falsaða seðla? Myndirðu leggja á minnið allar hugsanlegar gerðir falsaðra peninga? Nei, tímanum væri betur varið í að kynna sér útlit *ófalsaðra* peninga. Ef þú veist hvernig ófalsaðir seðlar líta út geturðu þekkt úr þá fölsuðu. Við getum sömuleiðis þekkt falsa trú úr ef við vitum hvað einkennir sanna trú.

1. Hvernig er það okkur til góðs að tilbiðja Guð á réttan hátt?

2. Hvernig getum við lært að tilbiðja Jehóva á réttan hátt og hvaða samlíking auðveldar okkur að skilja það?

³ Það er mikilvægt að tilbiðja Jehóva á þann hátt sem hann vill. Margir halda að öll trúarbrögð séu Guði þóknunleg en Biblían er á öðru máli. Og það er ekki nóg að segjast bara vera kristinn. Jesús sagði: „Ekki mun hver sá, sem við mig segir: ‚Herra, herra,‘ ganga inn í himnaríki, heldur sá einn, er gjörir vilja föður míns, sem er á himnum.“ Til að Guð hafi velþóknun á okkur verðum við sem sagt að kynna okkur hvaða kröfur hann gerir til okkar og uppfylla þær. Jesús kallaði þá „illgjörðamenn“ sem gera ekki vilja Guðs. (Matteus 7:21-23) Fölsk trú er einskis virði rétt eins og falsaðir peningar, og það sem verra er, hún er skaðleg.

⁴ Jehóva gefur öllum jarðarbúum tækifæri til að hljóta eilíft líf í paradís. En til að hljóta það þurfum við að tilbiðja Guð á réttan hátt og lifa eins og hann vill að við gerum. Margir vilja því miður ekki gera það. Þess vegna sagði Jesús: „Gangið inn um þrönga hliðið. Því að vít er hliðið og vegurinn breiður, sem liggur til glötunar, og margir þeir, sem þar fara inn. Hve þröngt er það hlið og mjór sá vegur, er liggur til lífsins, og fáir þeir, sem finna hann.“ (Matteus 7:13, 14) Sönn trú leiðir til eilífs lífs en fölsk trú til dauða. Jehóva vill ekki að nokkur maður farist þannig að hann gefur öllum mönnum tækifæri til að kynnast sér. (2. Pétursbréf 3:9) Það er því mikilvægt að tilbiðja Guð á réttan hátt vegna þess að það er um líf eða dauða að tefla fyrir okkur.

Á HVERJU ÞEKKIST HIN SANNA TRÚ?

⁵ Hvernig getum við fundið ‚veginn til lífsins‘? Jesús

3. Hvað sagði Jesús að við þyrftum að gera til að Guð hefði velþóknun á okkur?

4. Hvað merkir það sem Jesús sagði um vegina tvo og hvert liggja þeir?

5. Hvernig getum við þekkt úr þá sem iðka sanna trú?

sagði að það sæist á líferni fólks hvort það iðkaði sanna trú. „Af ávöxtum þeirra skuluð þér þekkja þá,“ sagði hann. „Sérhvertt gott tré [ber] góða ávöxtu.“ (Matteus 7: 16, 17) Þeir sem iðka sanna trú ættu með öðrum orðum að þekkjast á hegðun sinni og trúarskoðunum. Enginn þeirra er auðvitað fullkominn og öllum verða á mistök, en sem hópur leggja þeir sig fram um að gera vilja Guðs. Við skulum nú líta á sex atriði sem einkenna þá sem iðka sanna trú.


⁶ Þjónar Guðs byggja kenningar sínar á Biblíunni. Biblían segir: „Sérhver ritning er innblásin af Guði og nytsöm til fræðslu, til umvöndunar, til leiðréttingar, til menntunar í réttlæti, til þess að sá, sem tilheyrir Guði, sé albúinn og hæfur gjör til sérhvers góðs verks.“ (2. Tímóteusarbréf 3:16, 17) Páll postuli skrifaði trússysteminum sínum: „Þegar þér veittuð viðtöku því orði Guðs, sem vér boðuðum, þá tókuð þér ekki við því sem manna orði, heldur sem Guðs orði, — eins og það í sannleika er.“ (1. Þessaloníkubríf 2:13) Trú og trúarathafnir þeirra sem iðka sanna trú byggjast því á innblásnu orði Guðs, Biblíunni, en ekki á erfikenningum eða hugmyndum manna.

⁷ Jesús Kristur gaf fyrirmyndina með því að byggja kenningar sínar að öllu leyti á orði Guðs. „Þitt orð er sannleikur,“ sagði hann í bæn til föður síns á himnum. (Jóhannes 17:17) Hann trúði orði Guðs og kenndi að öllu leyti í samræmi við það. Oft sagði hann: „Ritað er,“ og vitnaði síðan í ritningarstað. (Matteus 4:4, 7, 10) Þjónar Guðs nú á dögum kenna ekki heldur sínar eigin hugmyndir. Þeir trúa að Biblían sé orð Guðs og byggja kenningar sínar á henni í einu og öllu.

6, 7. Hvernig líta þjónar Guðs á Biblíuna og hvaða fordæmi gaf Jesús?

ÞEIR SEM TILBIÐJA HINN SANNA GUÐ

- byggja kenningar sínar á Biblíunni
- tilbiðja aðeins Jehóva og gera nafn hans kunnugt
- elska hver annan
- viðurkenna að Guð hafi falið Jesú að veita mönnum hjálpræði
- tilheyra ekki heiminum
- prédika að ríki Guðs sé eina von mannkynsins



⁸ *Þeir sem iðka sanna trú tilbiðja engan nema Jehóva og þeir kunngera nafn hans.* „Drottin, Guð þinn, skalt þú tilbiðja og þjóna honum einum,“ sagði Jesús. (Matteus 4:10) Þjónar Guðs tilbiðja því engan nema Jehóva og tilbeiðslan felur meðal annars í sér að segja fólki hvað hinn sanni Guð heitir og hvernig hann er. Í Sálmi 83:19 segir: „Þú einn heitir Jahve [eða Jehóva], hinn hæsti yfir allri jörðunni.“ (*Biblían 1908*) Jesús gaf fyrirmyndina um að hjálpa öðrum að kynnast Guði eins og hann sagði sjálfur í bæn: „Ég hef opinberað nafn þitt þeim mönnum, sem þú gafst mér úr heiminum.“ (Jóhannes 17:6) Sannir guðsdýrkendur nú á tímum líkja eftir Jesú og segja öðrum frá nafni Guðs, fyrirætlun og eiginleikum.

⁹ *Þjónar Guðs bera ósvikinn kærleika hver til annars.* Jesús sagði: „Á því munu allir þekkja, að þér eruð mínir lærisveinar, ef þér berið elsku hver til annars.“ (Jóhannes 13:35) Frumkristnir menn elskuðu hver annan. Kærleikur, sem byggist á meginreglum Biblíunnar, er hafinn yfir kynþætti, þjóðfélagsstöðu og þjóðerni, og hann tengir fólk saman í órjúfanlegt bræðralag. (Kólossubréfið 3:14) Þess konar bræðralag þekktist ekki meðal falskra trúarbragða. Við sjáum það af því að þar drepa menn hver annan vegna þjóðernislegs ágreinings. Sannkristnir menn taka sér ekki vopn í hönd til að drepa trúbræður sína eða nokkra aðra. Í Biblíunni stendur: „Af þessu eru augljós börn Guðs og börn djöfulsins. Sá sem iðkar ekki réttlætið og elskar ekki bróður sinn heyrir ekki Guði til. . . . Vér eigum að elska hver annan. Ekki vera eins og Kain, sem heyrði hinum vonda til og myrti bróður sinn.“ — 1. Jóhannesarbréf 3:10-12; 4:20, 21.

8. Hvað er fólgið í því að tilbiðja Jehóva?

9, 10. Hvernig sýna sannkristnir menn hver öðrum kærleika?

¹⁰ Sannur kærleikur er auðvitað meira en að drepa ekki aðra. Sannkristnir menn sýna af sér þá óeigingirni að nota tíma, krafta og fjármuni til að hjálpa hver öðrum og uppörva hver annan. (Hebreabréfið 10:24, 25) Þeir hjálpast að á neyðartímum og eru heiðarlegir við aðra. Þeir leggja sig fram um að „gjöra öllum gott“ eins og Biblían hvetur til. — Galatabréfið 6:10.

¹¹ *Sannkristnir menn viðurkenna að Guð notar Jesú Krist til að veita mönnum hjálpræði.* Biblían segir: „Ekki er hjálpræðið í neinum öðrum. Og ekkert annað nafn er mönnum gefið um víða veröld, sem getur frelsað oss.“ (Postulasagan 4:12) Jesús gaf líf sitt sem lausnargjald fyrir hlýðna menn eins og fram kom í 5. kafla. (Matteus 20:28) Auk þess er Jesús sá konungur sem Guð hefur skipað til að fara með völd í ríkinu á himnum en það mun bráðlega stjórna allri jörðinni. Og Guð gerir þá kröfu til okkar að hlýða Jesú og fara eftir kenningum hans, ef við viljum hljóta eilíft líf. Þess vegna segir í Biblíunni: „Sá sem trúir á soninn, hefur eilíft líf, en sá sem óhlýðnast syninum, mun ekki sjá líf.“ — Jóhannes 3:36.

¹² *Sannkristnir menn tilheyra ekki heiminum.* „Mitt ríki er ekki af þessum heimi,“ sagði Jesús þegar rómverski landstjórinn Pontíus Pílatus réttaði yfir honum. (Jóhannes 18:36) Sannir fylgjendur Jesú eru þegnar ríkis hans á himnum, hvar í heimi sem þeir búa, og eru því algerlega hlutlausir í stjórnámálum. Þeir taka ekki þátt í átökum heimsins. Þeir skipta sér hins vegar ekki af því þótt aðrir ákveði að ganga í stjórnámáflökk, bjóða sig fram í kosningum eða kjósa. Og tilbiðjendur Guðs eru

11. Af hverju er mikilvægt að viðurkenna að Guð noti Jesú til að veita hjálpræði?

12. Hvað er fólgið í því að tilheyra ekki heiminum?

löghlýðnir þó að þeir séu hlutlausir í stjórnámum. Af hverju? Af því að orð Guðs fyrirskipar þeim að „hlýða yfirvöldum“. (Rómverjabréfið 13:1) Þegar kröfur Guðs og stjórnmalakerfisins stangast á fylgja sannkristnir menn hins vegar fordæmi postulanna sem sögðu: „Framar ber að hlýða Guði en mönnum.“ — Postulasagan 5:29; Markús 12:17.

Ef þú þjónar Jehóva ásamt fólki hans eignast þú margfalt meira en þú ef til vill missir.



¹³ *Sannir fylgjendur Jesú boða að ríki Guðs sé eina von mannkynsins.* Jesús sagði: „Þetta fagnaðareriði um ríkið verður prédikað um alla heimsbyggðina öllum þjóðum til vitnisburðar. Og þá mun endirinn koma.“ (Matteus 24:14) Í stað þess að hvetja fólk til að treysta á það að mennskir leiðtogar leysi vandamál veraldar boða fylgjendur Jesú að himneskt ríki Guðs sé eina von mannkynsins. (Sálmur 146:3) Jesús sagði að við ættum að biðja fyrir þessari fullkomnu stjórn. „Til komi þitt ríki, verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni,“ sagði hann. (Matteus 6:10) Í orði Guðs er sagt um hið himneska ríki: „Það mun knosa og að engu gjöra öll þessi ríki [sem nú eru], en sjálft mun það standa að eilífu.“ — Daníel 2:44.

¹⁴ Spyrðu þig nú með hliðsjón af efninu hér á undan: Hvaða trúarsöfnuður byggir allar kenningar sínar á Biblíunni og kunngerir nafnið Jehóva? Hverjir ástunda kærleika eins og Jehóva segir að gera skuli, trúá á Jesú, tilheyra ekki heiminum og boða að ríki Guðs sé eina raunverulega von mannkynsins? Hverjir, af öllum trúarsöfnuðum jarðar, uppfylla öll þessi skilyrði? Staðreyndir sýna að það eru Vottar Jehóva. — Jesaja 43:10-12.

HVAÐ ÆTLARÐU AÐ GERA?

¹⁵ Það er ekki nóg að trúá á Guð til að þóknast honum. Biblían segir að illu andarnir trúi líka að hann sé til en þeir gera auðvitað ekki vilja hans og hafa ekki velþóknun hans. (Jakobsbréfið 2:19) Til að hljóta velþóknun Guðs þurfum við bæði að trúá að hann sé til og gera vilja hans. Við verðum líka að slíta öll tengsl við falstrúarbrögðin og taka upp sanna tilbeiðslu.

13. Hvernig líta sannir fylgjendur Jesú á ríki Guðs og hvað gera þeir þess vegna?

14. Hvaða trúarsöfnuður finnst þér uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til sannrar tilbeiðslu?

15. Hvað þurfum við að gera annað en að trúá að Guð sé til?

¹⁶ Páll postuli bendir á að við megum ekki taka þátt í falskri guðsdýrkun. Hann skrifaði: „Þess vegna segir Drottinn: Farið burt frá þeim, og skiljið yður frá þeim. Snertið ekki neitt óhreint, og ég mun taka yður að mér.“ (2. Korintubrэф 6:17; Jesaja 52:11) Sannkristnir menn forðast því hvaðeina sem tengist falstrú.

¹⁷ Biblían bendir á að fölsk trúarbrögð í öllum sínum myndum tilheyri ‚Babýlon hinn miklu‘.* (Opinberunarbókin 17:5) Nafnið minnir á hina fornu borg Babýlon þar sem fölsk trúarbrögð áttu upptök sín eftir Nóaflóðið. Margar útbreiddar kenningar og margir algengir siðir falstrúarbragðanna áttu upptök sín í Forn-Babýlon. Svo dæmi sé tekið tilbáðu Babýloníumenn guðþrenningar. Nú á dögum er það ein aðal kenning margra trúfélaga að Guð sé þríeinn. Biblían kennir hins vegar að það sé aðeins til einn sannur Guð, Jehóva, og að Jesús Kristur sé sonur hans. (Jóhannes 17:3) Babýloníumenn trúðu einnig að mennirnir hefðu ódauðlega sál sem lifði áfram þótt líkaminn dæi, og að til væri staður þar sem sálir framliðinna gætu kvalist. Flest trúfélög nútímans kenna að maðurinn hafi ódauðlega sál eða anda sem geti kvalist í logum helvítis.

¹⁸ Trú og tilbeiðsla Babýlonar breiddist út um alla jörðina þannig að það má líta á Babýlon hina miklu sem heimsveldi falskra trúarbragða. Og Guð hefur boðað að þetta falstrúarveldi líði skyndilega undir lok þegar þar að kemur. (Opinberunarbókin 18:8) Sérðu hvers vegna það er mikilvægt að segja algerlega skilið við Babýlon hina

* Í viðaukanum á bls. 219-20 er að finna nánari skýringar á því hvers vegna Babýlon hin mikla tákna heimsveldi falskra trúarbragða.

16. Hvernig ættum við að líta á þátttöku í falskri guðsdýrkun?
17, 18. Hvað er „Babýlon hin mikla“ og af hverju er áriðandi að fara „út úr henni“?

miklu? Jehóva Guð vill að þú forðir þér sem fyrst „út úr henni“ meðan enn er tími til. — Opinberunarbókin 18:4.

¹⁹ Ef þú ákveður að taka ekki lengur þátt í falstrúariðkunum getur það haft í för með sér að sumir sniðgangi þig. En ef þú þjónar Jehóva með fólki hans eignast þú margfalt meira en þú missir. Þú eignast fjölda bræðra og systra í trúnni, rétt eins og lærisveinar Jesú á fyrstu öld sem yfirgáfu allt og fylgdu honum. Þú verður hluti af stórri alheimsfjölskyldu en í henni eru milljónir sannkristinna manna sem sýna þér ósvikinn kærleika. Og þú eignast þá unaðslegu von að hljóta eilíft líf „í hinum komandi heimi“. (Markús 10:28-30) Þeir sem sniðgengu þig vegna trúar þinnar fara kannski að kynna sér kenningar Biblíunnar þegar fram líða stundir og gerast þá tilbiðjendur Jehóva.

²⁰ Biblían kennir að Guð ætli bráðlega að binda enda á þennan illa heim og að nýr réttlátur heimur undir stjórn ríkis hans taki þá við. (2. Pétursbréf 3:9, 13) Það verður yndisleg breyting! Og í þessum réttláta nýja heimi verður aðeins ein trú og aðeins stunduð sönn tilbeiðsla. Væri ekki skynsamlegt af þér að gera nú þegar ráðstafanir til að ganga í lið með sönnum guðsdýrkendum?

19. Hvað eignast þú um leið og þú ferð að þjóna Jehóva?

20. Hvað ber framtíðin í skauti sér fyrir þá sem iðka sanna trú?

BIBLÍAN KENNIR

- Það er aðeins til ein sönn trú. — Matteus 7: 13, 14.
- Sannir guðsdýrkendur þekkjast á verkum sínum og kenningum. — Matteus 7:16, 17.
- Vottar Jehóva iðka hina sönnu trú sem Guð hefur velþóknun á. — Jesaja 43:10.

Taktu skýra afstöðu með sannri tilbeiðslu

Hvað kennir Biblían um líkneski
og trúartákn?

Hvernig líta kristnir menn
á trúarhátíðir?

Hvernig geturðu gert grein fyrir trú þinni án
þess að móðga eða særa aðra?

SEGJUM sem svo að alvarleg eiturefnamengun kæmi í ljós í hverfinu þar sem þú býrð. Einhver hefur með leynd losað sig við eittraðan úrgang á svæðinu og nú er fólk í líffshættu. Hvað myndirðu gera? Eflaust myndirðu flytja burt ef þú gætir. En eftir að þú værir fluttur af hættusvæðinu myndi sú spurning vafalaust brenna á vörum þér hvort þú hefðir orðið fyrir eitrun.

² Staðan er svipuð varðandi fölsk trúarbrögð. Biblían kennir að þau séu menguð af óhreinum kenningum og trúariðkunum. (2. Korintubrэф 6:17) Þess vegna er afar mikilvægt að forða sér úr ‚Babýlon hinni miklu‘, heimsveldi falskra trúarbragða. (Opinberunarbókin 18:2, 4) Ertu búinn að því? Það er hrósvert ef svo er. En það þarf meira til en að segja sig úr eða hætta að starfa með trúfélagi sem fer með falstrú. Þú þarft líka að kanna hvort það finnist einhverjar leifar af falskri tilbeiðslu hjá þér. Lítum á nokkur dæmi.

1, 2. Hvað þarftu að kanna eftir að þú hefur yfirgefið fölsk trúarbrögð, og hvers vegna heldurðu að það sé mikilvægt?



LÍKNESKI, TRÚARTÁKN OG FORFEDRADÝRKUN

³ Sumir hafa haft líkneski eða helgiskrín á heimili sínu árum saman. Átt þú eitthvað slíkt? Ef svo er þykir þér kannski undarlegt eða beinlínis rangt að biðja til Guðs án þess að hafa slíkt hjálpargagn. Mörgum þykir ákaflega vænt um muni af þessu tagi. En það er Guð sem segir til um hvernig við eigum að tilbiðja hann og Biblían kennir að hann vilji ekki að við notum líkneski eða helgimuni í tilbeiðslu okkar. (2. Mósebók 20:4, 5; Sálmur 115:4-8; Jesaja 42:8; 1. Jóhannesarbréf 5:21) Til að taka skýra afstöðu með *sannri* guðsdýrkun er nauðsynlegt að henda öllum munum, sem maður á, tengdum *falskri* guðsdýrkun. Reyndu fyrir alla muni að sjá þá sömu augum og Jehóva gerir – sem „andstyggð“.
– 5. Mósebók 27:15.

3. (a) Hvað segir Biblían um að nota líkneski og trúartákn í tilbeiðslu, og af hverju gætu sumir átt erfitt með að sjá hlutina sömu augum og Guð gerir? (b) Hvað ættirðu að gera ef þú átt hluti tengda falskri tilbeiðslu?

⁴ Forfeðradýrkun er algeng í mörgum falstrúarbrögðum. Sumir trúðu, áður en þeir kynntust sannleika Biblíunnar, að hinir dánu væru með fulla meðvitund í ósýnilegum andaheimi og gætu gert hinum lifandi gott eða illt. Margir leggja mikið á sig til að friða látna ástvini. En eins og fram kom í 6. kafla bókarinnar eru hinir dánu algerlega án meðvitundar. Þeir eru ekki til. Þess vegna er vonlaust að reyna að ná sambandi við þá. Ef boð virðast koma frá látnum ástvini eru það í rauninni illir andar sem eru að verki. Það var þess vegna sem Jehóva bannaði Ísraelsmönnum að reyna að tala við hina dánu eða stunda spíritisma í einhverri annarri mynd. — 5. Mósebók 18: 10-12.

⁵ Hvað er til ráða ef líkneski, trúartákn eða forfeðradýrkun var þáttur í trúariðkun þinni áður fyrr? Þá ættirðu að lesa og hugleiða ritningargreinar sem lýsa hvernig Jehóva Guð lítur á þess háttar. Ræddu daglega við hann í bæn um löngun þína til að taka afstöðu með sannri tilbeiðslu og biddu hann að hjálpa þér að hugsa eins og hann. — Jesaja 55:9.

FRUMKRISTNIR MENN HÉLDU EKKI JÓL

⁶ Vinsælar hátíðir gætu valdið því að falstrú blandaðist inn í trúariðkanir manns. Tökum jólin sem dæmi. Í orði kveðnu eru jólin haldin til að minnast fæðingar Jesú Krists og nálega öll trúfélög, sem kalla sig kristin, halda þau. Ekkert bendir þó til þess að lærisveinar hans á

4. (a) Hvernig vitum við að forfeðradýrkun er gagnslaus? (b) Af hverju bannaði Jehóva þjóð sinni að stunda spíritisma í nokkurri mynd?

5. Hvað er til ráða ef líkneski, trúartákn eða forfeðradýrkun voru þáttur í trúariðkun þinni áður fyrr?

6, 7. (a) Hvert er sagt vera tilefni jólanna? (b) Héldu frumkristnir menn jól? (c) Hvað var afmælishald sett í samband við á frumkristnum tíma?

fyrstu öld hafi haldið slíka hátíð. „Fyrstu tvær aldirnar eftir fæðingu Krists vissi enginn nákvæmlega hvenær hann fæddist og flestum stóð á sama.“ — *Sacred Origins of Profound Things*.

⁷ Þó svo að frumkristnir menn hefðu vitað nákvæmlega hvaða dag Jesús fæddist hefðu þeir ekki haldið upp á daginn vegna þess að þeir „álitu það heiðinn sið að halda upp á fæðingu nokkurs manns“. (*The World Book Encyclopedia*) Þeir einu, sem Biblían segir frá að hafi haldið upp á afmæli, voru tveir valdhafar sem hvorugur þjónaði Jehóva. (1. Mósebók 40:20; Markús 6:21) Það tíðkaðist einnig að halda upp á afmæli heiðinna guðdóma. Svo dæmi sé tekið var haldið upp á afmæli rómversku gyðjunnar Díönu hinn 24. maí og afmæli sólguðsins Apollósar daginn eftir. Afmælishald var því sett í samband við heiðni en ekki kristni.

⁸ Það er önnur ástæða fyrir því að frumkristnir menn hafa ekki haldið upp á afmæli Jesú. Trúlega var þeim kunnugt um hjátrú sem tengd var afmælishaldi. Það var til dæmis algeng trú meðal Grikkja og Rómverja að andi væri viðstaddur fæðingu hvers manns og verndaði hann upp frá því. „Þessi andi átti dulræn tengsl við guð þess dags sem manneskjan fæddist á,“ segir í bókinni *The Lore of Birthdays*. Jehóva getur varla haft velþóknun á hátíðahöldum sem tengja Jesú við hjátrú. (Jesaja 65: 11, 12) Hvers vegna er jólahald þá jafnútbreitt og raun ber vitni?

UPPRUNI JÓLANNA

⁹ Það var ekki fyrr en nokkrum öldum eftir daga Jesú sem farið var að halda upp á fæðingu hans hinn

8. Lýstu tengslum hjátrúar og afmælishalds.

9. Hvernig bar það til að 25. desember var valinn sem fæðingardagur Jesú?

25. desember. En Jesús fæddist ekki þann dag heldur að öllum líkindum í október.* Hvers vegna var þá farið að halda upp á fæðingu hans 25. desember? Síðari tíma menn, sem kölluðu sig kristna, hafa trúlega „viljað láta daginn bera upp á heiðna rómverska hátíð sem nefndist „fæðingardagur hinnar ósigrandi sólar““. (*The New Encyclopædia Britannica*) Þegar afl sólarinnar virtist í lágmarki um miðjan vetur höfðu heiðnir menn uppi athafnir til að fá uppsprettu ljóss og yls til að snúa aftur úr langferð sinni. Álitið var að sólin hæfi endurkomu sína hinn 25. desember. Trúarleiðtogar tóku upp þessa hátíð og reyndu að gefa henni „kristið“ yfirbragð í þeim tilgangi að snúa heiðnum mönnum til trúar.†

¹⁰ Menn hafa lengi gert sér grein fyrir heiðnum uppruna jólanna. Það var af þeim sökum sem jólahald var bannað á Englandi og í sumum af amerísku nýlendunum á 17. öld. Ef einhver tók sér frí frá vinnu á jóladag varð hann jafnvel að greiða sekt. En ekki leið á löngu áður en gömlu siðirnir voru tekinn upp aftur og ýmsum nýjum bætt við. Jólin urðu vinsæl hátíð á nýjan leik og er svo enn víða um lönd. Þeir sem vilja þóknast Guði halda hins vegar ekki

*Myndirðu borða
sælgæti upp úr
göturæsínu?*

* Sjá viðaukann á bls. 221-22.

† Satúrnalía-hátíðin átti sömuleiðis þátt í því að 25. desember varð fyrir valinu. Hún var haldin til heiðurs rómverska akuryrkju-guðinum og stóð frá 17. til 24. desember. Hátíðin einkenndist af veisluhöldum, gleðskap og gjöfum.

10. Hvers vegna var jólahald sums staðar aflagt um tíma fyrr á öldum?



jól þar sem þau eru sprottin af falstrúariðkunum. Þeir taka sömu afstöðu til annarra hátíða af heiðnum uppruna.*

SKIPTIR UPPRUNINN EINHVERJU MÁLI?

¹¹ Sumum finnst ekkert að því að halda hátíðir eins og jólin þó að þær séu af heiðnum uppruna, enda verður fæstum hugsað til falskra trúarbragða í tengslum við hátíðahöldin. Auk þess bjóða svona hátíðir upp á tækifæri fyrir fjölskyldur að hittast. Hugsar þú þannig? Þá er það líklega ást á fjölskyldunni en ekki falstrú sem gerir að verkum að erfitt getur virst að taka afstöðu með sannri guðsdýrkun. Þú mátt treysta því að Jehóva, höfundur fjölskyldunnar, vill að þú eigir sem best samband við ættingja þína. (Efesusbréfið 3:14, 15) En þú getur notað leiðir, sem Guð hefur velþóknun á, til að styrkja þessi bönd. „Metið rétt, hvað Drottinn þóknast,“ skrifaði Páll postuli og átti þar við málefni sem ættu að vera okkur efst í huga. — Efesusbréfið 5:10.

¹² Þú hugsar kannski með þér að fólk sé ekki að halda þessar hátíðir núna sökum uppruna þeirra. Skiptir uppruninn einhverju máli? Já, hann gerir það. Lýsum því með dæmi: Segjum að þú kæmir auga á sælgæti í göturæsinu. Myndirðu taka það upp og borða það? Auðvitað ekki því að sælgætið er óhreint. Vinsælar hátíðir virðast kannski „sætar“ eins og sælgætið en þær eru af óhreinum uppruna. Til að taka afstöðu með sannri tilbeiðslu þurfum við að hugsa eins og Jesaja spámaður sem sagði sönnnum guðsdýrkendum: „Snertið ekkert óhreint!“ — Jesaja 52:11.

* Fjallað er um afstöðu sannkristinna manna til annarra vinsælla hátíða og helgidaga í viðaukanum á bls. 222-23.

11. Af hverju vilja margir halda vinsælar hátíðir en hvað ætti að vera okkur efst í huga?

12. Lýstu með dæmi hvers vegna við ættum að forðast siði og hátíðir sem eiga sér óhreinan uppruna.

SÝNDU GÓÐA DÓMGREIND Í SAMSKIPTUM VIÐ AÐRA

¹³ Það getur kostað áreynslu að hætta þátttöku í ýmiss konar hátíðahöldum. Vinnufélagar spyrja kannski hvers vegna þú takir ekki þátt í hátíðahöldum á vinnustað. Hvað áttu að gera ef þér er gefin jólagjöf? Væri rangt að þiggja hana? Og hvað nú ef maki þinn er ekki sömu trúar og þú? Hvað er hægt að gera til að börnunum finnist þau ekki afskipt ef þau halda ekki vissar hátíðir?

¹⁴ Það þarf góða dómgreind til að bregðast rétt við í hverju tilfalli. Ef einhver óskar þér gleðilegrar hátíðar gætirðu einfaldlega þakkað fyrir. En kannski er ástæða til að segja aðeins meira ef sá sem óskar þér gleðilegrar hátíðar er vinnufélagi eða manneskja sem þú hittir oft. Vertu samt alltaf nærgætinn. Biblían ráðleggur: „Mál yðar sé ætíð ljúflegt, en salti kryddað, til þess að þér vitið, hvernig þér eigið að svara hverjum manni.“ (Kólossubrésið 4:6) Gættu þess að sýna öðrum ekki óvirðingu heldur útskýrðu afstöðu þína háttvíslega. Láttu skýrt í ljós að þú hafir ekkert á móti gleðskap og gjöfum en þú kjósir að velja þeim stað á öðrum tíma.

¹⁵ Hvað áttu að gera ef einhver vill gefa þér gjöf? Það ræðst að miklu leyti af aðstæðum. Gefandinn segir kannski: „Ég veit að þú heldur ekki þessa hátíð en mig langar samt til að gefa þér þetta.“ Þú hugsar kannski með þér að þú sért ekki að taka þátt í hátíðinni þó að þú þiggir gjöfina undir þessum kringumstæðum. Ef gjafarinn veit ekki hvernig trúar þú ert geturðu ef til vill nefnt að þú haldir ekki þessa hátíð. Þá áttar hann sig trúlega á því hvers vegna þú þiggur gjöf en gefur ekki sjálfur gjöf

13. Hvers vegna getur það kostað áreynslu að taka ekki þátt í vinsælum hátíðum?

14, 15. Hvað geturðu gert ef einhver óskar þér gleðilegrar hátíðar eða vill gefa þér gjöf?

við þetta tækifæri. Hins vegar væri skynsamlegt að þiggja ekki gjöf ef hún er greinilega gefin í þeim tilgangi að sýna fram á að þú lifir ekki eftir trú þinni eða gangir á svig við hana til að fá gjafir.

HVAÐ UM ÆTTINGJANA?

¹⁶ Hvernig er best að bera sig að ef ættingjarnir eru ekki sömu trúar og maður sjálfur? Enn sem fyrr er mikilvægt að vera nærgætinn. Það er ástæðulaust að gera veður út af hverjum einasta sið eða hátið sem ættingjarnir vilja halda. Virtu rétt þeirra til að hafa sína skoðun, rétt eins og þú vilt að þeir virði rétt þinn. (Matteus 7:12) Gættu þess að gera ekki neitt sem gerir þig að þátttakanda í hátiðahöldunum en vertu sanngjarn þegar um er að ræða hluti sem flokkast ekki undir beina þátttöku. Og varðveittu alltaf góða samvisku, hvað sem þú gerir. — 1. Tímóteusarbréf 1: 18, 19.

¹⁷ Hvað er hægt að gera til að börnunum finnist þau ekki sett hjá þegar þau halda ekki hátiðir sem stríða gegn meginreglum Biblíunnar? Það er að miklu leyti undir því komið hvað þú gerir á öðrum árstímum. Sumir foreldrar gefa börnunum gjafir á vissum tímum. Einhver besta gjöfin, sem þú getur gefið þeim, er þó tími, ást og athygli.

IÐKAÐU SANNA TRÚ

¹⁸ Til að þóknast Guði er nauðsynlegt að hafna falskri tilbeiðslu og taka afstöðu með sannri trú. Hvað er fólgið í því? Biblían segir: „Gefum gætur hver að öðrum og hvetjum hver annan til kærleika og góðra verka. Vanrækið ekki safnaðarsamkomur yðar eins og sumra er siður, heldur

16. Hvernig er hægt að vera nærgætinn í sambandi við hátiðahöld?

17. Hvað geturðu gert til að börnunum finnist þau ekki sett hjá þegar aðrir halda hátiðir?

18. Hvernig geta safnaðarsamkomur hjálpað þér að taka afstöðu með sannri tilbeiðslu?

uppörvið hver annan, og það því fremur sem þér sjáið að dagurinn færir nær.“ (Hebreabréfið 10:24, 25) Safnaðar-samkomur bjóða upp á ánægjuleg tækifæri til að tilbiðja Guð á þann hátt sem hann hefur velþóknun á. (Sálmur 22:23; 122:1) Sannkristnir menn „uppörvast saman“ þegar þeir hittast við slík tækifæri. — Rómverjabréfið 1:12.

¹⁹ Önnur leið til að taka afstöðu með sannri tilbeiðslu er að segja öðrum frá því sem þú hefur lært af biblíunáminu hjá vottum Jehóva. Margir „andvarpa og kveina“ yfir illskunni sem á sér stað í heiminum núna. (Esekíel 9:4) Þú þekkir ef til vill einhverja sem er þannig innanbrjósts. Hvernig væri að segja þeim frá framtíðarvoninni sem Biblían hefur gefið þér? Þegar þú umgengst sanna guðsdýrkendur og segir öðrum frá unaðslegum sannindum Biblíunnar, sem þú hefur lært, dvínar smám saman löngunin til að taka þátt í siðvenjum falstrúarbragðanna. Þú mátt treysta að það verður þér til gæfu að taka afstöðu með sannri guðsdýrkun og þú hlýtur margs konar blessun fyrir. — Malakí 3:10.

19. Hvers vegna er mikilvægt að segja öðrum frá því sem þú hefur lært af námi þínu í Biblíunni?

BIBLÍAN KENNIR

- Líkneski, trúartákn og forfeðradýrkun eiga ekki heima í sannri guðsdýrkun. — 2. Mósebók 20:4, 5; 5. Mósebók 18:10-12.
- Það er rangt að taka þátt í hátíðum sem eru af heiðnum uppruna. — Efesusbréfið 5:10.
- Sannkristnir menn ættu að sýna nærgætni þegar þeir segja öðrum frá trú sinni. — Kólossubréfið 4:6.



*Sönn guðsdýrkun er uppskrift
að ósvikinni hamingju.*



Styrktu tengslin við Guð með bæninni

Af hverju ættum við að
biðja til Guðs?

Hvað þurfum við að gera til að Guð
heyri bænir okkar?

Hvernig bænheyrir Guð okkur?

JÖRÐIN er ósköp smá í samanburði við víðáttur alheimsins. Þjóðirnar eru rétt eins og dropi í vatnsfötu í augum Jehóva, „skapara himins og jarðar“. (Sálmur 115:15; Jesaja 40:15) Samt segir í Biblíunni: „Drottinn er nálægur öllum sem ákalla hann, öllum sem ákalla hann í einlægni. Hann uppfyllir ósk þeirra er óttast hann, og hróp þeirra heyrir hann og hjálpar þeim.“ (Sálmur 145:18, 19) Hugsaðu þér hvað þetta þýðir. Alvaldur skapari alheims er nálægur okkur og heyrir til okkar ef við áköllum hann í einlægni. Hvílíkur heiður að eiga aðgang að Guði í bæn!

² Ef við viljum að Jehóva hlusti á bænir okkar verðum við hins vegar að biðja á hans forsendum. Til að gera það þurfum við að sjálfsögðu að skilja það sem Biblían kennir um bænina. Við þurfum að kynna okkur hvað orð Guðs segir um þetta mál því að bænin hjálpar okkur að styrkja tengslin við Guð.

1, 2. (a) Af hverju ættum við að líta á það sem mikinn heiður að mega leita til Jehóva í bæn? (b) Af hverju þurfum við að vita hvað Biblían kennir um bænina?

Skapari himins og jarðar er fús til að heyra bænir okkar.



HVERS VEGNA AÐ BIÐJA TIL JEHÓVA?

³ Við höfum ríka ástæðu til að biðja til Jehóva vegna þess að hann býður okkur það. Við fáum eftirfarandi hvatningu í orði hans: „Verið ekki hugsjúkir um neitt, heldur gjörið í öllum hlutum óskir yðar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð. Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu yðar og hugsanir yðar í Kristi Jesú.“ (Filippíbréfið 4:6, 7) Ekki viljum við virða að vettugi þetta vingjarnlega boð alheimsdrottins.

⁴ Önnur ástæða til biðja er sú að við styrkjum tengslin við Jehóva með reglulegu bænasambandi við hann. Sannir vinir tala ekki bara saman ef þá vantar eitthvað. Þeir láta sér annt hver um annan og styrkja vináttuböndin með því að tjá hver öðrum hugsanir sínar, áhyggjur og tilfinningar að vild. Að sumu leyti má segja hið sama um samband okkar við Jehóva Guð. Með hjálp þessarar bókar hefurðu kynnt þér margt sem Biblían kennir

3. Nefndu mikilvæga ástæðu fyrir því að biðja til Jehóva.

4. Hvernig styrkja reglulegar bænir sambandið við Jehóva?

um Jehóva, persónuleika hans og fyrirætlanir. Þú hefur kynnst honum sem raunverulegri persónu. Með bæninni hefurðu tækifæri til að segja föðurnum á himnum frá hugsunum þínum og leyndustu tilfinningum. Þannig styrkirðu sambandið við hann. — Jakobsbréfið 4:8.

HVAÐA SKILYRÐI SETUR JEHÓVA?

⁵ Skyldi Jehóva hlusta á allar bænir? Hann sagði uppreisnargjörnum Ísraelsmönnum á dögum Jesaja spámanns: „Þótt þér biðjið mörgum bænum, þá heyri ég ekki. Hendur yðar eru alblóðugar.“ (Jesaja 1:15) Viss verk geta sem sagt komið í veg fyrir að Guð hlusti á bænir okkar. Við þurfum að uppfylla ákveðin skilyrði til að hann heyri bænir okkar.

⁶ Það er grundvallaratriði að trúa. (Markús 11:24) Páll postuli skrifaði: „Án trúar er ógerlegt að þóknast [Guði], því að sá, sem gengur fram fyrir Guð, verður að trúa því, að hann sé til og að hann umbuni þeim, er hans leita.“ (Hebreabréfið 11:6) Sönn trú er meira en að vita að Guð sé til og hann heyri bænir og verði við þeim. Trú birtist í verkum. Við þurfum að sýna greinilega með daglegu lífverni okkar að við höfum trú. — Jakobsbréfið 2:26.

⁷ Jehóva setur líka það skilyrði að þeir sem leita til hans í bæn geri það í auðmýkt og einlægni. Höfum við ekki fulla ástæðu til að vera auðmjúk þegar við tölum við Jehóva? Þegar fólk fær viðtal við forseta eða annan þjóðhöfðingja viðurkennir það yfirleitt háa stöðu valdhafans með því að sýna tilhlýðilega virðingu. Við ættum

5. Hvað sýnir að Jehóva hlustar ekki á allar bænir?

6. Hvaða frumskilyrði þarf að uppfylla til að Guð heyri bænir okkar og hvernig getum við uppfyllt það?

7. (a) Hvers vegna ættum við að sýna virðingu þegar við tölum við Jehóva í bæn? (b) Hvernig getum við sýnt auðmýkt og einlægni þegar við biðjum til Guðs?

auðvitað að sýna enn dýpri virðingu þegar við göngum fram fyrir Jehóva! (Sálmur 138:6) Hann er „Almáttugur Guð“. (1. Mósebók 17:1) Við ættum að biðja til hans með þeim hætti að það sé ljóst að við viðurkennum stöðu okkar frammi fyrir honum. Ef við höfum slíka auðmýkt til að bera biðjum við með einlægum orðum en ekki með endurtekningasömum bænarpulum. — Matteus 6:7, 8.

⁸ Annað skilyrði, sem Jehóva setur fyrir því að hlusta á bænir okkar, er að við breytum í samræmi við þær. Jehóva væntir þess að við gerum allt sem við getum til að vinna sjálf að því sem við biðjum um. Segjum til dæmis að við biðjum: „Gef oss í dag vort daglegt brauð.“ (Matteus 6:11) Þá verðum við að vera dugleg að vinna við hver þau störf sem eru í boði og við erum fær um að vinna. (2. Þessaloníkubríf 3:10) Ef við biðjum Jehóva að hjálpa okkur að sigrast á veikleikum þurfum við að forðast aðstæður sem gætu leitt okkur í freistni. (Kólossubrésið 3:5) Þetta eru helstu skilyrðin en auk þeirra þurfum við að fá svör við ýmsum spurningum um bænina.

SPURNINGAR OG SVÖR UM BÆNINA

⁹ *Hvert eigum við að beina bænum okkar?* Jesús kenndi fylgjendum sínum að ávarpa „föður vorn sem er á himnum“. (Matteus 6:9) Við megum því aðeins beina bænum okkar til Jehóva Guðs. En Jehóva gerir þá kröfu að við viðurkennum stöðu eingetins sonar hans, Jesú Krists. Eins og fram kom í 5. kafla var Jesús sendur til jarðar til að greiða lausnargjald og kaupa okkur undan synd og dauða. (Jóhannes 3:16; Rómverjabréfið 5:12) Hann er bæði æðsti prestur og dómari. (Jóhannes 5:22; Hebreabréfið 6:20) Þess vegna segir Biblían að við eigum að biðja bæna

8. Hvernig getum við breytt í samræmi við bænir okkar?

9. Hvert eigum við að beina bænum okkar og í nafni hvers eigum við að biðja?

okkar í nafni Jesú. Sjálfur sagðist hann vera „vegurinn, sannleikurinn og lífið“ og bætti við: „Enginn kemur til föðurins, nema fyrir mig.“ (Jóhannes 14:6) Til að fá bænheyrslu þurfum við að biðja *til* Jehóva og *í nafni* sonar hans.

¹⁰ *Þurfum við að vera í sérstökum stellingum þegar við biðjum?* Nei, Jehóva gerir ekki kröfu til þess að við séum með hendurnar eða líkamann allan í sérstakri stellingu. Biblían kennir að margs konar stellingar séu við hæfi þegar við biðjum, þar á meðal að sitja, standa, krjúpa og lúta höfði. (1. Samúelsbók 1:26; 1. Kroníkubók 17:16; Nehemíabók 8:6; Daníel 6:11) Aðalatriðið er rétt hugarfar, ekki sérstök stelling sem aðrir geta séð. Í dagsins önn eða ef mikið liggur við getum við meira að segja borið fram hljóða bæn hvar sem er og hvenær sem er. Jehóva heyrir slíkar bænir þó að enginn nærstaddur taki eftir því að við erum að biðja. — Nehemíabók 2:1-6.

¹¹ *Um hvað megum við biðja?* „Ef vér biðjum um eitt-hvað eftir hans [Guðs] vilja, þá heyrir hann oss,“ segir Biblían. (1. Jóhannesarbréf 5:14) Við megum með öðrum orðum biðja um hvaðeina sem er í samræmi við vilja hans. Megum við ræða um persónuleg mál í bæn-um okkar? Já, auðvitað. Bænir okkar til Jehóva geta verið svipaðar og samtal við náinn vin. Við getum talað opinskátt og „úthellt hjörtum okkar fyrir honum“. (Sálmur 62:9) Það er viðeigandi að biðja um heilagan anda því að hann hjálpar okkur að gera rétt. (Lúkas 11:13) Við getum líka beðið um leiðsögn til að taka réttar ákvarðanir og um styrk til að standast erfiðleika. (Jakobsbréfið 1:5)

10. Af hverju er ekki nauðsynlegt að vera í sérstökum stellingum þegar við biðjum?

11. Nefndu dæmi um persónuleg mál sem er viðeigandi að ræða í bæn.

Þegar við syndgum ættum við að biðja Jehóva að fyrirgefa okkur á grundvelli fórnarinnar sem Kristur færði. (Efesusbréfið 1:3, 7) En bænir okkar ættu auðvitað að snúast um fleira en persónuleg mál. Við ættum einnig að biðja fyrir öðrum, svo sem ættingjum og trússystkinum. — Postulasagan 12:5; Kólossubréfið 4:12.

¹² Mál sem tengjast Jehóva Guði ættu að vera okkur efst í huga þegar við biðjum. Við höfum ríka ástæðu til að lofa hann og þakka honum innilega fyrir gæsku hans við okkur. (1. Kroníkubók 29:10-13) Í Matteusi 6:9-13 gaf Jesús fylgjendum sínum fyrirmynd að því hvernig þeir ættu að biðja. Þar kennir hann okkur að biðja þess að nafn Guðs helgist. Síðan kemur bón um að ríki Guðs komi og vilji hans verði á jörð eins og á himni. Það er fyrst eftir að hafa nefnt þessi mikilvægu atriði, sem snúa að Jehóva Guði, að Jesús beinir athyglinni að persónulegum hugðarefnum okkar. Með því að hafa Guð í fyrirrúmi í bænum okkar sýnum við að við erum ekki aðeins að hugsa um velferð sjálfra okkar.

¹³ *Hve langar ættu bænir að vera?* Biblían setur engin tímamörk á það hve langar bænir mega vera. Þetta gildir jafnt um bænir sem við förum með í einrúmi og í fjölmenni. Bænnir geta verið allt frá stuttri borðbæn upp í langa bæn þar sem við úthellum hjarta okkar fyrir Jehóva í einrúmi. (1. Samúelsbók 1:12, 15) Jesús fordæmdi hins vegar sjálfánægða menn sem fóru með langar bænir til að sýnast fyrir öðrum. (Lúkas 20:46, 47) Jehóva er ekki hrifinn af slíkum bænum. Aðalatriðið er að bænnir séu einlægar. Lengdin getur verið breytileg eftir þörfum og aðstæðum.

12. Hvernig getum við haft mál, sem tengjast föðurnum á himnum, í fyrirrúmi í bænum okkar?

13. Hvað gefur Biblían í skyn varðandi lengd bæna?

¹⁴ *Hve oft eigum við að biðja?* Biblían hvetur okkur til að „vaka og biðja“, vera „staðfastir í bæninni“ og biðja „án afláts“. (Matteus 26:41; Rómverjabréfið 12:12; 1. Þessaloníkubréf 5:17) Þetta merkir auðvitað ekki að við eigum að liggja á bæn til Jehóva allan daginn heldur er verið að hvetja til þess að biðja reglulega, þakka Jehóva oft fyrir gæsku hans og biðja hann aftur og aftur um að leiðbeina okkur, hughreysta og styrkja. Er ekki hughreystandi að Jehóva skuli ekki takmarka hve lengi eða oft við megum tala við hann í bæn? Ef við erum þakklát fyrir að mega biðja til föðurins á himnum finnum við mörg tilefni og tækifæri til þess.

¹⁵ *Af hverju ættum við að segja „amen“ í lok bænna?* Orðið „amen“ merkir „vissulega“ eða „megi svo verða“. Af dæmum í Biblíunni má sjá að það er viðeigandi að segja „amen“ í lok bænna, hvort heldur hún er borin fram í einrúmi eða fjölmenni. (1. Kroníkubók 16:36; Sálmur 41:14) Með því að segja „amen“ í lok bænna, sem við biðjum sjálf, staðfestum við að hún var borin fram í einlægni. Þegar við segjum „amen“ upphátt eða í hljóði við bæn sem annar fer með látum við í ljós að við séum sammála því sem kom fram í bæninni. — 1. Korintubréf 14:16.

HVERNIG BÆNHEYRIR GUÐ OKKUR?

¹⁶ Bregst Jehóva í raun og veru við bænnum manna? Vissulega. Við höfum ríka ástæðu til að treysta að Guð sem „heyrir bænir“ verði við einlægum bænnum milljóna manna. (Sálmur 65:3) Bænheyrsla Jehóva getur birst með ýmsum hætti.

14. Hvað er átt við þegar Biblían hvetur okkur til að biðja „án afláts“ og af hverju er það hughreystandi?


15. Hvers vegna ættum við að segja „amen“ í lok bænna?

16. Hverju megum við treysta varðandi bænina?

¹⁷ Jehóva notar bæði engla og þjóna sína á jörð til að verða við bænnum manna. (Hebreabréfið 1:13, 14) Mörg dæmi eru um að fólk, sem bað Guð um hjálp til að skilja Biblíuna, hafi fengið heimsókn frá einhverjum þjóni Jehóva skömmu síðar. Slík dæmi eru til vitnis um að englar hafi umsjón með boðun fagnaðarerindisins. (Opinberunarbókin 14:6) Þegar við biðjum til Jehóva á neyðarstund getur hann sent einn af vottum sínum til

17. Af hverju getum við sagt að Guð noti engla og þjóna sína á jörð til að verða við bænnum okkar?

Jehóva heyrir bænir hvenær sem þær eru bornar fram.



Jehóva getur bænheyrð okkur með því að senda einhvern þjón sinn til að hjálpa okkur.

að hjálpa okkur. — Orðskviðirnir 12:25; Jakobsbréfið 2:16.

¹⁸ Jehóva Guð notar líka heilagan anda og orð sitt, Biblíuna, þegar hann bænheyrir þjóna sína. Ef við biðjum hann um hjálp til að standast prófraunir gefur hann okkur ef til vill heilagan anda til að styrkja okkur og leiðbeina. (2. Korintubríf 4:7) Þegar við biðjum um leiðsögn finnum við oft leiðbeiningar í Biblíunni þar sem Jehóva hjálpar okkur að taka viturlegar ákvarðanir. Við finnum kannski gagnlega ritningarstaði þegar við grúskum í Biblíunni eða lesum biblíufræðslurit eins og þessa bók. Við heyrum ef til vill ábendingu á safnaðarsamkomu um biblíuleg atriði sem við þurfum að íhuga, eða fáum hana frá safnaðaröldungum sem lætur sér annt um okkur. — Galatabréfið 6:1.

¹⁹ Ef okkur virðist sem Jehóva sé seinn að bænheyrja okkur stafar það aldrei af því að hann sé ekki fær um það. Við þurfum að hafa hugfast að Jehóva bregst við bænum í samræmi við vilja sinn og þegar það er tímabært. Hann þekkir þarfir okkar og kann að sinna þeim betur en við. Oft leyfir hann okkur að ,biðja, leita og knýja á' um tíma.

18. Hvernig notar Jehóva heilagan anda og orð sitt til að bænheyrja þjóna sína?

19. Hvað ættum við að hafa í huga ef okkur finnst við ekki fá bænheyrslu?



(Lúkas 11:5-10) Með því að halda áfram að biðja sýnum við Guði að okkur er full alvara og trúin er ósvikin. Svo er ekki víst að bænheyrsla Jehóva sé okkur augljós. Ef við gerum ákveðna prófraun að bænarefni gæti hann til dæmis bænheyrt okkur með því að gefa okkur styrk til að standast hana í stað þess að taka hana burt. — Filippíbréfið 4:13.

²⁰ Við getum verið innilega þakklát fyrir að skapari alheims skuli vera nálægur öllum sem ákalla hann á réttan hátt í bæn. (Sálmur 145:18) Það er ómetanleg blessun að mega ganga fram fyrir hann og við skulum gera það reglulega. Þá styrkjum við jafnt og þétt tengslin við Jehóva sem „heyrir bænir“.

20. Af hverju ættum við að biðja reglulega til Jehóva?

BIBLÍAN KENNIR

- Við styrkjum tengslin við Jehóva með því að biðja reglulega til hans. — Jakobsbréfið 4:8.
- Við þurfum að biðja í trú, auðmýkt og einlægni til að Jehóva heyrir bænir okkar. — Markús 11:24.
- Við megum aðeins biðja til Jehóva og eigum að gera það í nafni sonar hans. — Matteus 6:9; Jóhannes 14:6.
- Jehóva, sem „heyrir bænir“, notar engla, jarðneska þjóna sína, heilagan anda og orð sitt til að verða við bænum manna. — Sálmur 65:3.

Skírn og samband þitt við Guð

Hvernig fer kristin skírn fram?


Hvað þarftu að gera til að geta látið skírast?

Hvernig vígist maður Guði?

Hvaða sérstök ástæða er til að láta skírast?

„HÉR er vatn, hvað hamlar mér að skírast?“ spurði eþíópskur hirðmaður á fyrstu öld. Kristinn maður, sem hét Filippus, hafði sýnt honum fram á að Jesús væri hinn fyrirheitni Messías. Þessi skilningur, sem eþíópski maðurinn fékk á Ritningunni, snart hann djúpt og hann beið ekki boðanna heldur fór eftir því sem hann

1. Af hverju vildi eþíópskur hirðmaður láta skírast?



hafði lært. Hann vildi láta skírast. — Postulasagan 8: 26-36.

² Ef þú hefur farið vandlega yfir alla kaflana hér á undan með hjálp einhvers af vottum Jehóva getur verið að þér finnist tímabært að spyrja: „Hvað hamlar mér að skírast?“ Þú ert búinn að kynna þér loford Biblíunnar um eilíft líf í paradís. (Lúkas 23:43; Opinberunarbókin 21:3, 4) Þú veist hvað verður um fólk við dauðann og hefur lært um upprisu vonina. (Prédikarinn 9:5; Jóhannes 5:28, 29) Sennilega hefurðu sótt safnaðarsamkomur hjá Vottum Jehóva og hefur séð með eigin augum hvernig þeir iðka sanna trú. (Jóhannes 13:35) Síðast en ekki síst ertu trúlega farinn að mynda persónuleg tengsl við Jehóva Guð.

³ Hvernig geturðu sýnt að þú viljir þjóna Guði? Jesús sagði fylgjendum sínum: „Farið . . . og gjörið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá.“ (Matteus 28:19) Hann gaf fordæmið með því að láta sjálfur skírast í vatni. Hann lét ekki aðeins dreypa á sig vatni eða ausa því á höfuð sér. (Matteus 3:16) Gríska sagnorðið, sem er þýtt „skíra“, er dregið af sögn sem merkir „að dýfa“ þannig að kristin skírn er fólgin í algerri niðurdýfingu í vatn.

⁴ Allir sem vilja eiga samband við Jehóva þurfa að skírast í vatni. Skírn er opinbert merki um að þú viljir þjóna honum. Hún sýnir að þú hefur yndi af því að gera vilja hans. (Sálmur 40:8, 9) En áður en þú getur lát-ið skírast þarftu að stíga viss skref.

2. Af hverju ættirðu að hugsa alvarlega um að láta skírast?

3. (a) Hvað sagði Jesús fylgjendum sínum að gera? (b) Hvernig fer kristin skírn fram?

4. Hvað gefum við til kynna með því að láta skírast?

ÞEKING OG TRÚ ERU NAUÐSYNLEG

⁵ Þú ert að stíga fyrsta skrefið núna með því að *afla þér þekkingar* á Jehóva Guði og Jesú Kristi, ef til vill með kerfisbundnu biblíunámi. (Jóhannes 17:3) En þú átt margt ólært enn þá. Kristna menn langar til að „fyllast þekkingu á vilja Guðs“. (Kólossubréfið 1:9) Safnaðarsamkomur Votta Jehóva eru mjög góð leið til þess. Það er mikilvægt að sækja samkomurnar reglulega því að þannig eykurðu þekkingu þína á Guði. — Hebreabréfið 10:24, 25.

⁶ Þú þarft auðvitað ekki að þekkja Biblíuna spjaldanna á milli til að geta látið skírast. Epíópski hirðmaðurinn hafði *vissa* þekkingu á Ritningunni en hann þurfti að fá aðstoð til að skilja ákveðna hluta hennar. (Postulasagan 8:30, 31) Þú átt líka margt ólært og reyndar geturðu haldið endalaust áfram að fræðast um Guð. (Prédikarinn 3:11) En áður en þú getur látið skírast þarftu að minnsta kosti að þekkja og viðurkenna undirstöðukenningar Biblíunnar. (Hebreabréfið 5:12) Til dæmis þarftu að þekkja og viðurkenna sannleikann um það sem gerist við dauðann og um mikilvægi ríkis Guðs og nafns hans.

⁷ Þekking nægir auðvitað ekki ein sér því að „án trúar er ógerlegt að þóknast“ Guði. (Hebreabréfið 11:6) Sagt er frá því í Biblíunni að allmargir Korintumenn hafi „tekið trú og látið skírast“ eftir að hafa hlustað á boðskap kristninnar. (Postulasagan 18:8) Nám í Biblíunni ætti sömuleiðis að veita þér þá *trú* að hún sé innblásið orð Guðs. Biblíunám ætti að hjálpa þér að treysta á

5. (a) Hvert er fyrsta skrefið í átt til skírnar? (b) Af hverju er mikilvægt að sækja safnaðarsamkomur?

6. Hve mikil biblíuþekking er nauðsynleg til að geta látið skírast?

7. Hvaða áhrif ætti biblíunám að hafa á þig?

loforð Guðs og á hjálpræðið sem er fólgið í fórn Jesú. — Jósuabók 23:14; Postulasagan 4:12; 2. Tímóteusarbréf 3:16, 17.

AÐ SEGJA ÖÐRUM FRÁ SANNLEIKA BIBLÍUNNAR

⁸ Þegar trúin vex í hjarta þér kemstu að raun um að það er erfitt annað en að segja frá því sem þú ert að læra. (Jeremía 20:9) Þú finnur sterka löngun hjá þér til að segja öðrum frá Guði og fyrirætlunum hans. — 2. Korintubréf 4:13.

⁹ Þú gætir byrjað á því að segja ættingjum, vinum, nágrönnum og vinnufélögum frá sannleika Biblíunnar en gerðu það með háttvísi. Þegar fram líða stundir langar þig trúlega til að taka þátt í skipulögðu boðunarstarfi votta Jehóva. Þegar þar að kemur geturðu rætt málið við vottinn sem er að leiðbeina þér við biblíunámið. Ef allt bendir til þess að þú uppfyllir hæfniskröfurnar munu tveir af öldungum safnaðarins skjóta á fundi með þér og leiðbeinanda þínum.

¹⁰ Þessi fundur býður upp á tækifæri fyrir þig til að kynnast betur sumum af öldungum safnaðarins sem hafa það hlutverk að gæta hjarðar Guðs. (Postulasagan 20:28; 1. Pétursbréf 5:2, 3) Ef öldungarnir komast að raun um að þú skilur undirstöðukenningar Biblíunnar og trúir þeim, lifir í samræmi við meginreglur Guðs og langar í einlægni til að verða vottur Jehóva, þá láta þeir þig vita að þú sért hæfur til að taka þátt í að boða fagnaðarerindið meðal almennings sem óskírður boðberi.

8. Hvað vekur löngun með þér til að segja öðrum frá því sem þú ert að læra?

9, 10. (a) Hverjum geturðu byrjað á að segja frá sannleika Biblíunnar? (b) Hvað ættirðu að gera ef þig langar til að taka þátt í skipulögðu boðunarstarfi Votta Jehóva?

¹¹ Það gæti hins vegar komið á daginn að þú þurfir að gera einhverjar breytingar á venjum þínum eða líferni til að fá að taka þátt í boðunarstarfi meðal almennings. Þú gætir til dæmis þurft að hætta einhverju sem þú hefur haldið leyndu fyrir öðrum. Áður en menn óska eftir að gerast óskírðir boðberar verða þeir að leggja af alvarlegar syndir eins og kynferðislegt siðleysi, drykkjuskap eða fíkniefnaneyslu. — 1. Korintubréf 6:9, 10; Galatabréfið 5:19-21.

IÐRUN OG SINNASKIPTI

¹² Fleira þarf að gera áður en maður getur látið skírast. Pétur postuli sagði: „Gjörið . . . iðrun og snúið yður, að syndir yðar verði afmáðar.“ (Postulasagan 3:19) Iðrun er fólgin í því að sjá einlæglega eftir einhverju sem maður hefur gert. *Iðrun* er auðvitað viðeigandi ef maður hefur lifað siðlausu lífi, en hún er líka nauðsynleg þó að maður hafi lifað fremur hreinu lífi. Ástæðan er sú að allir menn eru syndugir og þurfa fyrirgefningu Guðs. (Rómverjabréfið 3:23; 5:12) Þú þekktir ekki vilja Guðs áður en þú fórst að kynna þér Biblíuna þannig að þú gast ekki lifað í samræmi við vilja hans að öllu leyti. Þess vegna er nauðsynlegt að iðrast.

¹³ Samfara iðruninni þarftu að ‚snúa þér‘, taka *sinna-skiptum*. Það er ekki nóg að sjá eftir því sem maður hefur gert heldur þarf maður að hafna fyrra líferni og vera staðráðinn í að gera eftirleiðis það sem er rétt. Iðrunin og sinnaskiptin þurfa að eiga sér stað áður en maður lætur skírast.

11. Hvaða breytingar gætu sumir þurft að gera til að verða hæfir til að boða fagnaðarerindið meðal almennings?

12. Af hverju er nauðsynlegt að iðrast?

13. Hvað eru sinnaskipti?

AÐ VÍGJAST GUÐI

¹⁴ Áður en þú lætur skírast þarftu að stíga annað mikilvægt skref. Þú þarft að *vígjast* Jehóva Guði.

¹⁵ Þegar þú vígir þig Jehóva Guði í einlægri bæn lofar þú að veita honum óskipta hollustu að eilífu. (5. Mósebók 6:15) En af hverju skyldi mann langa til þess? Lýsum því með dæmi. Segjum að maður sé að draga sig eftir konu. Því nánar sem hann kynnist henni og góðum eiginleikum hennar, þeim mun sterkar laðast hann að henni. Að endingu spyr hann eðli málsins samkvæmt hvort hún vilji giftast sér. Vissulega fylgir því ýmiss konar ábyrgð að skuldbinda sig en ástin knýr hann til að stíga þetta mikilvæga skref.

¹⁶ Þegar þú kynnist Jehóva og ferð að elska hann langar þig til að þjóna honum skilyrðislaust. Þú vilt ekki setja tilbeiðslu þinni nein takmörk. Sá sem vill fylgja syni Guðs, Jesú Kristi, þarf að „afneita sjálfum sér“. (Markús 8:34) Við afneitum okkur með því að gæta þess að persónulegar langanir og markmið standi ekki í veginum fyrir því að við hlýðum Guði í hvívetna. Áður en þú getur látið skírast þarftu með öðrum orðum að hafa það meginmarkmið í lífinu að gera vilja Guðs. — 1. Pétursbréf 4:2.

VERTU EKKI HRÆDDUR UM AÐ ÞÚ BREGÐIST

¹⁷ Sumir hika við að vígjast Jehóva vegna þess að þeir treysta sér ekki til að stíga svona alvarlegt skref. Kannski veigra þeir sér við að vera ábyrgir gagnvart honum sem vígðir kristnir menn. Þeir hugsa með

14. Hvað annað þarftu að gera áður en þú lætur skírst?

15, 16. Hvað merkir það að vígjast Guði og af hvaða hvötum gera menn það?

17. Af hverju hika sumir við að vígjast Guði?



*Nákvæm þekking á orði
Guðs er mikilvægur
undanfari skírnar.*

*Trúin ætti að vera þér
hvöt til að segja öðrum
frá því sem þú hefur lært.*



sér að best sé að vígja sig ekki Jehóva vegna þess að þeir óttast að þeir kunni að bregðast honum og valda honum vonbrigðum.

¹⁸ Þegar þú lærir að elska Jehóva fer þig að langa til að vígjast honum og þú vilt gera þitt besta til að halda vígsluheitið. (Prédikarinn 5:3) Eftir að hafa vígst Guði viltu auðvitað ,hegða þér eins og honum er samboðið, honum til þóknunar á allan hátt'. (Kólossubrésið 1:10) Þar sem þú elskar hann finnst þér ekki erfitt að gera vilja hans. Þú ert eflaust sammála Jóhannesi postula sem skrifaði: „Í þessu birtist elskan til Guðs, að vér höldum

18. Hvað getur verið þér hvöt til að vígjast Jehóva?


hans boðorð. Og boðorð hans eru ekki þung.“ — 1. Jóhannesarbréf 5:3.

¹⁹ Þú þarft ekki að vera fullkominn til að vígjast Guði. Hann þekkir takmörk þín og ætlast aldrei til meira af þér en þú getur gert. (Sálmur 103:14) Hann vill að þér gangi allt í haginn og mun því styðja þig og styrkja. (Jesaja 41:10) Þú getur verið viss um að Jehóva „gerir stígu þína slétta“ ef þú treystir honum af öllu hjarta. — Orðskviðirnir 3:5, 6.

19. Af hverju þarftu ekki að vera hræddur við að vígjast Guði?

*Hefurðu vígt þig
Guði í bæn?*

*Skírning táknar að
maður deyi sinni fyrri
lífsstefnu og lifni til að
gera vilja Guðs.*



LÁTTU SKÍRAST TIL TÁKNS UM VÍGSLU ÞÍNA

²⁰ Þér finnst kannski auðveldara að vígjast Jehóva í bæn eftir að hafa hugleitt efni þessa kafla. Allir sem elska Guð í raun og sannleika þurfa að „játa til hjálpraðis“. (Rómverjabréfið 10:10) Hvernig fer maður að því?

²¹ Láttu umsjónarmann öldungaráðsins í söfnuðinum þínum vita að þig langi til að láta skírast. Hann gerir þá ráðstafanir til þess að öldungar í söfnuðinum hitti þig til að fara yfir allmargar spurningar um undirstöðukenningar Biblíunnar. Ef öldungarnir telja þig hæfan láta þeir þig vita að þú megir skírast við fyrsta tækifæri.* Áður en skírnin fer fram er yfirleitt flutt ræða um merkingu hennar og síðan biður ræðumaðurinn þá sem ætla að skírast að svara tveim einföldum spurningum. Það er ein leið til að játa trú sína.

²² Skírnin er opinbert merki þess að maður hafi vígt sig Jehóva Guði og sé nú vottur hans. Með niðurdýfingu í vatn sýnir skírnbeginn opinberlega að hann hafi vígt sig Jehóva.

MERKING SKÍRNARINNAR

²³ Jesús sagði að lærisveinar sínir yrðu skírðir „í nafni föður, sonar og heilags anda“. (Matteus 28:19) Þetta merkir að skírnbeginn viðurkennir yfirráð Jehóva Guðs og Jesú Krists. (Sálmur 83:19; Matteus 28:18) Hann viðurkennir einnig hlutverk og starfsemi heilags anda Guðs sem er starfskraftur hans. — Galatabréfið 5:22, 23; 2. Pétursbréf 1:21.

* Skírni er fastur liður á mótum sem Vottar Jehóva halda á hverju ári.

20. Af hverju er það ekki einkamál að maður hafi vígt sig Guði? 21, 22. Hvernig er hægt að játa trú sína?

23. Hvað merkir það að skírast „í nafni föður, sonar og heilags anda“?

²⁴ Skírnin er samt annað og meira en það. Hún er mjög mikilvægt ták. Að fara á kaf í vatnið táknar að maður sé dáinn sinni fyrri lífsstefnu. Þegar manni er lyft upp úr vatninu er það ták þess að maður sé lifnaður til að gera vilja Guðs. Og hafðu hugfast að fólk vígist Jehóva Guði, en ekki einhverju verki, málstað, mönnum eða söfnuði. Vígsla og skírn eru upphaf að mjög náinni vináttu við Guð — að innilegu sambandi við hann. — Sálmur 25:14.

²⁵ Skírn er ekki trygging fyrir hjálpraði. „Vinnið nú að sáluhjálpi yðar með ugg og ótta,“ skrifaði Páll postuli. (Filippíbréfið 2:12) Skírn er aðeins byrjunin. Hvernig geturðu varðveitt sjálfan þig áfram í kærleika Guðs? Svarið er að finna í síðasta kafla bókarinnar.

24, 25. (a) Hvað táknar skírnin? (b) Hvaða spurningu þarf að svara?

BIBLÍAN KENNIR

- Kristin skírn er ekki fólgin í því að ausa skírnþegann vatni heldur í algerri niðurdýfingu í vatn. — Matteus 3:16.
- Áður en þú lætur skírast þarftu að afla þér þekkingar og sýna trú, iðrast, taka sinnaskiptum og vígjast Guði. — Jóhannes 17:3; Postulasagan 3:19; 18:8.
- Til að vígjast Jehóva þarftu að afneita sjálfum þér, rétt eins og fólk afneitaði sjálfu sér til að fylgja Jesú. — Markús 8:34.
- Skírn táknar að maður deyi sinni fyrri lífsstefnu og lifni til að gera vilja Guðs. — 1. Pétursbréf 4:2.

Varðveittu þig í kærleika Guðs

Hvað merkir það að elska Guð?

Hvernig getum við varðveitt okkur í kærleika Guðs?

Hvernig launar Jehóva þeim sem varðveita sig
í kærleika hans?

*Ætlar þú að
leita skjóls
hjá Jehóva
á þessum
stormasömu
tímum?*

HUGSAÐU þér að þú sért úti að ganga. Himinninn er orðinn þungbúinn og það er tekið að hvesa. Brátt er skolið á slagveður. Þú hraðar þér eins og þú getur og horfir um leið í kringum þig eftir afdrepi fyrir veðrinu. Skyndilega gengurðu fram á skýli. Það er traust að sjá og inni er allt þurrt og þrifalegt. Hvílíkur munur að komast í skjól!

² Við lifum á stormasömum tímum. Ástandið í heiminum versnar jafnt og þétt. Við eigum hins vegar kost á öruggu skjóli þar sem ekki er hætt á að við verðum fyrir varanlegu tjóni. Hvaða skjól er það? Biblían talar um mann sem segir við Jehóva: „Hæli mitt og háborg, Guð minn, er ég trúi á!“ – Sálmur 91:2.

³ Hugsadu þér! Jehóva, skapari og Drottinn alheims, getur verið okkur öruggt hæli og skjól þar sem við erum óhult. Hann er margfalt máttugri en allt og allir sem okkur gæti stafað hættu af. Og jafnvel þótt við

- 1, 2. Hvar finnum við öruggt skjól nú á tímum?
3. Hvernig getum við gert Jehóva að hæli okkar?

verðum fyrir tjóni getur hann bætt það að fullu. Hvernig getum við gert Jehóva að hæli okkar? Við þurfum að treysta honum. Jafnframt erum við hvött til að ‚varðveita sjálf okkur í kærleika Guðs‘. (Júdasarbréfið 21) Já, við þurfum að viðhalda sterkum kærleiksböndum milli okkar og föðurins á himnum. Þá getum við verið örugg um að hann sé hæli okkar. En hvernig getum við myndað slík kærleiksbönd?

KÆRLEIKUR GUÐS OG VIÐBRÖGÐ ÞÍN

⁴ Til að varðveita okkur í kærleika Guðs þurfum við að gera okkur grein fyrir hvernig hann hefur sýnt okkur kærleika sinn. Rifjaðu upp sumar af kenningum Biblíunnar sem þú hefur kynnst með hjálp þessarar bókar. Jehóva, skaparinn, hefur gefið okkur unaðslegt heimili, jörðina. Hann hefur búið hana ríkulega matvælum og vatni, miklum náttúruauðlindum, hrífandi dýralífi og fögru landslagi. Hann gaf okkur Biblíuna þar sem hann opinberar nafn sitt og eiginleika. Þar segir einnig frá því að hann hafi sent ástkæran son sinn til jarðar til að þjást og deyja fyrir okkur. (Jóhannes 3:16) Og hvað þýðir þessi gjöf fyrir okkur? Hún veitir von um unaðslega framtíð.

⁵ Framtíðarvonin er einnig komin undir öðru sem Jehóva Guð hefur gert. Hann hefur sett á fót stjórn á himnum, Messíasarríkið, en það mun bráðlega binda enda á allar þjáningar og breyta jörðinni í paradís. Hugsaðu þér! Við getum lifað þar að eilífu í friði og hamingju. (Sálmur 37:29) Og Guð hefur gefið okkur leiðsögn um það hvernig best sé að lifa lífinu þangað til sá tími rennur upp. Hann hefur einnig veitt okkur ótakmarkaðan aðgang að sér með bæninni. Þetta eru aðeins örfá dæmi um það hvernig Jehóva hefur sýnt kærleika sinn til mannskynsins í heild og til þín sem einstaklings.

4, 5. Nefndu dæmi um hvernig Jehóva hefur sýnt okkur kærleika.



⁶ Það er samt mikilvægt fyrir þig að íhuga eitt: Hvernig bregst þú við kærleika Jehóva? Margir myndu eflaust svara sem svo að þeir þurfi að elska Jehóva á móti. Hugsar þú þannig? Jesús sagði að mesta

boðorðið væri þetta: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum.“ (Matteus 22:37) Við höfum vissulega margar ástæður til að elska Jehóva Guð. En er nóg að þér *finnist* þú elska Jehóva af öllu hjarta, sálu og huga til að gera það í raun og veru?

⁷ Eins og fram kemur í Biblíunni er það að elska Guð miklu meira en tilfinningin. Vissulega þurfum við að finna að við elskum hann en það er aðeins byrjunin á því að elska hann í raun og veru. Eplafrae er nauðsynlegt til að hægt sé að rækta eplatré. En ekki myndirðu gera þig ánægðan með að fá afhent frae ef þú bæðir um epli. Að finna fyrir kærleika til Jehóva er aðeins byrjunin líkt og eplafraeið. Biblían kennir: „Í þessu birtist elskan til Guðs, að vér höldum hans boðorð. Og boðorð hans eru ekki þung.“ (1. Jóhannesarbréf 5:3) Kærleikurinn til Guðs þarf að bera góðan ávöxt til að vera sannur. Hann þarf að birtast í verkum. — Matteus 7:16-20.

⁸ Við sýnum að við elskum Guð þegar við höldum boðorð hans og meginreglur. Það er ekki svo erfitt. Lög Jehóva eru ekki íþyngjandi heldur eru þau gerð til að hjálpa okkur að vera ánægð, hamingjusöm og farsæl í lífinu. (Jesaja 48:17, 18) Með því að lifa í samræmi við leiðsögn Jehóva sýnum við honum að við kunnum að meta allt sem hann

6. Hvernig gætir þú brugðist við kærleika Jehóva?

7. Felur kærleikur til Guðs í sér meira en aðeins tilfinningu? Skýrðu svarið.

8, 9. Hvernig getum við sýnt Guði kærleika okkar og þakklæti?

hefur gert fyrir okkur. Því miður er sjaldgæft að menn geri það nú á tímum. Við viljum ekki vera vanþakklát eins og sumir samtíðarmenn Jesú. Einu sinni læknaði hann tíu holdsveika menn en *aðeins einn* sneri aftur til að þakka honum. (Lúkas 17:12-17) Við viljum auðvitað vera eins og þakkláti maðurinn en ekki eins og hinir níu vanþakklátu.

⁹ Hver eru þá boðorð Jehóva sem við þurfum að halda? Við erum búin að ræða um allmörg af þeim í þessari bók en við skulum rifja upp fáein atriði. Að halda boðorð Guðs hjálpar okkur að varðveita okkur í kærleika hans.

HALTU ÁFRAM AÐ STYRKJA SAMBANDIÐ VIÐ JEHÓVA

¹⁰ Við styrkjum tengslin við Jehóva með því að læra um hann og við ættum að halda því áfram endalaust. Ef þú værir að orna þér við eld úti undir berum himni á ískaldri nóttu myndirðu varla láta eldinn kulna og

10. Hvers vegna er mikilvægt að halda áfram að fræðast um Jehóva Guð?

Þú þarft að viðhalda kærleikanum til Jehóva rétt eins og þú bætir á eldinn til að hann kulni ekki.



slokkna. Nei, þú myndir bæta á eldinn jafnt og þétt til að halda honum skíðlogandi. Líf þitt gæti verið í húfi. „Þekking á Guði“ viðheldur kærleika okkar til hans, rétt eins og eldiviðurinn viðheldur logunum. — Orðskviðirnir 2:1-5.

¹¹ Jesús vildi að fylgjendur sínir héldu áfram að elska Jehóva og sannleiksorð hans heitt og innilega. Eftir að hann var risinn upp frá dauðum skýrði hann fyrir tveim af lærisveinunum hvernig vissir spádómar í Hebresku ritningunum hefðu ræst á sér. Hvaða áhrif hafði það á þá? Þeir sögðu eftir á: „Brann ekki hjartað í okkur, meðan hann talaði við okkur á veginum og lauk upp fyrir okkur ritningunum?“ — Lúkas 24:32.

¹² Brann ekki hjartað í þér af gleði, áhuga og ást til Guðs þegar þú uppgötvaðir hvað Biblían kennir? Eflaust. Mörgum hefur verið þannig innanbrjósts. Vandinn er sá að halda þessum sterka kærleika lifandi og láta hann vaxa. Við viljum ekki fylgja þróuninni sem Jesús spáði þegar hann sagði að kærleikur flestra myndi kólna í heimi nútímans. (Matteus 24:12) Hvað geturðu gert til að kærleikurinn til Jehóva og sannleikans í Biblíunni kólni ekki?

¹³ Haltu áfram að viðá að þér þekkingu á Jehóva Guði og Jesú Kristi. (Jóhannes 17:3) Hugleiddu síðan það sem þú lærir í orði Guðs og spyrðu þig: Hvað kennir þetta mér um Jehóva Guð? Hvaða frekari ástæður sé ég til að elska hann af öllu hjarta, huga og sálu? (1. Tímóteusarbréf 4:15) Slíkar hugleiðingar hjálpa þér að viðhalda brennandi kærleika til Jehóva.

¹⁴ Reglulegar bænir eru önnur leið til að halda kærleikunum til Jehóva lifandi og sterkum. (1. Þessaloníkubríf

11. Hvaða áhrif hafði kennsla Jesú á fylgjendur hans?

12, 13. (a) Hvað er orðið um kærleikann til Guðs og Biblíunnar meðal þorra manna? (b) Hvað getum við gert til að láta ekki kærleika okkar kólna?

14. Hvernig getur bænin hjálpað okkur að viðhalda kærleikanum til Jehóva?

5:17) Í 17. kafla bókarinnar ræddum við um bænina sem er ein af dýrmætum gjöfum Guðs. Við höldum sterku og lifandi sambandi við Jehóva með því að biðja reglulega til hans, ekki ósvipað og mannleg sambönd dafna við opinskáar samræður og skoðanaskipti. Bæirnir mega ekki verða vélrænar — þær mega ekki breytast í orðaþulur sem við endurtökum aftur og aftur án eiginlegrar merkningar og tilfinningar. Við þurfum að tala við Jehóva rétt eins og barn talar við pabba sinn. Auðvitað viljum við tala við hann með virðingu en við skulum vera opinská, hreinskilin og segja það sem okkur býr í brjósti. (Sálmur 62:9) Já, sjálfsnám í Biblíunni og innilegar bænir eru mikilvægir þættir í tilbeiðslunni og eru hjálp til að varðveita okkur í kærleika Guðs.

HAFÐU YNDI AF ÞVÍ AÐ TILBIÐJA GUÐ

¹⁵ Við stundum sjálfsnám í Biblíunni út af fyrir okkur og hið sama gildir um bænasambandið. En annar þáttur tilbeiðslunnar — að segja öðrum frá trúnni — fer fram meðal almennings. Ertu byrjaður að segja öðrum frá sannleika Biblíunnar? Það er mikill heiður að fá að gera það. Þegar við segjum öðrum frá því sem við höfum lært erum við að vinna mjög þýðingarmikið starf sem öllum kristnum mönnum hefur verið falið — að boða fagnaðarerindið um ríki Guðs. — Matteus 24:14; 28:19, 20.

¹⁶ Páli postula þótti ákaflega vænt um þetta starf og kallaði það fjársjóð. (2. Korintubréf 4:7) Þú getur ekki unnið betra starf en að segja öðrum frá Jehóva Guði og fyrirætlunum hans. Þá ertu að þjóna besta húsbónda sem til er og þú hlýtur bestu laun sem völ er á. Með því að taka þátt í þessu starfi ertu að hjálpa hjartahreinu fólki að tengjast föðurnum á himnum og komast inn á veginn til

15, 16. Af hverju getum við litið á það sem heiður og fjársjóð að fá að boða fagnaðarerindið?

eilífa lífsins. Hvað getur verið meira gefandi en það? Og með því að vitna um Jehóva og orð hans styrkirðu trú þína og kærleika til hans. Jehóva kann að meta viðleitni þína. (Hebreabréfið 6:10) Með því að vera upptekinn af

*Jehóva vill að þú
hljóttir „hið sanna líf“.
Þiggurðu boð hans?*



slíku starfi hjálparðu sjálfum þér að varðveita þig í kærleika Guðs. — 1. Korintubréf 15:58.

¹⁷ Það er mikilvægt að hafa hugfast að boðunarstarfið er áriðandi. „Prédika þú orðið, gef þig að því í tíma og ótíma,“ segir Biblían. (2. Tímóteusarbréf 4:2) Af hverju er þetta svona áriðandi núna? Orð Guðs segir: „Hinn mikli dagur Drottins er nálægur, hann er nálægur og hraðar sér mjög.“ (Sefanía 1:14) Þess er skammt að bíða að Jehóva bindi enda á núverandi ástand í heiminum. Við verðum að vara fólk við þannig að það viti að það þarf að velja Jehóva sem Drottin sinn núna. Endinum seinkar ekki. — Habakkuk 2:3.

¹⁸ Jehóva vill að við tilbiðjum sig ásamt öðrum sem stunda sanna kristni. Þess vegna segir í orði hans: „Gefum gætur hver að öðrum og hvetjum hver annan til kærleika og góðra verka. Vanrækið ekki safnaðarsamkomur yðar eins og sumra er siður, heldur uppörvið hver annan, og það því fremur sem þér sjáið að dagurinn færir nær.“ (Hebreabréfið 10:24, 25) Þegar við hittum trússystkini á safnaðarsamkomum höfum við ágætis tækifæri til að lofa og tilbiðja Jehóva. Við uppbyggjumst saman og hvetjum hvert annað.

¹⁹ Við styrkjum vináttuböndin í söfnuðinum þegar við umgöngumst aðra sem tilbiðja Jehóva. Það er mikilvægt að hafa augun opin fyrir því góða í fari annarra, rétt eins og Jehóva leitar eftir því góða í fari okkar. Þú skalt ekki ætlast til þess að trússystkini þín séu fullkomin. Mundu að við höfum öll tekið út mismikinn þroska í trúnni og að okkur verður öllum á mistök. (Kólossubréfið 3:13) Gerðu þér far um að mynda nán vináttutengsl við þá sem elska Jehóva

17. Hvers vegna er hið kristna boðunarstarf áriðandi núna?

18. Af hverju ættum við að tilbiðja Jehóva ásamt öðrum sem stunda sanna kristni?

19. Hvernig getum við styrkt kærleiksböndin í kristna söfnuðinum?

af öllu hjarta. Það stuðlar að því að þú takir framförum í trúnni. Að tilbiðja Jehóva ásamt trússysteminum sínum er hjálp til að varðveita sig í kærleika Guðs. Hvernig launar Jehóva þeim sem tilbiðja hann í trúfesti og varðveita sig þannig í kærleika hans?

HÖNDLAÐU „HIÐ SANNA LÍF“

²⁰ Jehóva launar trúföstum þjónum sínum með því að gefa þeim líf. Hvers konar líf er það? Lítum nánar á málið. Ertu fullkomlega lifandi núna? Flestir myndu segja að svarið sé augljóst. Við öndum, borðum og drekkum þannig að við hljótum að vera lifandi. Og þegar okkur líður sérstaklega vel segjum við jafnvel: „Svona á lífið að vera!“ Biblían gefur hins vegar í skyn að enginn maður sé lifandi í *fyllsta skilningi* orðsins.

²¹ Í orði Guðs er fólk hvatt til að „höndla hið sanna líf“. (1. Tímóteusarbréf 6:19) Þessi orð bera með sér að við vonumst eftir „hinu sanna lífi“ í framtíðinni. Þegar við verðum fullkomin verðum við lifandi í fyllsta skilningi orðsins því að þá verður lífið eins og Guð ætlaði sér í upphafi. Þegar jörðin er orðin að paradís og við búum við fullkomna heilsu, frið og hamingju, þá höfum við eignast „hið sanna líf“ — eilífa lífið. (1. Tímóteusarbréf 6:12) Er það ekki stórfengleg von?

²² Hvernig getum við „höndlað hið sanna líf“? Jafnhliða og Páll nefnir það hvetur hann kristna menn til að „gjöra gott“ og „vera ríkir af góðum verkum“. (1. Tímóteusarbréf 6:18) Það er því ljóst að það skiptir miklu máli hvernig við förum eftir sannleikanum sem við höfum lært í Biblíunni. En er Páll að gefa í skyn að við *ávinnum* okkur „hið sanna líf“ með góðum verkum? Nei, vonin um að hljóta

20, 21. Hvað er „hið sanna líf“ og hvers vegna er vonin um það stórfengleg?

22. Hvernig geturðu „höndlað hið sanna líf“?

Það er byggð á „náð Guðs“, á óverðskuldaðri gæsku hans. (Rómverjabréfið 5:15) Hann hefur hins vegar yndi af því að umbuna þeim sem þjóna honum af trúfesti. Hann vill að þú hljótir „hið sanna líf“. Þeir sem varðveita sig í kærleika Guðs eiga í vændum eilíft líf, frið og hamingju.

²³ Við ættum öll að spyrja okkur: Tilbið ég Guð eins og útlistað í er Biblíunni? Ef við gætum þess að gera það dag hvern, þá erum við á réttri braut. Þá getum við treyst að Jehóva sé okkur skjól og hæli. Hann varðveitir trúá þjóna sína óhulta í ólgu og umbrotum hinna síðustu daga þessa heims. Innan skamms leiðir hann okkur heilu og höldnu inn í nýjan heim. Það verður ólýsanleg lífsreynsla! Þá munum við fagna því að hafa tekið réttar ákvarðanir núna á síðustu dögum. Ef þú velur rétt núna, þá muntu hljóta „hið sanna líf“, eilífa lífið sem Jehóva Guð ætlaði mönnum frá öndverðu!

23. Af hverju þurfum við að varðveita okkur í kærleika Guðs?

BIBLÍAN KENNIR

- Við sýnum að við elskum Guð með því að halda boðorð hans og meginreglur. — 1. Jóhannesarbréf 5:3.
- Við varðveitum okkur í kærleika Guðs með því að nema orð hans, biðja til hans í einlægni, segja öðrum frá honum og tilbiðja hann á safnaðarsamkomum. — Matteus 24:14; 28:19, 20; Jóhannes 17:3; 1. Þessaloníkubréf 5:17; Hebreabréfið 10:24, 25.
- Þeir sem varðveita sig í kærleika Guðs eiga von um „hið sanna líf“. — 1. Tímóteusarbréf 6:12, 19; Júdasarbréfið 21.

VIÐAUKI

EFNI	BLAÐSÍÐA
Nafn Guðs — notkun þess og merking	195
Spádómur Daníels um komu Messíasar	197
Jesús Kristur — hinn fyrirheitni Messías	199
Sannleikurinn um föðurinn, soninn og heilagan anda	201
Ættu kristnir menn að nota krossinn í tilbeiðslu sinni?	204
Kvöldmáltíð Drottins haldin til heiðurs Guði	206
Hvað eru „sál“ og „andi“?	208
Hvað eru Hel og dánarheimar?	212
Hvað er dómsdagur?	213
1914 — mikilvægt ár í spádómum Biblíunnar	215
Hver er Míkael höfuðengill?	218
Hvað er „Babýlon hin mikla“?	219
Fæddist Jesús í desember?	221
Ættum við að halda hátíðir?	222

Nafn Guðs — notkun þess og merking

HVERNIG er Sálmur 83:19 þýddur í biblíunni þinni? *New World Translation of the Holy Scriptures* orðar versið (18. vers þar) svona: „Til að fólk megi vita að þú sem heitir Jehóva, þú einn ert hinn hæsti yfir allri jörðinni.“ Versið er orðað svipað þessu í mörgum öðrum biblíuþýðingum. En algengt er að þýðendur felli nafnið Jehóva niður og setji titil á borð við „Drottinn“ eða „Eilífur“ í staðinn. Hvað á að standa í þessu versi? Á það að vera titill eða nafnið Jehóva?

Versið talar um að Guð heiti ákveðnu nafni. Biblían er að stórum hluta skrifuð á hebresku, og í hebreska frumtextanum er notað sérstakt eiginnafrátt í þessu versi. Á hebresku er það ritað יהוה (JHVH). Oft er það umritað „Jehóva“ á íslensku. Stendur nafnið aðeins í þessu eina versi? Nei, það stendur næstum 7000 sinnum í frumtexta Hebresku ritninganna!

**Nafn Guðs með
hebresku lettri.**

Hve miklu máli skiptir nafn Guðs? Lítum aðeins á faðirvor-ið, bænina sem Jesús gaf fylgjendum sínum sem fyrirmynd. Bænin hefst þannig: „Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helg-ist þitt nafn.“ (Matteus 6:9) Seinna sagði Jesús í bæn: „Faðir, gjör nafn þitt dýrlegt!“ Guð svaraði þá af himni: „Ég hef gjört það dýrlegt og mun enn gjöra það dýrlegt.“ (Jóhannes 12:28) Nafn Guðs er greinilega afar þýðingarmikið. Hvers vegna hafa þá sumir biblíuþýðendur fellt það niður og sett titla í staðinn?

Ástæðurnar virðast aðallega vera tvær. Annars vegar er því haldið fram að það eigi ekki að nota nafnið vegna þess að ekki sé vitað hvernig það var borið fram upphaflega. Til forna var hebreska rituð án sérhljóða. Þess vegna veit enginn með vissu hvernig nafnið JHVH var borið fram á biblíutímanum. En er það gild ástæða til að nota ekki nafn Guðs? Hugsanlegt er að nafnið Jesús hafi verið borið fram Jesúa eða Jehosjúa á biblíu-tímanum, en enginn veit það með vissu. Þrátt fyrir það eru

notaðar mismunandi framburðarmyndir af nafninu Jesús út um allan heim, allt eftir því sem hefðin býður í hverju tungumáli. Mennta hika ekki við að nota nafnið þó að þeir viti ekki hvernig það var borið fram á fyrstu öld. Ef þú ferðast til annars lands er ekki ólíklegt að nafnið þitt hljómaði öðruvísi af vörum heimamanna en þú ert vanur. Það er því engin ástæða til að hætta að nota nafn Guðs þó að hinn forni framburður sé glataður.

Önnur ástæða, sem oft er nefnd fyrir því að nota ekki nafn Guðs, er tengd langstæðri erfðavenju meðal Gyðinga. Margir þeirra telja að það eigi aldrei að nefna nafn Guðs. Þessi skoðun mun vera byggð á mistúlkun boðorðs í Biblíunni sem segir: „Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma, því að Drottinn mun ekki láta þeim óhegnt, sem leggur nafn hans við hégóma.“ — 2. Mósebók 20:7.

Með þessu boðorði er lagt bann við því að misnota nafn Guðs. En er verið að banna fólki að nota nafnið með tilhlýðilegri virðingu? Auðvitað ekki. Ritarar hebresku biblíunnar (Gamla testamentisins) voru allir trúfastir menn sem lifðu eftir þeim lögum sem Guð gaf Ísraelsmönnum forðum daga. Samt notuðu þeir nafn Guðs ríkulega. Nafnið kom til dæmis fyrir í fjölda sálma sem guðsdýrkendur sungu saman. Jehóva Guð sagði tilbiðjendum sínum jafnvel að ákalla nafn sitt og trúaðir menn hlýddu því. (Jóel 3:5; Postulasagan 2:21) Kristnir menn nú á tímum hika því ekki við að nota nafn Guðs með tilhlýðilegri virðingu, rétt eins og Jesús gerði. — Jóhannes 17:26.

Það eru alvarleg mistök af hálfu biblíupýðenda að setja titla í stað nafns Guðs vegna þess að með því gera þeir Guð fjarlægjan og ópersónulegan. Biblían hvetur menn hins vegar til að eiga náð samband við hann. (Jakobsbréfið 4:8) Hugsaðu um trúnaðarvin sem þú átt. Varla væru vináttuböndin náin ef þú þekktir vininn ekki með nafni. Getur fólk átt náð samband við Guð ef það fær ekki að þekkja hann með nafni? Og ef menn nota ekki nafnið vita þeir ekki heldur hvað það merkir. Hvað merkir nafnið Jehóva?

Guð útskýrði hrífandi merkingu nafnsins fyrir trúum þjóni sínum, Móse. Þegar Móse spurði Guð hvert nafn hans væri svaraði hann: „Ég verð sá sem ég verð.“ (2. Mósebók 3:14, *New World Translation*) Í þýðingu Rotherhams er versið orðað svona: „Ég verð hvað sem mér þóknast.“ Jehóva getur sem sagt orðið hvaðeina sem hann þarf til að hrinda vilja sínum í framkvæmd.

Segjum að þú gætir orðið hvað sem þú vildir. Hvað myndirðu gera fyrir vini þína? Ef einhver þeirra veiktist alvarlega gætirðu orðið fær lækni og læknað hann. Ef annar vinur lenti í fjárkröggum gætirðu orðið ríkur velgerðarmaður og hlaupið undir bagga með honum. En sannleikurinn er auðvitað sá að þú getur ekki orðið hvað sem er. Ekkert okkar getur það. En þegar þú kynnist þér Biblíuna kemstu að raun um að Jehóva verður *hvaðeina* sem hann þarf til að standa við loforð sín. Hann hefur yndi af því að beita mætti sínum í þágu þeirra sem elska hann. (2. Kroníkubók 16:9) Við sjáum ekki þennan fagra þátt í persónuleika Jehóva ef við þekkjum hann ekki með nafni.

Ljóst er að nafnið Jehóva á heima í Biblíunni. Við styrkjum sambandið við Jehóva, föður okkar á himnum, ef við vitum hvað nafnið merkir og notum það ríkulega í tilbeiðslu okkar.*

* Nánari upplýsingar um nafn Guðs, merkingu þess og ástæðurnar fyrir því að nota það í tilbeiðslu sinni er að finna í bæklingnum *Nafn Guðs sem vara mun að eilífu*, gefinn út af Vottum Jehóva.


Spádómur Daníels um komu Messíasar

DANÍEL spámaður var uppi meira en 500 árum fyrir fæðingu Jesú en Jehóva gaf honum vissar upplýsingar þannig að hægt væri að tímasetja nákvæmlega hvenær Jesús yrði smurður, það er að segja útnefndur Messías eða Kristur. Daníel var sagt: „Vit því og hygg að: Frá því, er orðið um endurreisn Jerúsalem

út gekk, til hins smurða höfðingja, eru sjö sjöundir, og í sextú og tvær sjöundir skulu torg hennar og stræti endurreist verða.“ – Daníel 9:25.

Til að ákvarða hvenær Messías átti að koma þurfum við að finna út viðmiðunarárið sem komutími hans er talinn frá. Samkvæmt spádóminum á að telja „frá því, er orðið um endurreisn Jerúsalem út gekk“. Hvenær var það? Að sögn biblíuritarans Nehemía var það „á tuttugasta ríkisári Artahsasta konungs“ sem gefin var tilskipun um að múrar Jerúsalem skyldu endurreistir. (Nehemíabók 2:1, 5-8) Sagn-

„SJÖTÍU SJÖUNDIR“



fræðingar staðfesta að fyrsta heila ríkisár Artahsasta konungs (oftast nefndur Artaxerxes 1.) hafi verið 474 f.Kr. Tuttugasta ríkisárið var því 455 f.Kr. Þetta er upphafsárið sem miðað er við í Messíasarspádómi Daníels.

Daníel tiltekur hve langur tími ætti að líða þangað til „hinn smurði höfðingi“ Messías kæmi. Spádómurinn nefnir fyrst „sjö sjöundir“ og síðan „sextíu og tvær sjöundir“ eða samanlagt 69 sjöundir.* Hve langur tími er það? Í sumum biblíuþýðingum er tekið fram að þetta séu sjöundir ára. Hver sjöund er sem sagt sjö ár. Það var vel þekkt meðal Gyðinga fornaldar að telja í sjö ára einingum. Til dæmis var hvíldarár hjá þeim sjöunda hvert ár. (2. Mósebók 23:10, 11) Hinar 69 sjöundir í spádóminum samsvara því 69 sinnum 7 eða 483 árum.

Nú er ekki annað eftir en að telja. Ef við teljum 483 ár frá 455 f.Kr. ber okkur niður á árið 29 e.Kr. Það var einmitt árið sem Jesús lét skírast og varð Messías!# (Lúkas 3:1, 2, 21, 22) Þetta hlýtur að teljast eftirtektarverð uppfylling á biblíuspádómi.

* Ljóst er af samhengi þessara orða, til dæmis versinu á eftir (Daníel 9:26), að tölurnar eiga að leggjast saman.

Frá 455 f.Kr. til 1 f.Kr. eru 454 ár. Frá 1 f.Kr. til 1 e.Kr. er eitt ár (núll-ár er ekki til). Og frá 1 e.Kr. til 29 e.Kr. eru 28 ár. Séu tölurnar þrjár lagðar saman er útkoman 483 ár. Jesús var „afmáður“ í sjötugustu áravíkunni, árið 33. (Daníel 9:24, 26) Sjá bækurnar *Gefðu gaum að spádómi Daníelsbókar*, 11. kafla, og *Insight on the Scriptures*, 2. bindi, bls. 899-901. Báðar eru gefnar út af Vottum Jehóva.

Jesús Kristur — hinn fyrirheitni Messías

TIL að auðvelda okkur að bera kennsl á frelsarann Messías innblés Jehóva Guð mörgum spámönnum Biblíunnar að gefa ítarlegar upplýsingar um fæðingu hans, þjónustu og dauða. Allir spádómarnir rættust á Jesú Kristi. Þeir eru

SPÁDÓMAR UM MESSÍAS

ATBURÐUR	SPÁDÓMUR	UPPFYLLING
Kominn af ættkvísl Júða	1. Mósebók 49:10	Lúkas 3:23-33
Fæddur af mey	Jesaja 7:14	Matteus 1:18-25
Kominn af Davíð konungi	Jesaja 9:7	Matteus 1:1, 6-17
Jehóva lýsir hann son sinn	Sálmur 2:7	Matteus 3:17
Menn trúa ekki á hann	Jesaja 53:1	Jóhannes 12:37, 38
Ríður inn í Jerúsalem á ösnufola	Sakaría 9:9	Matteus 21:1-9
Svikinn af nánum félagamönnum	Sálmur 41:10	Jóhannes 13:18, 21-30
Svikinn fyrir 30 silfurpeninga	Sakaría 11:12	Matteus 26:14-16
Þegir frammi fyrir ákærendum	Jesaja 53:7	Matteus 27:11-14
Hlutkesti varpað um fót hans	Sálmur 22:19	Matteus 27:35
Hæddur á kvalastaurnum	Sálmur 22:8, 9	Matteus 27:39-43
Ekkert bein hans brotið	Sálmur 34:21	Jóhannes 19:33, 36
Grafinn meðal ríkra	Jesaja 53:9	Matteus 27:57-60
Reistur upp áður en líkið rotnaði	Sálmur 16:10	Postulasagan 2:24, 27
Settur til hægri handar Guði	Sálmur 110:1	Postulasagan 7:56

ótrúlega nákvæmir og ítarlegir. Við skulum sjá dæmi um þetta með því að líta á fáeina spádóma um fæðingu Messíasar og bernsku hans.

Jesaja spámaður upplýsti að Messías myndi koma af Davíð konungi. (Jesaja 9:7) Sú varð líka raunin. — Matteus 1:1, 6-17.

Míka, annar spámaður Guðs, sagði fyrir að barnið myndi fæðast í „Betlehem Efrata“ og verða drottarni þegar fram liðu stundir. (Míka 5:1) Þegar Jesús fæddist voru til tveir bæir í Ísrael sem hétu Betlehem. Annar var nálægt Nasaret, norðarlega í landinu, en hinn nálægt Jerúsalem í Júda. Síðarnefndi bærinn var fyrr á tímum kallaður Efrata. Þar fæddist Jesús, rétt eins og sagði í spádóminum. — Matteus 2:1.

Í öðrum biblíuspádómi segir að sonur Guðs yrði kallaður „frá Egyptalandi“. Farið var með Jesú ungan til Egyptalands en fjölskyldan sneri aftur til Ísraels eftir að Heródes var dáinn. Þannig rættist spádómurinn. — Hósea 11:1; Matteus 2:15.

Í töflunni hér til vinstri eru tilteknir ritningarstaðir í dálknum „Spádómur“ þar sem fram koma ýmsar upplýsingar um Messías. Berðu þá saman við ritningarstaðina í dálknum „Uppfylling“. Það styrkir trú þína á að orð Guðs sé satt og rétt.

Þegar þú skoðar ritningarstaðina skaltu hafa í huga að spádómarnir voru skrifaðir öldum áður en Jesús fæddist. Sjálfur sagði hann: „Rætast [átti] allt það, sem um mig er ritað í lög-máli Móse, spámönnunum og sálmunum.“ (Lúkas 24:44) Og þú getur notað biblíuna þína til að sannreyna að þeir rættust í smáatriðum!

Sannleikurinn um föðurinn, soninn og heilagan anda

ÞEIR sem trúa þrenningarkenningunni segja að Guð sé samsettur úr þrem persónum, föðurnum, syninum og heilögum anda. Allar persónurnar eru sagðar vera jafnar, almáttugar og án upphafs. Þrenningarkenningin er sem sagt á þá lund að faðirinn sé Guð, sonurinn sé Guð og heilagur andi sé Guð en þó sé Guð aðeins einn.

Margir sem trúa þessari kenningu viðurkenna að þeir geti ekki útskýrt hana. Þeir halda engu að síður að hún sé kennd í Biblíunni. Athygli vekur að orðið „þrenning“ stendur hvergi í Biblíunni. Skyldi þá hugmyndin koma þar fram? Til að svara því skulum við líta á ritningarstað sem talsmenn þrenningarkenningarinnar vitna oft í henni til stuðnings.

„ORÐIÐ VAR GUÐ“

Í Jóhannesarguðspjalli 1:1 stendur: „Í upphafi var Orðið, og Orðið var hjá Guði, og Orðið var Guð.“ Síðar í sama kafla kemur greinilega fram að „Orðið“ sé Jesús Kristur. (Jóhannes 1:14) En þar sem Orðið er kallað Guð álykta sumir að sonurinn og faðirinn hljóti að vera hluti af einum og sama Guði.

Nú er rétt að hafa í huga að þessi biblíubók var upphaflega skrifuð á grísku og gríski textinn var síðan þýddur á önnur tungumál. Allmargir biblíuþýðendur sögðu hins vegar ekki: „Orðið var Guð“ í þessu versi af því að þekking þeirra á grísku máli Biblíunnar sagði þeim að annað orðalag væri heppilegra. Lítum á nokkur dæmi: „Logos [Orðið] var guðlegt.“ (*A New Translation of the Bible*) „Orðið var guð.“ (*The New Testament in an Improved Version*) „Orðið var hjá Guði og var sama eðlis og hann.“ (*The Translator's New Testament*) Samkvæmt orðalagi þessara þýðinga er Orðið ekki Guð sjálfur heldur „guð“ í þeim skilningi að það fer með háa stöðu meðal sköpunarvera Jehóva Guðs.* Hér merkir orðið „guð“ sem sagt „voldug vera“.

AFLAÐU ÞÉR NÁNARI UPPLÝSINGA

Fæstir kunna skil á biblíugrísku. Hvernig er þá hægt að vita hvað Jóhannes postuli átti við í raun og veru? Lítum á eftirfarandi dæmi: Kennari skýrir ákveðið efni fyrir nemendum sínum. Nemendurnir eru ekki sammála um það eftir

* Nánari útskýringu á Jóhannesi 1:1 má finna á bls. 24-25 í *Varðturninum* á ensku 1. nóvember 2008 sem gefinn er út af Vottum Jehóva.

á hvernig eigi að skilja skýringar kennarans. Hvernig eiga þeir að komast til botns í málinu? Þeir gætu beðið kennarann um nánari skýringar. Ítarlegri upplýsingar myndu eflaust veita þeim betri skilning á efninu. Þú gætir sömuleiðis glöggvað þig betur á Jóhannesi 1:1 með því að leita meiri upplýsinga í þessu sama guðspjalli um stöðu Jesú. Ef þú færð í hendur fleiri staðreyndir um málið ættirðu að geta komist að rétttri niðurstöðu.

Tökum sem dæmi orð Jóhannesar í 18. versni 1. kaflans: „Enginn hefur nokkurn tíma séð [alvaldan] Guð.“ Menn hafa hins vegar séð Jesú, soninn, því að Jóhannes segir: „Orðið [Jesús] varð hold, hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika, og vér sáum dýrð hans.“ (Jóhannes 1:14) Hvernig getur sonurinn þá verið hluti af alvöldum Guði? Jóhannes segir enn fremur að Orðið hafi verið „*hjá* Guði“. Varla er hægt að vera *hjá* sjálfum sér. Auk þess gerir Jesús skýran greinarmun á sjálfum sér og föðurnum á himnum eins og fram kemur í Jóhannesi 17:3. Þar kallar hann föðurinn „hinn eina sanna Guð“. Og undir lok guðspjallsins gerir Jóhannes eftirfarandi samantekt: „Þetta er ritað til þess að þér trúið, að Jesús sé Kristur, sonur Guðs.“ (Jóhannes 20:31) Við tökum eftir að Jesús er ekki kallaður Guð heldur sonur Guðs. Þessar viðbótarupplýsingar, sem er að finna í Jóhannesar-guðspjalli, sýna hvernig okkur ber að skilja Jóhannes 1:1. Jesús, Orðið, er „guð“ í þeim skilningi að hann er hátt settur en hann er ekki alvaldur Guð.

SANNREYNDU STAÐREYNDIR

Snúum okkur aftur að dæminu um kennarann og nemendurna. Segjum að sumir af nemendunum séu enn í vafa eftir að hafa hlustað á nánari skýringar hjá kennaranum. Hvað er þá til ráða? Þeir gætu leitað til annars kennara og spurt hann út í efnið. Ef sá staðfestir skýringar hins fyrri ættu efasemdir flestra nemendanna að vera úr sögunni. Ef þú ert ekki viss um hvað biblíuritarinn Jóhannes var að segja um samband Jesú og Guðs hins alvalda gætirðu leitað

nánari upplýsinga hjá öðrum biblíuritara. Tökum guðspjall Matteusar sem dæmi. Hann vitnar í orð Jesú um endalok núverandi heimskerfis: „Þann dag og stund veit enginn, hvorki englar á himnum né sonurinn, enginn nema faðirinn einn.“ (Matteus 24:36) Hvernig staðfesta þessi orð að Jesús sé ekki alvaldur Guð?

Jesús segir að faðirinn viti meira en sonurinn. Ef Jesús væri hluti af alvöldum Guði myndi hann hins vegar vita það sama og faðirinn. Faðirinn og sonurinn geta þar af leiðandi ekki verið jafnir. Sumir segja kannski að Jesús hafi haft tvenns konar eðli og þarna hafi hann talað sem maður. Segjum að það væri rétt. Hvað þá um heilagan anda sem á að vera þriðji hluti hins þríeina Guðs? Af hverju segir Jesús ekki að heilagur andi viti það sem faðirinn veit?

Með áframhaldandi biblúnámi kynnist þú fleiri ritningarstöðum sem tengjast þessu efni, og þeir staðfesta sannleikann um föðurinn, soninn og heilagan anda. — Sálmur 90:2; Postulasagan 7:55; Kólossubréfið 1:15.

Ættu kristnir menn að nota krossinn í tilbeiðslu sinni?

KROSSINN er elskaður og virtur af milljónum manna. Í *Íslenskri orðabók* er hann kallaður „tákn kristinnar trúar“. En ættu kristnir menn að nota krossinn í trúariðkun sinni?

Það er athyglisvert að Jesús Kristur dó ekki á krossi. Gríska orðið *stauros*, sem er yfirleitt þýtt „kross“, merkir fyrst og fremst „uppréttur rimill eða staur“. *The Companion Bible* segir: „[*Stauros*] merkir aldrei *tvö* tré lögð í kross undir einhverju horni. . . . Ekkert í grískum texta [Nýja testamentisins] gefur minnstu vísbendingu um að átt sé við tvo trébjálka.“

Á nokkrum stöðum nota biblíuritarar annað orð um aftökutækið sem notað var til að lífláta Jesú. Þetta er gríska orðið *xylon*. (Postulasagan 5:30; 10:39; Galatabréfið 3:13; 1. Pétursbréf 2:24) Orðið merkir einfaldlega „timbur“ eða „stafur, kylfa eða tré“.

Bókin *Das Kreuz und die Kreuzigung* (Krossinn og krossfestingin), eftir Hermann Fulda, varpar ljósi á það hvers vegna einfaldur staur var notaður við opinberar aftökur: „Ekki voru tré á öllum þeim stöðum þar sem opinberar aftökur fóru fram. Því var einföldum bjálka stungið niður í jörðina. Glæpamenn voru bundnir eða negldir á bjálkann með hendur teygðar upp og oft líka á fótum.“

En sterkustu sönnunina er að finna í orði Guðs. Páll postuli segir: „Kristur keypti oss undan bölvun lögmálsins með því að verða bölvun fyrir oss, því að ritað er: ‚Bölvaður er hver sá, sem á tré hangir.‘“ (Galatabréfið 3:13) Páll vitnar þarna í 5. Mósebók 21:22, 23 þar sem talað er greinilega um tré en ekki kross. Sá sem tekinn var af lífi með þessum hætti var álitinn „bölvaður“, þannig að varla hefur þótt við hæfi að kristnir menn skreyttu heimili sín með myndum af Kristi á aftökustaurnum.

Ekkert bendir til þess að þeir sem kölluðu sig kristna hafi notað krossinn við tilbeiðslu fyrstu 300 árin eftir dauða Krists. Heiðni keisarinn Konstantínus kom krossinum á framfæri sem trúartákni á fjórðu öld þegar hann snerist til svonefndrar kristni. Hvað sem Konstantínusi gekk til er ljóst að krossinn átti ekkert skylt við Jesú Krist. Raunar er krossinn heiðinn að uppruna. *New Catholic Encyclopedia* viðurkennir að „krossinn sé bæði að finna í menningarsamfélögum fyrir tíma kristninnar og utan hennar“. Í ýmsum öðrum heimildaritum er krossinn settur í samband við náttúrudýrkun og heiðna frjósemisdýrkun.

Þessu heiðna tákni var trúlega haldið á lofti í þeim tilgangi að auðvelða heiðnum mönnum að taka „kristna“ trú. Dýrkun heiðinna tákna er hins vegar fordæmd skýlaust í

Biblíunni. (2. Korintubrэф 6:14-18) Biblían leggur sөmuleiðis bann við hvers kyns skurðgoðadýrkun. (2. Mósebók 20: 4, 5; 1. Korintubrэф 10:14) Sannkristnir menn hafa því ærna ástæðu til að nota ekki krossinn í guðsdýrkun sinni.*

* Nánari upplýsingar um krossinn er að finna á bls. 89-93 í bókinni *Reasoning From the Scriptures* sem er gefin út af Vottum Jehóva.

Kvöldmáltíð Drottins haldin til heiðurs Guði

KRISTNUM mönnum er sagt að halda minningarhátíð um dauða Krists. Hún er líka þekkt sem kvöldmáltíð Drottins. (1. Korintubrэф 11:20) Hvaða þýðingu hefur hún og hvernær og hvernig á að halda hana?

Jesús Kristur innleiddi þessa hátíð að kvöldi páskadags árið 33. Gyðingar héldu páska einu sinni á ári, 14. dag mánaðarins nísan samkvæmt almanaki sínu. Dagurinn mun hafa verið reiknaður út frá vorjafndægnum þegar dagur og nótt eru hér um bil jafnlöng eða 12 stundir hvort. Mánuðurinn nísan hófst þegar nýtt tungl var sýnilegt næst jafndægnum á vori. Páskar voru haldnir 14 dögum síðar, eftir sólsetur.

Jesús hélt páska með postulum sínum, vísaði Júdasí Ískariót á dyr og innleiddi síðan kvöldmáltíð Drottins. Hún kom í staðinn fyrir páska Gyðinga og því átti aðeins að halda hana einu sinni á ári.

Í Matteusarguðspjalli segir svo frá: „Jesús [tók] brauð, þakkaði Guði, braut það og gaf lærisveinunum og



sagði: ‚Takið og etið, þetta er líkami minn.‘ Og hann tók kaleik, gjörði þakkir, gaf þeim og sagði: ‚Drekkið allir hér af. Þetta er blóð mitt, blóð sáttmálans, úthellt fyrir marga til fyrirgefningar synda.‘ — Matteus 26:26-28.

Sumir álíta að Jesús hafi breytt brauðinu í bókstaflegt hold sitt og víninu í blóð sitt. Líkami Jesú var hins vegar alheill þegar hann gaf postulunum þetta brauð. Átu þeir virkilega bókstaflegt hold hans og drukku blóð hans? Nei, það hefði verið mannát og skýlaust brot á lögum Guðs. (1. Mósebók 9:3, 4; 3. Mósebók 17:10) Samkvæmt Lúkasi 22:20 sagði Jesús: „Þessi kaleikur er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthellt.“ Breyttist kaleikurinn bókstaflega í ‚hinn nýja sáttmála‘? Auðvitað ekki, því að sáttmáli er samningur en ekki áþreifanlegur hlutur.

Brauðið og vínið eru því aðeins tákn. Brauðið táknar fullkominn líkama Jesú. Brauðið, sem hann notaði, var afgangsbrauð eftir páskamáltíðina en það var bakað ósýrt, án gers. (2. Mósebók 12:8) Súrdeig er oft notað í Biblíunni sem tákn um synd og spillingu. Brauðið táknar því hinn fullkomna líkama sem Jesús fórnaði. Hann var syndlaus. — Matteus 16:11, 12; 1. Korintubríf 5:6, 7; 1. Pétursbréf 2:22; 1. Jóhannesarbréf 2:1, 2.

Rauðvínið táknar blóð Jesú sem fullgildir nýja sáttmálann. Jesús sagði að blóði hans yrði úthellt „til fyrirgefningar synda“. Þannig geta menn orðið hreinir í augum Guðs og fengið aðild að nýja sáttmálanum við hann. (Hebreabréfið 9:14; 10:16, 17) Vegna þessa sáttmála geta 144.000 trúfastir kristnir menn farið til himna. Þeir þjóna síðan þar sem konungar og prestar til blessunar mannkyni. — 1. Mósebók 22:18; Jeremía 31:31-33; 1. Pétursbréf 2:9; Opinberunarbók-in 5:9, 10; 14:1-3.

Hverjir eiga að neyta af brauðinu og víninu á minningarhátíðinni? Rökrétt er að það séu aðeins þeir sem eiga aðild að nýja sáttmálanum, það er að segja þeir sem hafa

von um að fara til himna. Heilagur andi Guðs veitir þeim vissu fyrir því að þeir séu útvaldir til að verða konungar á himnum. (Rómverjabréfið 8:16) Þeir eiga einnig aðild að sáttmálanum við Jesú um ríkið. — Lúkas 22:29.

Hvað um þá sem eiga von um að lifa að eilífu í paradís á jörð? Þeir hlýða fyrirmælum Jesú og eru viðstaddir kvöldmáltíð Drottins, en þeir koma þangað sem áhorfendur en ekki þátttakendur. Vottar Jehóva halda kvöldmáltíð Drottins einu sinni á ári, eftir sólsetur kvöldið 14. nísan. Hátíðin er öllum kristnum mönnum mjög kær enda þótt það séu aðeins nokkrar þúsundir sem játa himneska von. Minningarhátíðin er gott tækifæri fyrir alla til að ígrunda hinn mikla kærleika Jehóva Guðs og Jesú Krists. — Jóhannes 3:16.

Hvað eru „sál“ og „andi“?

HVAÐ dettur þér í hug þegar þú heyrir minnst á „sál“ og „anda“? Margir trúa að þessi tvö hugtök merki að við mennirnir höfum eitthvað ósýnilegt og ódauðlegt innra með okkur. Þeir álíta að þessi ósýnilegi hluti mannsins yfirgefi líkamann og lifi áfram þegar líkaminn deyr. Svo útbreidd er þessi hugmynd að það kemur mörgum á óvart að hana skuli alls ekki vera að finna í Biblíunni. Hvað er þá sálin og hvað er andinn samkvæmt orði Guðs?

ORÐIÐ „SÁL“ Í BIBLÍUNNI

Lítum fyrst á sálina. Biblían var aðallega skrifuð á hebresku og grísku eins og þú kannski manst. Þegar biblíuritarar skrifuðu um sálina notuðu þeir hebreska orðið *nefes* og gríska orðið *psykhe*. Orðin tvö standa ríflega 800

sinnum í Biblíunni og þau eru alls staðar þýdd „sál“ í *New World Translation*. Þegar við skoðum hvernig orðið „sál“ er notað í Biblíunni kemur í ljós að það er aðallega notað um (1) menn, (2) dýr og (3) líf manna eða dýra. Lítum á nokkra ritningarstaði þar sem þessar þrjár merkingar koma fram.

Menn. „Á dögum Nóa . . . frelsuðust fáeinir — það er átta — sálir í vatni.“ (1. Pétursbréf 3:20) Hérna er orðið „sálir“ greinilega notað um fólk — um Nóa, eiginkonu hans, syni hans þrjá og konur þeirra. Í Jeremía 52:30 segir: „Tuttugasta og þriðja ríkisár Nebúkadresars herleiddi Nebúsaradan lífvarðarforingi 745 sálir af Júdabúum. Alls voru það 4600 sálir.“ Ljóst er að hér er einfaldlega átt við hve margar manneskjur voru herleiddar. Af öðrum ritningarstöðum, þar sem „sál“ er notað um fólk, má nefna 1. Mósebók 46:18; Jósúabók 11:11 og Postulasöguna 2:41.

Dýr. Í 4. Mósebók 31:28 stendur: „Þú skalt taka í skattgjald Drottni til handa af bardagamönnunum, þeim er í leiðangurinn fóru, eina sál af hverjum fimm hundruðum — af mönnum, nautgripum, ösnum og smáfénaði.“ Opinberunarbókin 16:3 segir: „Sérhver lifandi sál dó, sú er í hafinu var.“ Í þessum tveim ritningargreinum er notað sama orðið um nautgripi, asna, smáfénað og sjávardýr — orðið „sál“. Þetta er einnig gert á frummálinu í sköpunarsögu Biblíunnar í 1. Mósebók 1:20, 24.

Líf mannsins. Stundum er orðið „sál“ notað um líf mannsins. „Þú hefir frelsað sál mína frá dauða,“ sagði Davíð í einum af sálmum sínum. (Sálmur 56:14) Það var auðvitað líf Davíðs sem Jehóva frelsaði frá dauðanum. Lærisveinninn Jakob notaði orðið sál í svipaðri merkingu þegar hann skrifaði: „Hver sem snýr syndara frá villu vegar hans mun frelsa sálu hans frá dauða.“ (Jakobsbréfið 5:20) Í þessum ritningargreinum er orðið „sál“

augljóslega notað um líf mannsins. Fleiri dæmi um orðið „sál“ í þessari merkingu er að finna í Sálmi 97:10; Esekíel 13:19 og Matteusi 16:26.

Nánari athugun á Biblíunni leiðir í ljós að orðið „sál“ er hvergi nokkurs staðar sett í samband við hugtökin „eilífur“ eða „ó dauðlegur“. Biblían segir blátt áfram að mannsálin sé dauðleg og deyi. — Esekíel 18:4.

HVAÐ ER „ANDINN“?

Lítum nú á hvernig hugtakið „andi“ er notað í Biblíunni. Margir halda að „andi“ og „sál“ séu eitt og hið sama en svo er ekki. Ljóst er af Biblíunni að „andi“ og „sál“ eru tvennt ólíkt. Hver er munurinn?

Biblúritararnir notuðu hebreska orðið *rûah* og gríska orðið *pneuma* þegar þeir skrifuðu um „andann“. Merking orðanna kemur ágætlega fram í Biblíunni. Til dæmis segir í Sálmi 104:29: „Þú [Jehóva] tekur aftur anda [*rûah*] þeirra, þá andast þau og hverfa aftur til moldarinnar.“ Í Jakobsbréfinu 2:26 segir: „Líkaminn er dauður án anda [*pneuma*].“ Í þessum versum merkir „andinn“ það sem gefur líkamanum líf. Án andans er líkaminn dauður. Þess vegna er biblíuorðið *rûah* ekki aðeins þýtt „andi“ heldur einnig „lífsandi“. Guð sagði til dæmis um Nóaflóðið: „Ég læt vatnsflóð koma yfir jörðina til að tortíma öllu holdi undir himninum, sem lífsandi [*rûah*] er í.“ (1. Mósebók 6:17; 7:15, 22) „Andinn“ er því ósýnilegur kraftur (lífsneistinn) sem gæðir allar lífandi verur lífi.

Sálin og andinn eru ekki það sama. Líkaminn þarf andann til að hann virki, rétt eins og útvarpstæki þarf rafmagn til að virka. Hugsum okkur ferðaútvarpstæki. Það má orða það þannig að tækið lifni við þegar maður setur í það rafhlöður og kveikir á því. Ef rafhlöðurnar vantar er útvarpstækið dautt. Hið sama er að segja um útvarpstæki sem tekið er úr sambandi við veitustráuminn. Andinn er sambærilegur að því leyti að hann er krafturinn sem

gefur líkamanum líf. Og andinn hefur enga tilfinningu, né getur hann hugsað frekar en rafmagnið. Hann er ópersónulegt afl. En án þessa anda, lífskraftarins, „andast“ líkaminn og „hverfur aftur til moldarinnar“ eins og sálmaritarinn sagði.

Í Prédikaranum 12:7 er talað um dauða mannsins og þar segir: „Moldin [það er segja líkaminn] hverfur aftur til jarðarinnar, þar sem hún áður var, og andinn til Guðs, sem gaf hann.“ Líkaminn deyr og snýr aftur til uppruna síns, jarðarinnar, þegar andinn eða lífskrafturinn yfirgefur hann. Lífskrafturinn snýr sömuleiðis aftur til uppruna síns, til Guðs. (Jobsbók 34:14, 15; Sálmur 36:10) Þetta merkir ekki að lífskrafturinn svífi bókstaflega til himna heldur að vonin um að látinn maður lifni á ný hvílir í höndum Jehóva Guðs. Það er aðeins með krafti Guðs sem hægt er að gefa lífskraftinn til baka þannig að maðurinn lifi aftur.

Það er hughreystandi til þess að vita að það er einmitt þetta sem Guð ætlar að gera fyrir alla sem hvíla í gröf-inni. (Jóhannes 5:28, 29) Þegar upprisutíminn gengur í garð mun Jehóva mynda nýjan líkama handa þeim sem sofa dauðasvefni og lífga hann með því að blása anda eða lífskrafti í hann. Það verður ánægjulegur tími.

Ef þig langar til að fá meiri upplýsingar um hugtök-in „sál“ og „anda“, eins og þau eru notuð í Biblunni, geturðu leitað fanga í bæk-lingnum *Hvað verður um okkur þegar við deyjum?* og í bókinni *Reasoning From the Scriptures*, bls. 375-84. Bæði ritin eru gefin út af Vottum Jehóva.



Hvað eru Hel og dánarheimar?

HEBRESKA orðið *séol'* og samsvarandi grískt orð, *hades*, standa rúmlega 70 sinnum í frumtexta Biblíunnar. Bæði orðin eru tengd dauðanum. Þau eru oftast þýdd „Hel“ í íslensku biblíunni en nokkrum sinnum „dánarheimar“ og „undirheimar“. Fá tungumál eiga til orð sem eru nákvæmlega sömu merkingar og frummálsorðin tvö í Biblíunni. Hvað merkja *séol'* og *hades*? Við skulum kanna hvernig þau eru notuð á nokkrum stöðum í Biblíunni.

Í Prédikaranum 9:10 stendur: „Í dánarheimum [*séol'*], þangað sem þú fer, er hvorki starfsemi né hyggindi né þekking né víska.“ Ber að skilja þetta svo að *séol'* sé gröfin þar sem við leggjum ástvin til hinstu hvíldar? Nei, þegar talað er um ákveðinn greftrunarstað í Biblíunni eru ekki notuð orðin *séol'* og *hades* heldur önnur hebresk og grísk orð. (1. Mósebók 23:7-9; Matteus 28:1) Orðið *séol'* er ekki heldur notað um greftrunarstað þar sem nokkrir eru jarðaðir saman, svo sem fjöldagröf eða fjölskyldugrafreit. — 1. Mósebók 49:30, 31.

Hvers konar staður er þá *séol'*? Af Biblíunni má ráða að *séol'* eða *hades* sé annað og meira en stór fjöldagröf. Til dæmis segir í Jesaja 5:14 að „Hel [*séol'*] glenni ginið sem mest hún má“. *Séol'* virðist aldrei fá nóg þó að hún sé búin að gleypa látið fólk í hrönnum ef svo má að orði komast. (Orðskviðirnir 30:15, 16) „Dánarheimar [*séol'*] . . . eru óseðjandi“, ólíkt bókstaflegum grafreit sem rúmar aðeins takmarkaðan fjölda látinna. (Orðskviðirnir 27:20) *Séol'* fyllist aldrei. Hún tekur endalauast við. *Séol'* eða *hades* er ekki bókstaflegur staður heldur sameiginleg gröf þeirra sem látnir eru, táknrænn staður þar sem menn sofa dauða-svefni.

Upprisukenning Biblíunnar gefur okkur gleggri innsýn í merkingu orðanna *séol'* og *hades*. Biblían setur þessi hug-

tök í samband við dauða fólks sem á sér upprisuvon.* (Jobsbók 14:13; Postulasagan 2:31; Opinberunarbókin 20:13) Enn fremur kemur fram í Biblíunni að í *séol'* eða *hades* er bæði fólk sem þjónaði Jehóva og margir sem þjónuðu honum ekki. (1. Mósebók 37:35; Sálmur 55:16) Biblían kennir því að „upp muni rísa bæði réttlátir og ranglátir“. — Postulasagan 24:15.

* Aftur á móti er sagt að dánir menn, sem verða ekki reistir upp frá dauðum, séu í „Gehenna“ en ekki í *séol'* eða *hades*. (Matteus 5:29, *Biblían 1912*, neðanmáls) Gehenna er ekki bókstaflegur staður frekar en *séol'* og *hades*.

Hvað er dómsdagur?

HVERNIG sérðu dómsdag fyrir þér? Margir ímynda sér hann þannig að milljarðar sálna séu leiddar hver af annarri fyrir háseti Guðs og fái þar sinn dóm. Sumar hljóti himneska sælu að launum en aðrar verði dæmdar til eilífra kvala. Biblían dregur upp allt aðra mynd af þessu tímabili. Hún lýsir dómsdegi ekki sem tíma ógnar og skelfingar heldur tíma vonar og endurreisnar.

Við getum lesið lýsingu Jóhannesar postula á dómsdegi í Opinberunarbókinni 20:11, 12. Þar stendur: „Ég sá mikið hvítt háseti og þann, sem í því sat. Og fyrir ásjónu hans hvarf himinn og jörð og þeirra sá engan stað. Og ég sá þá dauðu, stóra og smáa, standa frammi fyrir hásetinu, og bókum var lokið upp. Og annarri bók var lokið upp og það er lífsins bók. Og hinir dauðu voru dæmdir, eftir því sem ritað var í bókunum, samkvæmt verkum þeirra.“ Hver er dómariinn sem situr þarna?

Jehóva Guð er æðsti dómari mannkyns. Hann hefur hins vegar falið öðrum að fella sjálfa dómana. Páll postuli segir í Postulasögunni 17:31 að Guð hafi „sett dag, er hann mun láta mann, sem hann hefur fyrirhugað, dæma

heimsbyggðina með réttvísi“. Þessi dómari er hinn upprisni Jesús Kristur. (Jóhannes 5:22) En hvenær hefst dómsdagur og hve langur er hann?

Í Opinberunarbókinni kemur fram að dómsdagur hefjist eftir Harmagedónstriðið þegar kerfi Satans verður eytt.* (Opinberunarbókin 16:14, 16; 19:19–20:3) Eftir Harmagedón verða Satan og illu andarnir fangelsaðir í undirdjúpi í þúsund ár. Þessi þúsund ár munu 144.000 samerfingar Krists gegna hlutverki dómara og ríkja með honum. (Opinberunarbókin 14:1-3; 20:1-4; Rómverjabréfið 8:17) Dómsdagur er ekki bara einn sólarhringur þar sem allir eru dæmdir með hraði heldur er hann þúsund ára langur.

Á þessum þúsund árum mun Jesús Kristur „dæma . . . lifendur og dauða“. (2. Tímóteusarbréf 4:1) „Lifendur“ eru „mikill múgur“ manna sem lifir af Harmagedónstriðið. (Opinberunarbókin 7:9-17) Jóhannes postuli sá einnig „þá dauðu . . . standa frammi fyrir hásetinu“ þar sem dómurinn fer fram. Eins og Jesús lofaði munu „þeir, sem í gröfunum eru . . . heyra raust hans og ganga fram“ þegar þeir verða reistir upp frá dauðum. (Jóhannes 5:28, 29; Postulasagan 24:15) En eftir hverju verða allir dæmdir?

Í sýn Jóhannesar postula segir: „Bókum var lokið upp . . . og hinir dauðu voru dæmdir, eftir því sem ritað var í bókunum, samkvæmt verkum þeirra.“ Geyma þessar bækur upplýsingar um verk manna í fortíðinni? Nei, dómurinn verður ekki byggður á verkum manna fyrir dauðann. Hvernig vitum við það? Biblían segir: „Sá, sem dauður er, er leystur frá syndinni.“ (Rómverjabréfið 6:7) Menn eru sem sagt með hreinan skjöld þegar þeir rísa upp frá dauðum. Bækurnar hljóta því að innihalda frekari upplýsingar um kröfur Guðs. Til að lifa að eilífu þurfa bæði hinir upprisnu og þeir sem lifa af Harmagedón að hlýða boðorðum Guðs,

* Finna má upplýsingar um Harmagedón í *Insight on the Scriptures*, 1. bindi, bls. 594-95, 1037-38 og bæklingnum *Haltu vöku þinni*, bls. 12-19. Bæði ritin eru gefin út af Vottum Jehóva.

þar á meðal nýjum fyrirmælum sem hann kann að gefa á þessum þúsund árum. Fólk verður dæmt á grundvelli þess sem það gerir *meðan* dómsdagurinn stendur yfir.

Á dómsdegi fá milljarðar manna tækifæri í fyrsta sinn til að kynnast vilja Guðs og laga sig að honum. Það hefur í för með sér umfangsmikið fræðslustarf og „þá læra byggjendur jarðríkis réttlæti“. (Jesaja 26:9) Ekki vilja þó allir laga sig að vilja Guðs. Í Jesaja 26:10 segir: „Sé hinum óguðlegu sýnd vægð, læra þeir eigi réttlæti. Þá fremja þeir órétt í því landi, þar sem réttlæti skal ríkja, og gefa ekki gætur að há-tign Drottins.“ Óguðlegir menn verða líflátnir fyrir fullt og allt á dómsdegi. — Jesaja 65:20.

Þegar dómsdegi lýkur eru eftirlifandi menn orðnir fullkomnir og eru því ‚lifnaðir‘ að fullu. (Opinberunarbókin 20:5) Á dómsdegi endurheimtir mannkynið með öðrum orðum fullkomleikann sem það hafði í upphafi. (1. Korintubríf 15:24-28) Þá fer fram lokapróf. Satan verður sleppt úr fangelsinu og hann fær þá að gera síðustu tilraun til að afvegaleiða mannkynið. (Opinberunarbókin 20:3, 7-10) Þeir sem standa gegn honum fá að sjá fyrirheit Biblíunnar í Sálmi 37:29 rætast að fullu: „Hinir réttlátu fá landið til eignar og búa í því um aldur.“ Já, dómsdagur verður til blessunar fyrir alla trúfasta menn.

1914 — mikilvægt ár í spádómum Biblíunnar

BIBLÍUNEMENDUR höfðu boðað nokkrum áratugum áður að þýðingarmiklir atburðir myndu eiga sér stað árið 1914. Hvaða atburðir voru þetta og hvað bendir til þess að árið 1914 sé svona sérstakt?

Jesús sagði í Lúkasi 21:24: „Jerúsalem verður fótum troðin af heiðingjum, þar til tímar heiðingjanna eru liðnir.“

Jerúsalem hafði verið höfuðborg Gyðinga, stjórnarsetur konunga af ætt Davíðs. (Sálmur 48:2, 3) Þessir konungar höfðu sérstöðu meðal þjóðhöfðingja heims því að þeir voru „konungar Drottins í háseti“, það er að segja fulltrúar Jehóva Guðs. (1. Kroníkubók 29:23) Jerúsalem var því tákn um stjórn Jehóva.

Hvernig og hvenær bar það til að stjórn Guðs var „fótum troðin af heiðingjum“? Það gerðist árið 607 f.Kr. Þegar Babýloníumenn unnu Jerúsalem. Nú sat enginn „konungur Drottins í háseti“ lengur og hlé varð á stjórn konunga af ætt Davíðs. (2. Konungabók 25:1-26) Yrði „Jerúsalem . . . fótum troðin“ að eilífu? Nei, því að í spádómi Esekíels segir um Sedekía, síðasta konunginn í Jerúsalem: „Burt með höfuðdjásnið, niður með kórónuna! . . . Þetta ríki skal ekki heldur vera til, uns sá kemur, sem hefir réttinn, er ég hefi gefið honum.“ (Esekíel 21:26, 27) Jesús Kristur „hefir réttinn“ til

„SJÖ TÍÐIR“

2520 ár

606 1/4 ár

Október 607 f.Kr. til
31. desember árið 1 f.Kr.

1913 3/4 ár

1. janúar árið 1 e.Kr. til
október 1914

607

◀ f.Kr. e.Kr. ▶

1914

„Jerúsalem verður
fótum troðin af
heiðingjum“

„Sá kemur,
sem hefir réttinn“



hásætis Davíðs. (Lúkas 1:32, 33) Hætt yrði að „fótum troða Jerúsalem“ þegar hann tæki við konungdómi.

Hvenær átti þessi merkisatburður að eiga sér stað? Jesús benti á að heiðnum þjóðum væri skammtaður ákveðinn tími. Í 4. kafla Daníelsbókar er að finna upplýsingar sem gera okkur kleift að reikna út tímalengdina. Þar segir frá spádómlegum draumi sem Nebúkadnesar konung í Babýlon dreymdi. Í draumnum sá hann risastórt tré sem var höggvið niður og stofninn var bundinn fjötrum af járnri og eiri svo að hann gat ekki vaxið að nýju. Engill lýsti yfir: „*Sjö tíðir* skulu yfir hann líða.“ – Daníel 4:10-16.

Tré eru stundum notuð í Biblíunni til að tákna stjórnir. (Esekíel 17:22-24; 31:2-5) Með því að höggva hið táknræna tré var gefið til kynna að hlé yrði á stjórn Guðs sem konungarnir í Jerúsalem voru fulltrúar fyrir. Sýnin boðaði samt sem áður að „Jerúsalem yrði fótum troðin“ aðeins um tíma eða í „sjö tíðir“. Hve langur tími er það?

Af Opinberunarbókinni 12:6, 14 má sjá að þrjár og hálf tíð samsvara „eitt þúsund og tvö hundruð og sextíu dögum“. (Sjá *Biblíuna* 1912) „Sjö tíðir“ hljóta þá að vera helmingi lengri eða 2520 dagar. En heiðnar þjóðir hættu ekki að „fótum troða“ stjórn Guðs 2520 dögum eftir fall Jerúsalem. Ljóst er því að spádómurinn nær til mun lengri tíma. Sé miðað við 4. Mósebók 14:34 og Esekíel 4:6, þar sem talað er um eitt ár fyrir hvern dag, eru hinar „sjö tíðir“ 2520 ár.

Árin 2520 hófust í október árið 607 f.Kr. þegar Jerúsalem féll fyrir Babýloníumönnum og konunginum af ætt Davíðs var steypt af stóli. Þetta tímabil tók enda í október árið 1914. Þá lauk „tímum heiðingjanna“ og Jesús Kristur settist að völdum sem himneskur konungur í umboði Guðs.* – Sálmar 2:1-6; Daníel 7:13, 14.

* Frá október 607 f.Kr. til október árið 1 f.Kr. eru 606 ár. Ekki er til neitt nullár þannig að frá október árið 1 f.Kr. til október 1914 e.Kr. eru 1914 ár. Með því að leggja saman 606 og 1914 fáum við 2520 ár. Hægt er að lesa sér til um fall Jerúsalem árið 607 f.Kr. undir flettunni „Chronolgy“ (tímatil) í *Insight on the Scriptures*, gefin út af Vottum Jehóva.

Rétt eins og Jesús spáði hefur tíminn eftir komu hans sem konungur á himnum einkennst af afdrifaríkum atburðum í heimsmálum, svo sem styrjöldum, hungursneyðum, jarðskjálftum og drepsóttum. (Matteus 24:3-8; Lúkas 21:11) Þessir atburðir sýna svo ekki verður um villst að himneskt ríki Guðs hafi tekið til starfa árið 1914 og „síðustu dagar“ þessa illa heimskerfis, sem nú er, hafi hafist það ár. – 2. Tímóteusarbréf 3:1-5.

Hver er Míkael höfuðengill?

BIBLÍAN minnst ekki oft á andaveruna Míkael. Þegar hans er getið stendur hann hins vegar í stórræðum. Í Daníelsbók berst hann við illa engla, í Júdasarbréfinu deilir hann við Satan og í Opinberunarbókinni á hann í stríði við Satan og illu andana. Með því að verja stjórn Jehóva og berjast við óvini hans rís hann undir nafni en nafnið merkir „hver er Guði líkur?“ Hver er Míkael?

Stundum eru persónur þekktar undir fleiri en einu nafni. Attfaðirinn Jakob er líka þekktur undir nafninu Ísrael og Pétur postuli undir nafninu Símon, svo dæmi séu tekin. (1. Mósebók 49:1, 2; Matteus 10:2) Biblían gefur til kynna að Míkael sé annað nafn á Jesú Kristi, bæði fyrir og eftir veru hans á jörðinni. Lítum á biblíuleg rök fyrir þessari ályktun.

Höfuðengill. Í orði Guðs er Míkael kallaður „höfuðengillinn“. (Júdasarbréfið 9) Við tökum eftir að titillinn er með ákveðnum greini sem bendir til þess að aðeins sé til einn höfuðengill. Reyndar stendur orðið aðeins í eintölu í Biblíunni. Jesús er einnig nefndur í tengslum við stöðu höfuðengils. Sagt er um hinn upprisna Drottin Jesú Krist í 1. Þessaloníkubrési 4:16: „Sjálfur Drottinn mun stíga niður af himni með kalli, með höfuðengils raust.“ Þarna er Jesús

sagður tala með rödd höfuðengils. Af þessu versí má ráða að Jesús sé höfuðengillinn Míkael.

Foringi hersveitar. Í Biblíunni kemur fram að „Míkael og englar hans“ hafi barist við „drekann og engla hans“, þannig að Míkael er foringi hersveitar trúfastra engla. (Opinberunarbókin 12:7) Opinberunarbókin talar einnig um að Jesús fari fyrir hersveit trúfastra engla. (Opinberunarbókin 19:14-16) Og Páll postuli nefnir sérstaklega „Drottin Jesú“ og „engla máttar hans“. (2. Þessaloníkubréf 1:7) Biblían talar sem sagt bæði um Míkael og „engla hans“ og um Jesú og „engla hans“. (Matteus 13:41; 16:27; 24:31; 1. Pétursbréf 3:22) Hvergi kemur fram í Biblíunni að til séu tveir herir trúfastra engla á himnum, annar undir forystu Míkaels en hinn undir forystu Jesú. Það er því rökrétt að Míkael og Jesús Kristur í himnesku hlutverki hans séu ein og sama persónan.*

* Nánari upplýsingar um að nafnið Míkael sé notað um son Guðs má finna í bókinni *Insight on the Scriptures*, 2. bindi, bls. 393-94, gefin út af Vottum Jehóva.

Hvað er „Babýlon hin mikla“?

Í OPINBERUNARBÓKINNI er að finna alls konar tákn-mál sem ber ekki að skilja bókstaflega. Til dæmis er nefnd þar kona sem er með nafnið „Babýlon hin mikla“ skrifað á enni sér. Hún er sögð vera við vötn sem „eru lýðir og fólk“. (Opinberunarbókin 17:1, 5, 15) Hér er augljóslega um tákn-mál að ræða þannig að Babýlon hin mikla getur varla verið bókstafleg kona. Hvað táknar þá þessi skækja?

Í Opinberunarbókinni 17:18 er þessi sama kona kölluð „borgin mikla, sem heldur ríki yfir konungum jarðarinnar“. Orðið „borg“ gefur til kynna skipulagðan hóp fólks. Þar eð Babýlon hin mikla, hér nefnd „borgin mikla“, ræður

yfir „konungum jarðarinnar“ hlýtur hún að tákna samtök eða stofnun sem fer með völd á alþjóðavettvangi. Það má kalla hana heimsveldi. Hvers konar heimsveldi? Við getum dregið þá ályktun af nokkrum ritningarstöðum í Opinberunarbókinni að það sé trúarlegs eðlis.

Heimsveldi getur verið pólitískt, viðskiptalegt eða trúarlegt. Konan Babýlon hin mikla er ekki pólitískt veldi því að Biblían segir að „konungar jarðarinnar“, það er að segja stjórn málaöflin, hafi „drýgt saurlifnað með henni“. Með saurlifnaði er átt við sambönd sem hún á við valdhafa jarðar og bandalög sem hún hefur myndað við þá, og það skýrir hvers vegna hún er kölluð ‚skækjan mikla‘. — Opinberunarbókin 17:1, 2; Jakobsbréfið 4:4.

Babýlon hin mikla getur ekki verið viðskiptaveldi vegna þess að „kaupmenn jarðarinnar“, sem tákna viðskiptaöflin, harma eyðingu hennar. Bæði konungar og kaupmenn eru sagðir standa „langt frá“ og horfa á Babýlon hina miklu. (Opinberunarbókin 18:3, 9, 10, 15-17) Það er því eðlilegt að draga þá ályktun að Babýlon hin mikla sé hvorki pólitískt veldi né viðskiptalegt heldur trúarlegt.

Annað sem staðfestir að Babýlon hin mikla sé trúarveldi er að hún er sögð leiða allar þjóðir í villu með „töfrum“ sínum, það er að segja kukli og andatrúariðkunum. (Opinberunarbókin 18:23) Þar sem hvers kyns kukl og andatrú er trúarlegs eðlis og á upptök sín hjá illum öndum kemur ekki á óvart að Biblían skuli kalla Babýlon hina miklu „djöfla heimkynni“. (Opinberunarbókin 18:2; 5. Mósebók 18:10-12) Þessu mikla veldi er auk þess lýst þannig að það berjist gegn sannri trú og ofsæki ‚spámenn og heilaga‘. (Opinberunarbókin 18:24) Svo djúpstætt er hatur Babýlonar hinnar miklu á sannri trú að hún ofsækir grimmilega og myrðir jafnvel „Jesú votta“. (Opinberunarbókin 17:6) Konan Babýlon hin mikla táknar því greinilega heimsveldi falstrúarbragðanna en það eru öll trúarbrögð sem eru andsnúin Jehóva Guði.

Fæddist Jesús í desember?

BIBLÍAN tiltekur ekki hvenær Jesús fæddist. Hún gefur okkur þó ærna ástæðu til að álykta að það hafi ekki verið í desember.

Við skulum kanna hvernig veðurfar var á þeim árstíma í Betlehem þar sem Jesús fæddist. Mánuðurinn kislev samkvæmt almanaki Gyðinga (samsvarar nóvember-desember) var kaldur og rigningasamur. Á eftir honum kom tebet-mánuður (desember-janúar) en þá var kaldast í veðri þar um slóðir og snjóaði stundum á hálendi. Athugum hvað Biblían segir um veðurfar á þessu svæði.

Hjá biblíuritaranum Esra kemur fram að kalsaveður og rigningar hafi verið tíðar í kislev-mánuði. Esra segir að mannfjöldi hafi safnast saman í Jerúsalem „í níunda mánuðinum [kislev], á tuttugasta degi mánaðarins“ og nefnir síðan að fólkið hafi verið „skjálfandi . . . af því að stórrigning var“. Fólkið sagði sjálft um veðrið á þessum árstíma að

Fjárhirðar voru úti í haga með fénað sinn að nóttu til þegar Jesús fæddist.



Þetta væri „rigningatími, svo að vér getum ekki staðið úti“. (Esrabók 10:9, 13; Jeremía 36:22) Skiljanlegt er að fjárhirðar í þessum heimshluta hafi ekki verið úti undir berum himni með fénað sinn að næturlagi í desember.

Í Biblíunni kemur hins vegar fram að nóttina, sem Jesús fæddist, hafi fjárhirðar verið með fénað sinn úti í haga í grennd við Betlehem. Biblíuritarinn Lúkas segir: „Í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar“. (Lúkas 2:8-12) Fjárhirðarnir voru ekki bara á ferð með hjarðir sínar úti undir berum himni að degi til heldur líka *að nóttu til*. Ætli menn hafi verið utan dyra *allan sólarhringinn* í grennd við Betlehem í kalsaveðri og rigningatíð í desembermánuði? Nei, af þessari lýsingu má því ráða að Jesús hafi ekki fæðst í desember.*

Orð Guðs tiltekur nákvæmlega hvenær Jesús dó en gefur litlar beinar vísbendingar um það hvenær hann fæddist. Þetta minnir á orð Salómons konungs sem sagði: „Beta er gott mannorð en góð ilmsmyrsl og dauðadagur betri en fæðingardagur.“ (Prédikarinn 7:1) Það er því ósköp eðlilegt að Biblían skuli gefa miklar upplýsingar um þjónustu Jesú og dauða en segi fátt um fæðingartíma hans.

* Nánari upplýsingar er að finna á bls. 176-79 í bókinni *Reasoning From the Scriptures*, gefin út af Vottum Jehóva.

Ættum við að halda hátíðir?

MARGAR hátíðir, trúarlegar sem og aðrar, eru vinsælar víða um lönd en þær eru ekki af biblíulegum uppruna. Hver er þá uppruni þessara hátíða? Það getur verið athyglisvert fyrir þig að skoða handbækur í bókasafni til að kanna hvað þær segja um vinsælar hátíðir og hátíðisdaga. Lítum á örfá dæmi.

Páskar. Í tímans rás hafa verið teknir upp margir heiðnir siðir í tengslum við páska, en páskar voru upphaflega haldnir til að minnast brottfarar Ísraelsmanna frá Egyptalandi. „Ýmis algeng tákn um frjósemi og nýtt líf tengjast [páskum], s.s. egg, hérar og kanínur,“ að sögn *Íslensku alfræðiorðabókarinnar*.

Áramótafagnaður. Áramótafagnaður er með breytilegu sniði frá einu landi til annars og tímasetningin sömu-leiðis. Um upphaf þessa fagnaðar segir alfræðibók: „Júlíus Sesar Rómarmeisari ákvað árið 46 f.Kr. að nýársdagur skyldi vera 1. janúar. Rómverjar helguðu daginn guðinum Janusi en hann var guð dyra, hliða og upphafs. Janúarmánuður er nefndur eftir honum. Janus hafði tvö andlit. Horfði annað fram á við en hitt til baka.“ (*The World Book Encyclopedia*) Áramótafagnaður er því byggður á heiðnum hefðum.

Hrekkjavaka. Alfræðibókin *The Encyclopedia Americana* segir: „Rekja má ýmsa þætti hrekkjavöku til trúarathafna drúida [forn-keltneskra presta] frá því fyrir daga kristinnar. Keltar héldu hátíðir sem voru helgaðar tveim höfuðguðum – guði sólarinnar og guði dauðra . . . en hátíð hans var haldin 1. nóvember sem var nýársdagur kelta. Hátíð dauðra var smám saman felld inn í helgisiði kristinna manna.“

Aðrir hátíðisdagar. Ekki eru tók á að fjalla um allar þær hátíðir sem haldnar eru út um heiminn. Rétt er þó að nefna að hátíðisdagar, sem haldnir eru til heiðurs mönnum eða stofnunum manna, eru Jehóva ekki að skapi. (Jeremía 17:5-7; Postulasagan 10:25, 26) Þá ber einnig að hafa í huga að uppruni trúarlegra hátíða ræður miklu um það hvort þær eru Guði þóknanlegar eða ekki. (Jesaja 52:11; Opinberunarbókin 18:4) Þær biblíulegu meginreglur, sem nefndar eru í 16. kafla bókarinnar, ættu að auðvelda þér að ákvarða hvernig Guð lítur á þátttöku í hátíðum sem eru ekki trúarlegs eðlis.

Óskarðu nánari upplýsinga?

Hafðu þá samband við Votta Jehóva á vefsíðunni **www.jw.org**.



Má bjóða þér ókeypis biblíunámskeið?



TM



bh-C
131211